

ÁRSSKÝRSLA 2003–2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

### **Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins**

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

---

# ÁRSSKÝRSLA 2003–2004

AÐALFUNDUR  
4. MAÍ 2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

**EFNISYFIRLIT**

Ávarp formanns . . . . .	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins . . .	4
2. kafli: Efnahags- og atvinnumál . . . . .	7
3. kafli: Kjara- og samningamál . . . . .	11
4. kafli: Stofnanir á vinnumarkaði . . . . .	19
5. kafli: Jafnréttismál . . . . .	22
6. kafli: Lífeyrismál . . . . .	23
7. kafli: Umhverfismál . . . . .	25
8. kafli: Alþingi og dómstólar . . . . .	27
9. kafli: Alþjóðamál . . . . .	30
10. kafli: Menntastarf Samtaka atvinnulífsins . . . . .	35
11. kafli: Útgáfa og kynning . . . . .	40
12. kafli: Rekstur samtakanna, innra starf og skipulag . . . . .	43
Skipurit Samtaka atvinnulífsins . . . . .	46
Áritun endurskoðanda . . . . .	47
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2003 . . . . .	48
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA . . . . .	50

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Gústaf Adolf Skúlason

Ljósmyndir: Sigurður Stefán Jónsson, Kristján Maack, Bragi Þór Jósefsson, Charlotta, Haukur Snorrason o.fl.

Hönnun og umbrot: Árni Pétursson, Odda hf.

Prentvinnsla Oddi hf.

# ÁVARP FORMANNS



**Ingimundur Sigurpálsson**  
formaður Samtaka atvinnulífsins

Vinna við undirbúning og gerð kjarasamninga hefur borið hæst í starfsemi Samtaka atvinnulífsins undanfarið ár. Á sama tíma hafa samtökin jafnframt sinnt ýmsum verkefnum, sem tengjast framgangi stóriðjuframkvæmda, enda hafa þau gert aðildar- og þjónustusamninga við þau erlendu fyrirtæki, sem helst tengjast framkvæmdum á Reyðarfirði og við Kárahnjúka. Þá hafa Samtök atvinnulífsins að vanda beitt sér í ýmsum málum, sem lúta að starfsumhverfi fyrirtækja, en þar má nefna bætt aðgengi erlends starfsfólks að íslenskum vinnumarkaði, hófsemi í reglusetningu og ýmsar umbætur á sviði fræðslumála, skattamála og vinnuverndarmála.

Ánægjulegt er að sjá, að hagvöxtur fór vaxandi á síðasta ári eftir nokkurn samdrátt árið áður. Þá hefur verið áhugavert að fylgjast með framgangi í einkavæðingu ríkisfyrirtækja, sem lengi hefur verið eitt af baráttumálum Samtaka atvinnulífsins. Á hinn bóginn hefur íslenskt atvinnulíf áfram þurft að búa við hærrí vaxtakostnað en erlendir keppinautar auk þess sem sterkt gengi krónunnar hefur valdið erfiðleikum í rekstri í ýmsum atvinnugreinum. Þessum aðstæðum hefur atvinnulífið mætt með hagræðingu, sem fram kemur í aukinni framleiðni vinnuafis, en áætlað er að hún nemi allt að 9% á síðustu tveimur árum.

Þensluáhrif stóriðjuframkvæmda hafa til þessa reynst minni á íslenskt efnahagslíf en almennt var ætlað. Á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins á síðasta ári var á það bent, að áhrif stóriðjuframkvæmda kynnu að vera ofmetin, þar sem minna væri gert úr jákvæðum áhrifum af aðild Íslands að samevrópskum vinnu- markaði og háu tæknistigi framkvæmdanna en efni væru til. Á það var jafnframt bent, að miklu skipti að gæta aðhalds í opinberum útgjöldum svo koma mætti í veg fyrir vaxtahækkunar, sem leiddu til versnandi afkomu atvinnuveganna, svo og að stuðla að greiðum aðgangi erlends starfsfólks að íslenskum vinnu- markaði meðan á umfangsmiklum framkvæmdum stæði. Nýleg ákvörðun stjórnvalda um að fresta gildistöku ákvæða um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum að Evrópska efnahagssvæðinu verður þó að teljast skiljanleg í ljósi þess að nær öll önnur aðildarríki EES hafa tekið slíka ákvörðun. Vert er að hafa í huga, að um er að ræða tímabundna ákvörðun til tveggja ára, en mikilsvert er að fylgja meginákvæðum samþykktu um frjálsa för á Evrópska efnahagssvæðinu að þeim tíma liðnum.

Aukið frelsi á fjármálamarkaði og einkavæðing ríkisfyrirtækja hafa leyst úr læðingi mikinn kraft í efnahags- og viðskiptalífi landsmanna og gert því kleift að sækja fram sem aldrei fyrr. Landsmenn hafa notið árangurs þess í bættum lífskjörum, sem fram koma í um þriðjungs hækkun á kaupmætti á síðustu átta árum. Miklum breytingum fylgir óhjákvæmilega nokkurt umrót og er mikilsvert að missa ekki sjónar á meginatriðum við slíkar aðstæður. Mikil umræða hefur verið um íslenskt atvinnulíf á undanförunum misserum og nú síðustu mánuði um siðferði í viðskiptum. Mikilvægt er, að viðskiptalífið eigi frumkvæði að því að styrkja umgjörð atvinnulífsins, en liður í því er að treysta reglur í samskiptum, sem stuðla að góðum stjórnarháttum. Samtök atvinnulífsins tóku höndum saman við Verslunarráð Íslands og Kauphöll Íslands um útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Markmið útgáfunnar er að stuðla að góðum stjórnarháttum og er leiðbeiningunum ætlað að skýra hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum og auðvelda þeim þannig að rækja skyldur sínar. Auknu frelsi fylgir vissulega mikil ábyrgð og veltur á miklu að tryggja megi traust til viðskiptalífsins.

Þegar þetta er ritað hefur ekki náðst að ljúka samningum við alla viðsejendur Samtaka atvinnulífsins. Ágæt sátt ríkir á hinn bóginn um þá samninga, sem gerðir hafa verið. Þeir marka varanleg spor til langrar framtíðar, þar sem framlög í lífeyrissjóði eru nú aukin til þess að mæta auknum skuldbindingum samhliða lengri lífaldri og aukinni örorkubyrði. Ekki verður hjá því litið, að enn vex launakostnaður með nýjum kjarasamningum hraðar hér á landi en í nágrennalöndum okkar. Úr þeim mun hefur þó dregið og mun enn frekar draga á samningstímanum. Það er ekki síst að þakka vaxandi skilningi á því, að hóflegar launahækkunar skila mestum kaupmáttarauka svo sem reyndin sýnir. Aukinn launakostnaður, sem nýgerðir kjarasamningar fela í sér, er á fjögurra ára samningstíma metinn um 15% og telja Samtök atvinnulífsins þá aukningu réttlætianlega með hliðsjón af löngum samningstíma.

Sá stöðugleiki, sem nýir kjarasamningar leggja grunn að, er atvinnulífinu vissulega mikils virði og er því afar mikilvægt, að forsendur samninganna haldi. Þar skiptir miklu, að aðhalds verði gætt í fjármálum hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, og að opinberar stofnanir skili verulegum rekstrarafgangi, þannig að sporna megi gegn vaxandi eftirspurn í efnahagslífinu. Það er mat Samtaka atvinnulífsins, að samhliða samkeppnishæfu starfsumhverfi skapi nýgerðir kjarasamningar skilyrði til áframhaldandi sóknar í íslensku atvinnulífi og leggi þannig traustan grunn að frekari lífskjarabótum fyrir alla landsmenn.

# STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



## 1.1 AÐALFUNDUR SA 2003

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 29. apríl 2003. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

## 1.2 FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar.

Ingimundur Sigurpálsson formaður

Þorgeir Baldursson varaformaður  
Oddi hf.

Friðrik J. Arngrímsson  
Landssamband ísl. útvegsmanna

Gunnar Felixson  
Tryggingamiðstöðin hf.

Kristinn Björnsson

Sigurður Á. Sigurðsson  
Búr hf.

Vilmundur Jósefsson  
Gæðafæði ehf.

## 1.3 STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður

Þorgeir Baldursson varaformaður  
Oddi hf.

Arnar Sigurmundsson  
Samtök fiskvinnslustöðva

Baldvin Valdemarsson  
Slippstöðin ehf.

Bjarni H. Matthíasson  
Raflagnir Íslands ehf.

Eiríkur Tómasson  
Þorbjörn-Fiskanes hf.

Friðrik J. Arngrímsson  
Landssamband ísl. útvegsmanna

Gunnar Felixson  
Tryggingamiðstöðin hf.

Gunnar Tómasson  
Þorbjörn-Fiskanes hf.

Halldór J. Kristjánsson  
Landsbanki Íslands hf.

Jón Ásgeir Jóhannesson  
Baugur Group hf.

Kristinn Björnsson

Ólafur Ólafsson  
Samskip hf.

Rannveig Rist  
Alcan á Íslandi hf.

Signý Guðmundsdóttir  
Guðmundur Jónsson ehf.

Sigurður Helgason  
Flugleiðir hf.

Sigurður Á. Sigurðsson  
Búr hf.

Stefán Friðfinnsson  
Íslenskir aðalverktakar hf.

Sveinn S. Hannesson  
Samtök iðnaðarins

Vilmundur Jósefsson  
Gæðafæði ehf.

Þorsteinn Már Baldvinsson  
Samherji hf.

## 1.4 STJÓRN VINNUDEILUSJÓÐS SA

Arnar Sigurmundsson, SF  
Bjarni Ármannsson, Íslandsbanki hf.  
Þorgeir Baldursson, Oddi hf.

## 1.5 STJÓRN RÉTTARVERNDARSJÓÐS SA

Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ  
Jón Steindór Valdimarsson, SI  
Ragnar Árnason, SA

## 1.6 AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR PEIRRA

### Stjórn LÍÚ

Björgólfur Jóhannsson formaður  
Einar Valur Kristjánsson  
Eiríkur Tómasson  
Elfar Aðalsteinsson  
Guðbrandur Sigurðsson  
Guðrún Lárusdóttir

Haraldur Sturlaugsson  
Hjörtur Gíslason  
Kristján Loftsson  
Magnús Kristinsson  
Ólafur Marteinsson  
Ólafur Rögnvaldsson  
Sigurður Bjarnason  
Þorsteinn Már Baldvinsson  
Þorsteinn Erlingsson

### Stjórn SAF

Jón Karl Ólafsson formaður  
Anna Sverrisdóttir  
Hrönn Greipsdóttir  
Pétur Óskarsson  
Signý Guðmundsdóttir  
Stefán Eyjólfsson  
Steingrímur Birgisson

### Stjórn SART

Jens Pétur Jóhannsson formaður  
Arnbjörn Óskarsson  
Birgir Benediktsson  
Guðmundur G. Breiðfjörð  
Guðmundur H. Jóhannsson  
Gunnar H. Sigurðsson  
Jóhann Kristján Einarsson  
Magnús Gíslason  
Óskar Smári Haraldsson  
Reynir Ásberg Nielsson  
Sævar Óskarsson  
Tómas R. Zoëga

### Stjórn SF

Arnar Sigurmundsson formaður  
Aðalsteinn Helgason  
Einar Jónatansson  
Ellert Kristinsson  
Guðmundur Smári Guðmundsson  
Gunnar Larsen  
Gunnar Tómasson  
Hermann Stefánsson  
Jóhannes Pálsson  
Jón E. Friðriksson  
Kristján Hjaltason  
Kristján G. Jóakimsson  
Óskar Garðarsson  
Róbert Guðfinnsson  
Sigurður Viggósson  
Svavar Svavarsson  
Örn Viðar Skúlason

### Stjórn SFF

Hreiðar Már Sigurðsson formaður  
Finnur Ingólfsson  
Jón Sólnes

### Stjórn SI

Vilmundur Jósefsson formaður  
Eiður Haraldsson  
Guðlaugur Adolfsson  
Halla Bogadóttir  
Hreinn Jakobsson  
Hörður Arnarsson  
Sigurður Bragi Guðmundsson  
Þorsteinn Víglundsson

### Stjórn SVP

Sigurður Á. Sigurðsson formaður  
Brynjólfur Bjarnason



Einar Sigfússon  
Finnur Árnason  
Hjörleifur Jakobsson  
Ingvi I. Ingason  
Júlíus Jónsson

## 1.7 SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA Á AÐILD AÐ

### ATVINNULEYSI OG VINNUMIÐLUN

SA tilnefni í ýmis ráð og nefndir er varða atvinnuleysi og vinnumiðlun. *Sjá nánar 4. kafla ársskýrslunnar um stofnanir á vinnumarkaði.*

### ALPJÓÐAMÁL

**ILO-þing árið 2003 – fulltrúar SA**  
Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam. Jón H. Magnússon, SA

**Samráðsnefnd Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar**  
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

**Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga**  
Aðalm. Ragnar Árnason, SA  
Varam. Jón H. Magnússon, SA

**Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð**  
Ari Edwald, SA

**Ráðgjafarnefnd EFTA**  
Aðalm. Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA

**Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES**  
Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam. Jón H. Magnússon, SA

**Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins**  
Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam. Jón Rúnar Pálsson, SA

**Endurskoðun á skýrslu um áhrif alþjóðavæðingar á utanríkisviðskipti Íslendinga**  
Ari Edwald, SA

### EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

**Kjararannsóknarnefnd**  
Hannes G. Sigurðsson, SA  
Þorsteinn Þorgeirsson, SI  
Sigurður Jónsson, SVP

**Kaupskrárnefnd varnarsvæða**  
Aðalm. Hannes G. Sigurðsson, SA  
Varam. Ragnar Árnason, SA

**Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar**  
Aðalm. Jón H. Magnússon, SA  
Varam. Álfheiður M. Sivertsen, SA

**Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vititölu neysluverðs**  
Hannes G. Sigurðsson, SA

**Samráðshópur um opinber innkaup**  
Álfheiður M. Sivertsen, SA  
Brynja Halldórsdóttir, BYKO  
Kristrún Heimisdóttir, SI



**Nefnd SA og ASÍ um samningsforsendur**  
Ari Edwald, SA  
Hannes G. Sigurðsson, SA

### FÉLAGSDÓMUR

**Félagisdómur**  
Aðalm. Valgeir Pálsson, Tryggingamiðstöðin  
Varam. Pétur Guðmundarson, Logos  
lögmannsstofa

### JAFNRÉTTISMÁL

**Jafnréttisráð**  
Aðalm. Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Varam. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

### LIFEYRISJÓÐIR

SA tilnefni fulltrúa atvinnurekenda í stjórnir 14 lífeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. Framkvæmdastjórn SA tilnefni alls 37 aðalmenn og varamenn þeirra í stjórnirnar. *Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lífeyrismál.*

### MENNTAMÁL

SA tilnefni í ýmis ráð og nefndir er varða menntamál. *Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.*

**Vísinda- og tækniráð**  
Aðalm. Ingvar Kristinsson, Hugvít hf.  
Aðalm. Kristján Þórarinnsson, LIÚ  
Varam. Hilmar Janusson, Össur hf.  
Varam. Kristinn Andersen, Marel hf.

**Rannís – stýrihópur Nordika Íslands**  
Eggert Claessen, Tölvumyndir hf.

**Ráðgjafarnefnd Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarinnar**  
Sígfrús Thorarensen, ÍSTAK hf.

**Stjórn Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands**  
Hermann Kristjánsson, VAKI-DNG  
Davíð Stefánsson, Vefur – samskiptalausnir  
Guðrún Hálfánardóttir, Pharmaco

### SAMGÖNGUMÁL

**Flugráð**  
Aðalm. Jens Bjarnason, Icelandair ehf.  
Varam. Hallgrímur Jónsson, Icelandair ehf.  
Aðalm. Jón Karl Ólafsson, Flugfélag Íslands  
Varam. Friðrik Adolfsson, Flugfélag Íslands

**Hafnarráð**  
Aðalm. Friðrik J. Arngrímsson, LIÚ  
Varam. Ólafur J. Briem, SÍK

**Starfshópur um samgöngur til og frá Vestmannaeyjum**  
Arnar Sigurmundsson, SF

### UMHVERFISMÁL

**Nefnd um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002**  
Óskar Mariússon, SA

**Nefnd um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum**  
Ari Edwald, SA

**Framkvæmdarnefnd til að fylgja eftir framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi**  
Gísli Guðmundsson, Málning hf.

**Spilliefnanefnd**  
Aðalm. Óskar Mariússon, SA  
Varam. Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

**FENÚR, fagráð um endurvinnslu og úrgang**  
Tengiliður Óskar Mariússon, SA

**STENÚR, starfshópur um endurnýtingu úrgangs**  
Aðalm. Ingi Arason, Gámaþjónustan

**Sérstök sérfræðinefnd á vegum STENÚR**  
Óskar Mariússon, SA  
Ólafur Kjartansson, Úrvinnslusjóður

**Samráðshópur stjórnar Sorpu og SA**  
Óskar Mariússon, SA  
Ólafur Kjartansson, Úrvinnslusjóður  
Sigurður Jónsson, SVP

**Verkefnastjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma – faghópur III um þjóðmál, atvinnulíf og byggðáþróun**  
Óskar Mariússon, SA

**Umhverfisfræðsluráð**  
Óskar Mariússon, SA  
Jónína Gissurardóttir, SA

**Dagur umhverfisins 25. apríl – ákvörðun viðurkenninga**  
Óskar Mariússon, SA

### UPPLÝSINGA- OG TÖLVUMÁL

**Samráðshópur vegna þróunarverkefnis um íslenska upplýsingasamfélagið**  
Ari Edwald, SA

### VINNUVERND, ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI

**Vinnueftirlit ríkisins – stjórn**  
Aðalm. Óskar Mariússon, SA  
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam. Ásbjörn Einarsson, Mjöll-Frigg hf.  
Varam. Ragnheiður Héðinsdóttir, SI

**Vinnueftirlit ríkisins / starfsnefndir**  
*Fjárhagsnefnd* Hannes G. Sigurðsson, SA  
*Efnanefnd* Óskar Mariússon, SA  
*EES-nefnd* Óskar Mariússon, SA  
Jón Rúnar Pálsson, SA

*Heilsuvernd starfsmanna*  
Óskar Mariússon, SA  
Jón Rúnar Pálsson, SA

**Stjórn Vinnueftirlits í landbúnaði**

Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam. Óskar Mariusson, SA

**Verkefnisráð um réttindi til að stjórna vinnuvélum**

Árni Jóhannsson, SI

**Nefnd um málefni langveikra barna**

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

**Brunamálaráð**

Aðalm. Gestur Pétursson, Inpro  
Varam. Kári Arngrímsson, Keflavíkurverktakar

**Starfshópur vegna samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands**

Ari Edwald, SA

**Starfshópur um starfsendurhæfingu**

Ragnar Árnason, SA

**Starfshópur um flutning á hættulegum efnum um jarðgöng**

Gestur Guðjónsson, Olíudreifing hf.

**HEILBRIGÐISNEFNDIR****Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur**

Aðalm. Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.  
Varam. Erna Hauksdóttir, SAF

**Heilbrigðisnefnd Vesturlands**

Aðalm. Sigrún Pálsdóttir, Íslenska járnblendifélagið hf.  
Varam. Guðmundur Páll Jónsson, Haraldur Böðvarsson hf.

**Heilbrigðisnefnd Vestfjarða**

Aðalm. Einar Valur Kristjánsson, Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.  
Varam. Örn Ingólfsson, Póls-Rafeindavörur hf.

**Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra**

Aðalm. Steinar Svavarsson, Þormóður rammi-Sæberg hf.  
Varam. Rúnar Marteinson, Þormóður rammi-Sæberg hf.

**Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra**

Aðalm. Karl Karlsson, Norðlenska matborðið ehf.  
Varam. Guðmundur H. Sigurðarson, Byggir ehf.

**Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis**

Aðalm. Benedikt Jóhannsson, Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.  
Varam. Svanbjörn Stefánsson, Síldarvinnslan hf.

**Heilbrigðisnefnd Suðurlands**

Aðalm. Guðmundur Elíasson, KÁ  
Varam. Lúðvík Börkur Jónsson, Útg. Berghóll

**Heilbrigðisnefnd Suðurnesja**

Aðalm. Albert B. Hjálmarsson, Keflavíkurverktakar  
Varam. Stefán Sigurðsson, Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.

**Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarða- og Kópavogssvæðis**

Aðalm. Gestur Pétursson, InPro ehf.  
Varam. Örn Sigurðsson, Glerborg hf.

**Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis**

Aðalm. Þóra Gréta Þórisdóttir, Sigurplast hf.  
Varam. Bjarni Óli Haraldsson, Veislan-veitingaeldhús

**Hollustuháttaráð**

Aðalm. Óskar Mariusson, SA  
Varam. Ólafur Kjartansson, Úrvinnslusjóður  
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam. Jóngeir H. Hlinason, Atvinnuleysis-tryggingasjóður

**YMSAR NEFNDIR****Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands**

Gústaf Adolf Skúlason, SA

**Atvinnumálahópur á Húsavík**

Helgi Pálsson frkvstj., Skipaafgreiðsla Húsavíkur

**ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum**

Jón H. Magnússon, SA

**Staðlaráð Íslands – stjórn**

Aðalm. Víglundur Þorsteinsson, BM-Vallá hf.  
Varam. Óskar Mariusson, SA

**Nefnd um eftirfylgni með verðmyndun á garðyrkjuafurðum og ávöxtum**

Ari Edwald, SA

**Nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laganna**

Ari Edwald, SA

**Stjórn Styrktarsjóðs Félags íslenskra skipstjórnarmanna**

Aðalmaður. Sveinn Hjörtur Hjartarson, LÍÚ  
Varamaður. Jón H. Magnússon, SA

**Rýnihópur vegna þróunaráætlunar miðborgar Reykjavíkur**

Erna Hauksdóttir, SAF

**Samstarfsráð fyrir höfuðborgarsvæðið**

Ari Edwald, SA  
Sigurður Jónsson, SVP  
Erna Hauksdóttir, SAF  
Tómas Möller, Oliuverslun Íslands hf.

**Stjórn NEMIA**

Ari Edwald, SA

**Nefnd til að yfirfara stöðu leigumarkaðar og tillögur um hvernig megi auka framboð leiguhúsnæðis**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Samráðshópur um endurskipulagningu á húsnæðismarkaði og lánshlutfall í 90%**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Samráðshópur um launakannanir**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Samráðshópur um alþjóðlega reikningsskilastaðla IAS/IFRS**

María Sólbergsdóttir, Kaupþing Búnaðarbanki

**Nefnd um veðurbjónustu og veðurtengda öryggisþjónustu**

Guðrún Johnsen, SA

**Samráðshópur um stefnumótun framtíðarsýnar upplýsingasamfélagsins**

Haukur Oddsson, Íslandsbanki

**Nefnd til að gera tillögur að dreifilyklaskipulagi fyrir ríkið og um rafrænar undirskriftir o.fl.**

Guðmundur Ásmundsson, SI

**Stýrihópur um tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti í Evrópu**

Guðmundur Ásmundsson, SI

**Nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag flutnings raforku, þ.m.t. stærð flutningskerfisins, kerfisstjórnunar o.fl.**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaganna**

Sveinn Hannesson, SI

**Nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Starfshópur til að undirbúa lagasetningu um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga**

Guðrún Johnsen

**Stjórnarnefnd Leonardó áætlunarinnar**

Gústaf Adolf Skúlason, SA

**Ráðgjafarnefnd ESB um starfsþjálfun**

Kristófer M. Kristinnsson

**Nefndir á vegum UNICE**

Á vegum UNICE starfa margar nefndir og verkefnahópar. Í sumar þeirra eru starfsmenn samtakanna í Reykjavík skipaðir eða starfsmaður Evrópuskrifstofu atvinnulífsins í Brussel. *Sjá nánar um UNICE í kafla 9.*



# EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

## 2.1 ÓVÆNTUR HAGVAXTARKIPPUR 2003

Í kjölfar samdráttar í þjóðarbúskapnum árið 2002 var almennt búist við hægum bata á síðasta ári í aðdraganda fyrirsjáanlegrar uppsveiflu á komandi árum í tengslum við virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir. Það kom þess vegna nokkuð á óvart þegar Hagstofa Íslands birti í mars síðastliðnum bráðabirgðatölur um að hagvöxtur á síðasta ári hafi verið mun meiri en flestar spár stóðu til, eða 4,0%. Þetta er mjög mikill vöxtur, hvort sem litið er til hagsögunnar hérlendis undanfarna áratugi eða annarra ríkja sem við berum okkur saman við. Þjóðartekjur hækkuðu hins vegar töluvert minna, eða um 2,6%, vegna lakari viðskiptakjara gagnvart útlöndum. Vöxtur landsframleiðslunnar var borinn uppi af mikilli einkaneyslu og fjárfestingu og jukust því þjóðarútgjöldin langt umfram landsframleiðsluna sem leiddi til verulegs viðskiptahalla, 5,6% af landsframleiðslu. Í mars 2004 spáði Seðlabankinn áframhaldi hagvaxtar af svipaðri stærðargráðu og á síðasta ári, þ.e. 3,5% á þessu ári og 4,5% á því næsta. Greiningardeildir bankanna og fjármálaráðuneytið hafa dregið upp svipaða mynd sem meðal annars felur í sér að viðskiptahalli heldur áfram að vaxa.



## 2.2. VAXANDI VIÐSKIPTAHALLI

Þessi þróun beinir sjónum enn á ný að viðskiptahallanum og erlendri skuldaföfnun. Á árinu 2003 var viðskiptahallinn rúmir 45 milljarðar, 5,6% af landsframleiðslu, en árið 2002 voru utanríkisviðskiptin í sæmilegu jafnvægi. Þetta er svipaður halli og í þenslunni í lok síðasta áratugar sem þróaðist síðan í sögulegt hámark viðskiptahalla á árinu 2000, en þá nam hallinn rúmmum 67 milljörðum króna, sem nam 10% af landsframleiðslu. Líkur eru á því að það met verði jafnað eða slegið þegar virkjunar- og stóriðjuframkvæmdirnar ná hámarki á árinu 2006.


Það hefur komið nokkuð á óvart hversu hratt viðskiptajöfnuður fór versnandi fram eftir árinu 2003. Aukinn innflutningur fjárfestingarvöru vegur þó þungt en lægð í útflutningi og óvenjulega mikill vöxtur einkaneyslu kemur einnig til. Vaxandi viðskiptahalli hlýtur að valda stjórnvöldum áhyggjum og hafa áhrif á áherslur í hagstjórn, ekki síst ríkisfjármálum, á næstu árum. Ef ekki dregur úr þeim hluta viðskiptahallans sem rætur á í vexti einkaneyslu er hætt við að gengi krónunnar gæti fallið verulega sem myndi ógna verðbólguþröskulmiði Seðlabankans.

Einkaneysla, sem jókst um 6,4% frá fyrra ári,

átti rætur sínar í auknum kaupmætti launa, hækkun eignaverðs og væntingum um bættan efnahag. Mikil aukning einkaneyslu í fyrra umfram kaupmáttaraukningu bendir til þess að heimilin hafi spennt bogann of hátt og að þörf verði aðlögunar að lægra neyslustigi innan skamms. Best væri að það gerðist án þess að Seðlabankinn þurfi að grípa til vaxtahækkana.


Það skiptir miklu fyrir stöðugleika efnahagslífsins á komandi árum að vel takist til við stjórn opinberra fjármála. Undanfarnir tvö ár hefur tekjuförkoma hins opinbera verið neikvæð eftir langt tímabil jákvæðrar afkomu. Áherslan í ríkisfjármálunum er hins vegar sveiflujafnandi, þ.e. að vöxtur ríkisins verði mun minni en hagvöxtur, þannig að það veltur á skilvirkri framkvæmd fjárlaga að markmið náist. Þar er ekki síst litið til þess að það takist að hemja vöxt heilbrigðiskerfisins, að kjarasamningar ríkisins við starfsmenn sína verði innan þess ramma sem skapaður hefur verið með kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og að

### Hagvöxtur á Íslandi og í OECD-ríkjunum



Heimild: Hagstofan, OECD, Seðlabankinn

### Viðskiptajöfnuður Hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofan, Seðlabankinn

aðhald í launamálum ríkisstofnana verði aukið frá því sem verið hefur.


### 2.3 VERÐBÓLGA UNDIR MARKMIÐI

Frá því að verðbólga komst niður fyrir verðbólgu-markmið Seðlabankans í árslok 2002 hefur verðhækkun á fasteignamarkaði verið megindrífkraftur verðbólgunnar. Þannig var verðbólgan á Íslandi 1,8% í mars 2004 (miðað við síðustu 12 mánuði) en aðeins 0,7% án húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs. Samanburður á verðlagsþróun hér á landi og erlendis, sem er gerður með hinni samevrópsku vísitölu neysluverðs sem tekur ekki til íbúðarhúsnæðis, sýnir að verðbólga undanfarið eitt og hálf átt ár hefur verið minni hér á landi en að meðaltali í EES-ríkjunum. Ástæðan fyrir þessari hægu verðlagsþróun hér á landi, þrátt fyrir meiri launahækkunir hér á landi en í öðrum EES-ríkjum, er líklega að mestu vegna hækkunar á gengi krónunnar.

Innfluttar vörur vege rúmlega þriðjung í vísitölu neysluverðs og gengi krónunnar hækkaði um 6,4% að meðaltali árið 2003. Þótt gengisbreytingar skili sér ekki strax út í verðlag gera þær það að mestu með tíð og tíma. Gengishækkun af þeirri stærðargráðu sem varð á síðasta ári hefur þannig þau áhrif að verðlag mun lækka, eða hækka minna en, sem nemur 2% af heildarvöruverði þegar öll áhrif eru komin fram.


Mikil hækkun á verði húsnæðis undanfarið ár bendir til þess að verðið hafi náð hámarki, að minnsta kosti að raungildi. Mikil fjárfesting í íbúðarhúsnæði á árinu 2003, sem jókst um 13% frá fyrra ári, og mikil aukning í lánum íbúðalánasjóðs til nýbygginga bendir til þess að betra jafnvægi muni skapast á fasteignamarkaði á næstunni. Mikil hækkun á fasteignaverði umfram hækkun byggingarkostnaðar hlýtur smám saman að auka

### Launapróun á Íslandi og í viðskiptalöndunum m.v. almennar kostnaðarhækkunir, 1% launaskrið og spá OECD




Heimild: DA Lönstatistik, febrúar 2004, OECD Economic Outlook nr. 74

### Verðbólgan á Íslandi og á EES-svæðinu



Heimild: Hagstofa Íslands

### Vísitala gengisskráningar




Heimild: Seðlabanki Íslands

framboð á húsnæði sem leiðir til þess að raunverð lækkar.

### 2.4 MIKLAR LAUNABREYTINGAR

Samkvæmt launakönnun Kjararannsóknarnefndar hækkuðu laun á almennum markaði um 5,1% á síðasta ári. Þessi taktur launabreytinga hefur haldist nokkuð jafn í kringum 5% frá því á miðju árinu 2002 en takturinn var enn hærri árin þar á undan. Í viðskiptalöndum Íslendinga hefur heldur hægt á launahækkunum undanfarið ár en þær voru tæplega 3% að jafnaði á síðasta ári. Hækkunir á launakostnaði hafa þannig verið tveimur þriðju hlutum meiri hér á landi en erlendis, en þær voru tvöfalt til þrefalt meiri á næstu árum þar á undan. Ekki eru horfur á því að þetta breytist mikið á næstunni þar sem búast má við því að breytingar á launakostnaði verði í kringum 5% á þessu og næsta ári. Það er ekki fyrr en á síðara hluta þess fjögurra ára samningstíma sem samist hefur um milli SA og verkalyðsfélaganna að búast má við því að taktur launabreytinga nálgist með-

### Hluttur launa og tengdra gjalda í verðmætasköpuninni (skiptingin milli launa og fjármagns)




Heimild: Eurostat, Hagstofa Íslands, mars 2004

altalið í viðskiptalöndunum en verði þó enn um þriðjungi hærra hér á landi.

### 2.5 HÁTT LAUNAHLUTFALL


Skipting virðisaukans sem verður til í atvinnurekstri milli launa og vergs rekstrarhagnaðar gefur mikilvæga vísbendingu um hag atvinnurekstrar. Samkvæmt nýjustu upplýsingum Hagstofunnar var hlutfall launanna 68,5% á síðasta ári. Launahlutfallið er mun hærra á Íslandi en hjá öðrum Evrópuþjóðum. Í Evrópusambandinu í heild var hlutfallið 57,4% árið 2002 og hefur verið til-  
tölulega stöðugt undanfarin ár. Á Íslandi er meðaltal síðustu 10 ára 65%. Hlutfallið hækkaði mikil árin 1998 og 1999 eða úr 62% í 69%. Það er umhugsunarefni hvort þetta háa hlutfall fái staðist til lengdar og hvort það muni ekki bitna á fjárfestingum og draga úr hagvexti í framtíðinni. Það hlýtur að teljast fremur ólíklegt að Íslendingar geti til langframa greitt mun hærra hlutfall af verðmætasköpuninni í laun en aðrar þjóðir. Hátt

### Framleiðni vinnuafis 2002-2003



Heimild: Hagstofa Íslands

### Atvinnuleysi – árstíðaleiðrétt



Heimild: Vinnuálfstofnun

launahlutfall sögulega séð og hærra en meðal viðskiptalanda okkar bendir til þess að afkoma í atvinnurekstri á Íslandi sé ófullnægjandi.

### 2.6 MIKIL FRAMLEIÐNIAUKNING

Aukin framleiðni er forsenda fyrir auknum kaupmætti og bættum hag. Vísbendingar eru um að framleiðni vinnuafis hafi aukist mikið bæði árið 2002 og 2003. Árið 2002 dróst landsframleiðslan saman um 0,5% en áætlað er að vinnuafis (margfeldi starfandi manna og meðalvinnutíma) hafi dregist saman um rúm 2% og framleiðni þannig aukist um 1,7%. Árið 2003 jókst landsframleiðsla um 4% en vinnuafis minnkaði um 2,6% þannig að framleiðni vinnuafis jókst um tæplega 7%. Þessar tölur um framleiðni síðasta árs verða þó aldrei mjög nákvæmar þar sem Hagstofan tók upp nýjar aðferðir við vinnuafis-  
könnun sína á árinu 2003, en mat á framleiðni-  
þróun byggist á niðurstöðum hennar um fjölda starfsmanna á vinnuafis og vinnutíma þeirra. Ef marka má tölur Hagstofunnar um framleiðslu og vinnuafis þá hefur framleiðni vinnuafis aukist um 8,6% samtals á árunum 2002 og 2003.

Framleiðni vinnuafis vex jafnan í upphafi efnahagsbata í hagkerfinu þegar vannytt framleiðslugeta er tekin í notkun. Minnkandi vinnuafisnotkun undanfarin tvö ár bendir til þess að vinnusparandi fjárfestingar fyrri ára, í tölvutækni og hugbúnaði, séu að koma fram með þessari töf.


### 2.7 VAXANDI ATVINNULEYSI

Þrátt fyrir mikinn hagvöxt í fyrra fór atvinnuleysi vaxandi frá fyrra ári, en það var 3,3% árið 2003 samanborið við 2,5% árið 2002. Hlutfallslegt atvinnuleysi, sem leiðrétt er fyrir árstíðarsveiflu, hefur farið vaxandi undanfarna mánuði þrátt fyrir mikinn uppgang í efnahagslífinu og veltuaukningu. Reynslan af virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka bendir til þess að bein áhrif þeirra til fækkunar á atvinnuleysissskrá hafa verið lítil, líklega vegna þess að á skránni er ekki starfsfólk með þá þekkingu sem leitað er eftir í slíkum framkvæmdum. Framkvæmdirnar hafa þar af leiðandi að mestu verið mannaðar með erlendu starfsfólki.

Eftirspurn eftir erlendu starfsfólki hefur haldist í hendur við minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli síðastliðin tvö ár. Á fyrstu mánuðum þessa árs hefur þessi þróun snúist við og hefur útgáfa atvinnuleyfa aukist frá sama tíma í fyrra. Hér gættir ugglaut áhrifa af umsóknum aðalverktakans við Kárahnjúkavirkjun um atvinnuleyfi vegna starfsmanna sinna af þjóðerni utan EES. Þá voru laus störf sem auglýst voru hjá opinberum vinnu-

**Samkeppnisstaða**

Raugengi krónunnar miðað við laun (1980 = 100)



Heimild: Seðlabanki Íslands

miðlunum tvöfalt fleiri í febrúarlok á þessu ári en á sama tíma í fyrra. Laus störf voru þó aðeins 357 á landinu öllu og þar af drjúgur meirihluti utan höfuðborgarsvæðis. Þar kann enn að gæta auglýsinga um störf við Kárahnjúkavirkjun sem ekki hefur tekist að manna með Íslendingum.

**2.8 VAXTAMUNUR VIÐ ÚTLÖND EYKST**

Seðlabankavextir hafa verið óbreyttir frá því að bankinn lækkaði vexti sína í endurhverfum viðskiptum í febrúar 2003 í 5,3%. Vaxtalækkunin minnkaði vaxtamun gagnvart útlöndum tíma-bundið en á sama tíma fóru vextir lækkandi í viðskiptalöndum okkar. Eftir vaxtalækkun Seðlabankans komst vaxtamunurinn niður í 2,6% sem var minnsti munur frá því að bankinn tók að beita vöxtum með virkum hætti til að ná markmiðum sínum. Vextir hafa hins vegar haldið áfram að lækka í viðskiptalöndunum og hefur vaxtamunur við útlönd því aukist. Í mars 2004 var munurinn kominn í 3,3%, þegar sambærilegir vextir voru komnir niður fyrir 2,0% að meðaltali í viðskiptalöndunum. Á þennan mælikvarða hefur aðhald peningastefnu bankans aukist undanfarið ár.

**2.9 ERFIÐ SAMKEPPNISSTAÐA**

Besti tiltæki íslenski mælikvarðinn á samkeppnisstöðu atvinnulífsins er vísitala Seðlabankans um raugengi á mælikvarða launa. Vísitalan felur í sér samanburð á breytingu launakostnaðar hér á landi við viðskiptalönd Íslands og þegar hún hækkar þá hækkar kostnaður meira hér á landi en erlendis, mælt í sama gjaldmiðli. Þessi mælikvarði er þó ekki yfir gagnrýni hafinn, enda byggir útreikningurinn ekki á neinum alþjóðlegum staðli. Þannig mælir vísitalan ekki breytingar á óbeinum launakostnaði, eins og til dæmis aukin framlög atvinnurekenda í lífeyrissjóði eða hækk-


anir á tryggingargjaldi. Þá hefur SA haldið því fram að þær launahækkanir hér á landi sem vísitalan byggir á séu vanmetnar. Hvað sem þeim vangaveltum líður þá var raugengisvísitalan á síðasta ári hærri en hún hefur verið undanfarin 10 ár. Hækkunin nam 6,6% og spáir bankinn því að hún hækki enn um rúm 4% á þessu ári. Leita þarf aftur til ofpenslutímans í kringum skattlausa árið fyrir einum og hálfum áratug til að finna herra raugengi en stefnir í á þessu ári. Þetta er að sjálf-sögðu mikið áhyggjuefni þar sem áhrif þessa háa raugengis eru þau að íslensk framleiðsla og þjónusta verður í mörgum tilvikum ósamkeppnis-hæf við erlenda samkeppni og leggst annað hvort af eða flyst úr landi. Neikvæð áhrif hins háa raugengis eru einnig, og ekki síður, þau að koma í veg fyrir að ýmsir fjárfestingarkostir verði að veruleika. Arðsemi þeirra verður ekki nægjanleg.

**2.10 SÆMILEG AFKOMA SKRÁÐRA FYRIRTÆKJA**

Afkoma fyrirtækja sem skráð voru í kauphöllinni var nokkuð góð á árinu 2003 þegar á heildina er litið en fór versnandi. Í sjávarútvegi voru 11 fyrirtæki skráð bæði árin 2002 og 2003. Hagnaður þeirra fyrir fjármagnskostnað og afskriftir nam 21% af veltu og minnkaði úr 24% árið áður. Í iðnaði voru 10 fyrirtæki skráð bæði árin og minnkaði hagnaður þeirra fyrir fjármagnskostnað og afskriftir úr 13% í 11% af veltu. Í þessari atvinnugrein vega tvö fyrirtæki sem eru með stærstan hluta starfsemi sinnar erlendis um helming og að þeim frádregnum minnkaði hagnaður úr 8% í 5% af veltu. Afkoma fiskútflutningsfyrirtækjanna var svipuð milli áranna og sama gildir um stóru flutningsfyrirtækin. Loks batnaði afkoman í hinum sex skráðu hugbúnaðar- og samskiptafyrirtækjum lítillega.



**Vaxtamunur milli Íslands og Evrópu**



## KJARA- OG SAMNINGAMÁL

### 3.1 STEFNUMÖRKUN SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Formaður SA, Ingimundur Sigurpálsson, gaf tóninn í ræðu sinni á aðalfundi SA í maí 2003. Á sama tíma og hann lýsti ánægju með yfirstandandi samningstímabil þá varaði hann við ofþenslu vegna komandi stórfamkvæmda og háu hlutfalli launa á Íslandi. Æskilegt væri að atvinnurekendur og verkalyðshreyfingin næðu sameiginlegri sýn á stöðu efnahagsmála og breytingar á launakostnaði. Það yrði að vera forgangsverkefni forystumanna aðila vinnumarkaðarins að afstýra því, að fyrirsjáanleg þensla vegna mikilla framkvæmda á næstu árum yrði til þess að valda ólgu á vinnumarkaði og vinnudeilum. Þótt aukning kaupmáttar væri vissulega fagnaðarefni þá hefði hún að öllum líkindum gengið lengra en æskilegt gæti talist, því hlutur launa og launatengdra gjalda í verðmætasköpuninni væri orðinn hærri en ætla má að fáist staðið til lengdar. Skipting á verðmætum þjóðarbúsins milli launa og fjármagns væri þannig að hlutur launagreiðslna væri kominn nálægt 70%, en síðastliðin 10 ár hefði hlutur launa verið um 65% hér á landi og um 60% í helstu samanburðarlöndum. Boginn hafi því verið spenntur til hins ítrasta. Ljóst væri að bætt lífskjör á næstu árum yrðu ekki sótt með því að auka enn hlut launagreiðslna í verðmætasköpuninni.

Á fundum með forystumönnum stéttarféлага í október til desember 2003 voru áherslur SA fyrir komandi samningsgerð kynntar. Lítið svigrúm

væri til hækkana í miðlægum samningum og kostnaðarhækkunar yrðu að vera lægri en í samkeppnislöndum, þ.e. undir 3%. Þannig yrði kaupmáttur og stöðugleiki festur í sessi. Varað var við því að sérstök hækkun lægstu taxa gæti farið upp allan launastigann.

### 3.2 MISMUNANDI GILDISTÍMI SAMNINGA

Kjarasamningarnir sem gerðir voru árið 2000 höfðu nokkuð mismunandi gildistíma. Samningar Flóabandalagsins voru undirritaðir fyrstir samninga og áttu að falla úr gildi 15. september 2003. Rafiðnaðarsambandið samdi fljótlega eftir Flóabandalaginu og gildi sá samningur til 1. mars 2004. Verkamannasamband Íslands gerði hins vegar samning til 31. desember 2003 og næstir komu Samiðnarmenn með samningslok 1. febrúar 2004. Samningar RSÍ og Samiðnar áttu það sammerkt að heimilt var að segja þeim upp í lok árs 2002 og stytta þá með því um eitt ár. Ekki kom þó til uppsagnar. Samningar Flóabandalagsins voru jafnframt framlengdir til 31. desember 2003 og þannig samræmdir samningum Verkamannasambandsins.

Þar sem samningar verkafólks féllu fyrst úr gildi var höfuðáhersla lögð á þær viðræður. Nokkurrar óþreyju gætti meðal sumra viðsejenda SA sem töldu sig afskipta en SA bentu meðal annars á að í þeim kjarasamningum, sem voru með gildistíma til 1. febrúar eða 1. mars 2004, var kveðið á um 0,25% meiri kauphækkun.



### 3.3 SGS OG FLÓABANDALAGIÐ

Stéttarfélag verkafólks komu til viðræðna í tveimur fylkingum eins og árið 2000. Félagin á landsbyggðinni fólu Starfsgreinasambandi Íslands samningsumboðið en Efling, Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis komu fram undir merki Flóabandalagsins.

#### Meginþættir kröfugerða

SGS varð fyrst til að leggja fram kröfugerð 25. nóvember. Í henni var lögð höfuðáhersla á að samið yrði um nýja launatöflu, sem byggði á sex þrepum og öllum starfsheitum yrði raðað inn í töfluna. Samningstími yrði til fjögurra ára, að því gefnu að samkomulag næðist um nýja launatöflu og tryggar samningsforsendur. Annars yrði samið til skemmri tíma. Megináhersla var lögð á hækkun lægstu launa. Lægstu taxtar skyldu hækka um 30% á tímabilinu, almennar launahækkunar yrðu 19% og dagvinnutrygging hækkaði um 40%. Almennar launahækkunar yrðu 5% árin 2004 og 2005 og 4% árin 2006 og 2007. Dagvinnutrygging á samningstímanum yrði 110.000 kr. árið 2004, 117.000 kr. árið 2005, 124.000 kr. árið 2006 og 130.000 kr. árið 2007. SGS gerði þá kröfu að lífeyrisframlag atvinnurekenda í séreignasjóð hækkaði um 1% þann 1. júní 2005 og að fræðslusjóðnum Landsmennt yrði tryggt áframhaldandi fjármagn með 0,3% greiðslu atvinnurekenda af launum í sjóðinn.

Flóabandalagið birti kröfugerð sína 3. desember. Í kröfugerðinni var gert ráð fyrir að nýr samningur gildi í 24 til 48 mánuði að því tilskildu að tækist að semja um nýtt launakerfi og örugg tryggingarákvæði. Miðað var við að allir launataxtar undir 93.000 kr. yrðu felldir út við upphaf samnings og nýtt taxtakerfi byggðist á þeim grunni. Yfirlýst meginmarkmið félaganna var að gera kjarasamning sem færði launafólki tryggan kaupmáttarauka á samningstímanum án þess að hætta væri á aukinni verðbólgu. Gert var ráð fyrir að almennar launahækkunar næmu 19,25% á samningstímanum en kostnaður við innröðun í nýtt launakerfi næmi 2,5%. Hækkun lægstu launa yrði 30%. Þá var gerð krafa um að lífeyrisréttindi félagsmanna yrðu samræmd og aukin til jafns við rétt í stéttarfélögum opinberra starfsmanna.

#### Frestun viðræðna – endurnýjun lífeyris-krafna

Nokkuð bakslag kom í viðræður þegar kynnt var frumvarp þingmanna um breytingar á lífeyrisréttindum þingmanna, ráðherra og hæstaréttardóm-

Í töflunni má sjá yfirlit yfir gildistíma helstu kjarasamninga síðasta samningstímabils.

Nokkrir samningar voru framlengdir til skamms tíma og er þá fyrri gildistími tilgreindur í sviga.

Stéttarfélag:	Gildir til:
<b>Flugliðar</b>	
Flugvirkjafélag Íslands	(15.09.03) 15.10.04
Flugfreyjufélag Íslands	(15.09.03) 15.10.04
Félag íslenskra atvinnuflugmanna	(15.09.03) 15.03.04
Félag íslenskra flugumsjónarmanna	(15.09.03) 15.10.04
<b>Verkafólk</b>	
Efling, Hlíf og VSK	(15.9.03) 31.12.03
Starfsgreinasamband Íslands	31.12.03
(Annar gildistími er á fiskimjölssamningum)	
<b>Iðnaðarmenn og verkstjórar</b>	
Samiðn	31.01.04
Matvís	31.01.04
Mjólkurfræðingafélag Íslands	31.01.04
Véltjórafélag Íslands (véltjórar í landi)	31.01.04
Verkstjórasamband Íslands	31.01.04
Virkjunarsamningur (ASÍ, SGS, Samiðn, RSÍ)	01.02.04
Félag bókgærdarmanna	28.02.04
Múrarafélag Reykjavíkur	29.02.04
Sveinafélag pípulagningamanna	29.02.04
Veggfóðrarafélag Reykjavíkur	29.02.04
Rafiðnaðarsamband Íslands	01.03.04
<b>Verslunarmenn</b>	
Verzlunarmannafélag Rvk. og LÍV	01.03.04
<b>Fiskimenn</b>	
Sjómanna-samband Íslands	31.12.03
Sjómanna-samband Íslands	15.05.04
Véltjórafélag Íslands	31.12.05
<b>Kaupskip</b>	
Sjómanna-félag Reykjavíkur	31.12.03
Véltjórafélag Íslands	01.03.04
Félag matreiðslumanna	01.03.04
Félag ísl. skipstjórnarmanna	01.03.04
Félag bryta	01.03.04
<b>Stóriðja / verksmiðjur</b>	
Þörlungaverksmiðjan	31.12.03
Sementsverksmiðjan	30.11.04
Alcan á Íslandi hf.	30.11.04
Íslenska járnblendifélagið	30.11.04
Steinullarverksmiðjan	31.12.04
Kísiliðjan	31.12.04
<b>Ýmsir haustsamningar 2004</b>	
Samband ísl. bankamanna (án aðildar SA)	01.10.04
Félag leiðsögumanna	31.10.04
Blaðamannafélag Íslands	31.10.04
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir	30.11.04
Rafiðnaðarsamband Íslands v/ RARIK	30.11.04
Rafiðnaðarsamband Íslands v/ Landssímans	30.11.04
Véltjórafélag Íslands v/ Hitaveitu Suðurnesja	31.12.04

ara. Verkalýðshreyfingin átaldi frumvarpið og áskildi sér rétt til að endurskoða framlagðar kröfugerðir næði frumvarpið fram að ganga. Til að leggja áherslu á afstöðu sína frestuðu SGS og Flóabandalagið viðræðum við SA. Samiðn, RSÍ og verslunarmenn aflýstu einnig fyrstu fundum. Eftir samþykkt frumvarpsins kynntu landssambönd ASÍ kröfu um samræmingu lífeyrisréttinda á almenna vinnumarkaðnum og þeim opinbera. Hækka skyldi framlag atvinnurekenda í 11,5% á móti 4% framlagi starfsmanna og jafnframt skyldi tryggja lágmarksinnvinnslu réttinda.

#### Framhald viðræðna á nýju ári

Þegar SGS og Flóabandalagið voru tilbúin að hefja aftur viðræður þá voru fáir dagar til jóla og vart forsendur fyrir fundatörn. Var því ákveðið að fresta viðræðum fram yfir áramót og taka upp þráðinn í fyrstu viku janúar. Voru haldnir nokkrir fundir með SGS í þeirri viku en viðræður við Flóabandalagið hófust fyrst í annarri viku janúar.

Fljótt varð ljóst að félögin höfðu fullan hug á að semja frekar til lengri tíma en skemmri. Félögin töldu góða reynslu af síðasta samningstímabili og að langtímasamningur myndi skila þeirra félagsmönnum mestri hækkun kaupmáttar. Forsendur langtímasamnings voru þær helstar að launakerfi verkafólks yrði stokkað upp og samið um nýja og víðari launatöflu. Skýr opunarákvæði þyrftu einnig að vera í samningum vegna samninga annarra starfsstétta og hækkunar verðbólgu.

#### Ný launatafla

Til að kanna frekar forsendur fyrir upptöku nýrrar launatöflu var sérstök „töflunefnd“ sett á fót. Stéttarfélagin lýstu sig reiðubúin til að ræða nýja launatöflu á þeim grundvelli að taxtar yrðu færðir nær greiddum launum með því að lækka yfirborganir á móti hækkun kauptaxta. Var þá vísað til þeirrar aðferðar sem viðhöfð var árið 1997. Félögin lögðu fram tillögur sínar um röðun starfsheita inn í nýja töflu og var þar gert ráð fyrir að kostnaður við nýja röðun yrði 2%. SA kvaðst tilbúið til að nálgast málið út frá þeim kostnaði en þó þannig að kostnaðinum yrði skipt, 1% við gerð samnings og 1% 1. janúar 2006. Samkomulag náðist um þá nálgun.

#### Sérkjarasamningar

Í upphafi viðræðna voru skipaðar nefndir til að ræða samningamál einstakra starfshópa og sérkjarasamninga. Má þar nefna nefndir vegna ræstingar, byggingaverkamanna, tækjastjórnenda,

matráða, fiskvinnslufólks, iðnverkafólks, starfsfólks veitinga- og gistihúsa, bifreiðastjóra, bensínafgreiðslufólks, hafnarvinnu, öryggisvarða, afurðarstöðva, sláturhúsa og hlaðmanna. Viðræður þessar gengu almennt vel og var sú stefna mörkuð að kostnaður vegna taxtabreytinga mætti ekki vera meiri en sem næmi 2% á samningstímanum. Á mörgum samningsviðum lá fyrir að gera þurfti sérstakar ráðstafanir til að halda kostnaði innan þeirra marka og voru þá gerðar tillögur um ýmsar breytingar á samningum hvað varðar vinnutilhögun og vaktavinnu. Það auðveldaði mjög þá vinnu að kostnaðarrámminn hafði verið ákveðinn fyrirfram og að aðilar beggja megin borðs voru sammála um að halda sig við þann rámma.

#### Vísun til ríkissáttasemjara

Til að skerpa á viðræðum og koma þeim í ákveðnari farveg varð það að samkomulagi milli SA og SGS / Flóabandalagsins að vísa kjaraviðræðum til ríkissáttasemjara 18. febrúar.

#### Megininntak nýrra samninga

Að kvöldi sunnudagsins 7. mars voru kjarasamningar undirritaðir í húsnæði ríkissáttasemjara. Laun hækkuðu frá 1. mars 2004 um 3,25%, 1. janúar 2005 um 3,00%, 1. janúar 2006 um 2,50% og 1. janúar 2007 um 2,25%. Launataxtar voru færðir nær greiddu kaupi í nýrri launatöflu. Framlag atvinnurekenda í samtryggingarlífeyrissjóð hækkar í 7,0% 1. janúar 2005 og 8,0% 1. janúar 2007. Á móti fellur 1. janúar 2005 niður skylda atvinnurekenda til að greiða 1,0% í sér eignasjóð án framlags launamanns og tryggingargjald atvinnurekenda til ríkisins lækkar um 0,45%, frá 1. janúar 2007. Sett verði á fót sérstök lífeyrisnefnd SA og ASÍ til að gera tillögur um lausn á þeim vanda sem steðjar að lífeyrissjóðunum og um kerfisbreytingar sem horfa til lengri tíma. Nefndin skal ljúka störfum með lokaskýrslu og beinum tillögum fyrir árslok 2004.

Samið var um að lágmarkstekjur fyrir fullt starf 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki hækki úr 93.000 kr. og verði frá gildistöku samnings 100.000 kr. á mánuði, 103.500 kr. frá 1. janúar 2005, 106.000 kr. frá 1. janúar 2006 og 108.000 kr. frá 1. janúar 2007. Orlofs- og desemberuppbætur hækka í samræmi við almennar launabreytingar.

Starfsmenntasjóðirnir Landsmennt og Starfsafl verða starfræktir áfram. Sjóðirnir voru fjármagnaðir af Atvinnuleysisstryggingasjóði og þar með af tryggingargjaldi á fyrra samningstímabili. Því fyrir-



komulagi verður haldið áfram út árið 2007 til að treysta sjóðina í sessi en atvinnurekendur munu í áföngum taka yfir beina fjármögnun sjóðanna á seinni hluta samningstímans og greiða 0,05% af launum frá 1. janúar 2006 og 0,15% frá 1. janúar 2007. Fjárhæðir slysatrygginga starfsmanna voru hækkaðar samkvæmt samningunum og er kostnaður vegna þess áætlaður 0,10%.

### Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar

Forystumenn SGS, Flóabandalagsins og ASÍ höfðu kynnt ríkisstjórn áherslur sínar í kjaraviðræðum og fyrir lá að ríkisstjórnin var tilbúin til að koma til móts við hugmyndir verkafólks sem gilt hefur frá árinu 2000 verði framlengt til ársloka 2007, þannig að á þessu tímabili komi greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði til starfsmenntasjóða í samræmi við fyrirliggjandi tillögur Samtaka atvinnulífsins, Starfsgreinasambands Íslands og Flóabandalagsins þar að lútandi.

Til að greiða fyrir kjarasamningum á almennum vinnumarkaði hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi:

1. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að það fyrirkomulag varðandi fjármögnun starfsmenntasjóða verkafólks sem gilt hefur frá árinu 2000 verði framlengt til ársloka 2007, þannig að á þessu tímabili komi greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði til starfsmenntasjóða í samræmi við fyrirliggjandi tillögur Samtaka atvinnulífsins, Starfsgreinasambands Íslands og Flóabandalagsins þar að lútandi.
2. Ríkisstjórnin lýsir yfir því að hún er reiðubúin að taka upp viðræður við sérstaka lífeyrisnefnd sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hyggjast koma á fót um hugsanlega aðkomu stjórnvalda að tilteknum þáttum er sú nefnd mun taka til meðferðar, m.a. að því er varðar verkskiptingu milli lífeyrissjóða og almanna-trygginga.
3. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að atvinnuleysisbætur hækki og verði frá 1. mars 2004 kr. 88.767 en hækki síðan um 3% 1. janúar 2005, 2,5% 1. janúar 2006 og um 2,25% 1. janúar 2007.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að almennt tryggingagjald lækki um 0,45% frá 1. janúar 2007, gegn því að Samtök atvinnulífsins samþykki að iðgjald atvinnurekenda til sameignarlífeyrissjóða verði frá þeim degi 8%.

	Almenn hækkun	Töflu- hækkun	Lífeyris- sjóður	Starfs- mennta- mál	Slysa- trygging	Samtals
2004	3,25%	1,00%			0,10%	4,39%
2005	3,00%		0,60%			3,62%
2006	2,50%	1,00%		0,05%		3,58%
2007	2,25%		0,50%	0,10%		2,86%
<b>Samtals</b>	<b>11,46%</b>	<b>2,01%</b>	<b>1,10%</b>	<b>0,15%</b>	<b>0,10%</b>	<b>15,24%</b>

### Kostnaðarmat

Heildarkostnaðaráhrif samninganna voru metin um 15,2% á samningstímanum. Þar af nam almenn hækkun launa 11,46%. Kostnaður vegna nýrrar launatóflu fólst aðallega í meiri kostnaði vegna yfirvinnu sem leiðir af hækkun grunnlauna.

### Samningsforsendur

Forsendur samninganna voru að verðlag þróaðist í samræmi við verðbólguþróað Seðlabanka Íslands og að kostnaðarhækkunar samninganna yrðu stefnumarkandi fyrir aðra samningsaðila á vinnumarkaði. Yfirlýst markmið aðila voru að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og jafnvægi á vinnumarkaði.

### Samþykkt samninga

Kjarasamningur SA við Flóabandalagið var samþykktur með 64,2% gegn 27,9% greiddra atkvæða. Kjarasamningur SA við Starfsgreinasambandið utan Flóa var samþykktur í öllum aðildarfélögum nema tveimur, á Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum. Í heild voru 68,1% samþykkir samningnum en 29% sögðu nei.

### 3.4 SAMIÐN

Samningar Samiðnar féllu úr gildi 31. janúar 2004. Er þar um að ræða tvo aðalkjarasamninga, annars vegar almennan samning Samiðnar sem nær til byggingarmanna, málmíðnaðarmanna, bifvélavirkja, netagerðarmanna og skrudgarðyrkjumanna og hins vegar samning við Félag hársnyrtisveina.

Sameiginleg kröfugerð félaganna var lögð fram 12. desember og var þar megináhersla lögð á hækkun kauptaxta. Vísaði Samiðn þar til hættu á undirboðum vegna erlends vinnuafns, sérstaklega hvað varðaði málmíðnaðarmenn og byggingarmenn. Töldu félögin nauðsynlegt að færa kauptaxta nær greiddu kaupum í þessum greinum. Kaupfaxtar Samiðnar hafa hins vegar verið samræmdir fyrir alla starfshópa og ekki reyndist vera vilji til þess af hálfu Samiðnar að hverfa frá því kerfi. Af hálfu SA var lögð áhersla á að hærri





kauptaxtar skyldu ekki leiða til mikilla raunhækkana á launum tiltekinna starfsstétta innan Samiðnar en skv. kjarakönnunum er umtalsverður munur á dagvinnulaunum milli stétta. Einnig þyrfti að taka á ýmsum öðrum hliðarvandamálum sem hækkun kauptaxta hefði í för með sér. Samiðn taldi sig hafa lítið svigrúm til að koma til móts við sjónarmið SA. Þegar þetta er skrifað hafði viðræðum verið frestað fram yfir páska.

### 3.5 RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

RSÍ lagði fram kröfugerð 18. desember 2003, en samningur SA/SART og RSÍ gildi til 1. mars 2004. Samningar SA við RSÍ vegna RARIK og Landssíma Íslands hafa annan og lengri gildistíma og kemur því ekki til endurnýjunar þeirra að sinni.

Í kröfugerð RSÍ var lögð megináhersla á að hækka lágmarkslaun. Í kjarasamningi SA og RSÍ hefur verið ein launatala, lágmarkslaun starfsmanna í rafiðnaði, en að öðru leyti vísað til þess að kjör rafiðnaðarmanna væru umsamin á markaði. RSÍ taldi það ekki lengur fullnægjandi þar sem gera mætti ráð fyrir miklum innflutningi á erlendu starfsfólki á næstu misserum og því nauðsynlegt að hafa taxtakerfi sem tryggði laun nær greiddum markaðslaunum.

Til að fá upplýsingar um markaðslaun rafiðnaðarmanna var gerð launakönnun meðal aðildarfyrirtækja SART. Var það mat SA að þessi gögn gæfu glögga mynd af greiddum launum rafiðnaðarmanna. Þann 5. apríl náðist sá áfangi að samkomulag varð um kauptaxtakerfi rafiðnaðarmanna og jafnframt um lágmarkslaun rafiðnaðarmanna samkvæmt virkjunarsamningi. Aðfararnótt 15. apríl var síðan undirritaður kjarasamningur milli SA/SART annars vegar og RSÍ vegna aðildarfélaga hins vegar. Samningurinn gildir frá 5. apríl 2004 og ársloka ársins 2007 líkt og samningarnir við SGS og Flóa. Almennar launahækkanir eru einnig þær sömu og í samningunum við verkafólk, sem og breytingar á framlögum í lífeyrissjóði. Þá eru sambærileg ákvæði um samningsforsendur.

Með samningnum eru lágmarkskauptaxtar

rafiðnaðarmanna færðir nær greiddu kaupi. Lágmarkskauptaxtar taka þannig hækkun umfram almennar launahækkanir og verða byrjunarlaun rafiðnaðarmanns með sveinspróf 152.501 kr. við upphaf samnings en 172.960 kr. árið 2007. Nýir kauptaxtar eiga ekki sjálfkrafa að leiða til hækkunar umfram almennar launahækkanir.

Loks skal þess getið að gerð var sérstök bókun um fjölskyldustefnu, þ.e. að samningsaðilar beini því til fyrirtækja í rafiðnaði og starfsmanna að hugað verði að mörkun fjölskyldustefnu innan fyrirtækjanna, með það að markmiði að samræma sem best vinnu og einkalíf. Samningsaðilar telja að sveigjanleiki stuðli að góðu starfsumhverfi sem auki starfsánægju, framleiðni og trygð.

### 3.6 VIRKJUNARSAMNINGUR

Svokallaður virkjunarsamningur féll úr gildi 31. janúar 2004. Aðild að samningnum eiga Landsvirkjun og Samtök atvinnulífsins annars vegar og Alþýðusamband Íslands, Starfsgreinasamband Íslands, Samiðn og Rafiðnaðarsamband Íslands hins vegar. Samningurinn nær einungis til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar. Sameiginleg kröfugerð félaganna var ekki lögð fram fyrr en 15. janúar og varð þá ljóst að viðræður yrðu flóknar og erfiðar. Meginkrafa iðnaðarmanna var að færa inn í samninginn þau launakjör sem við lýði voru við síðustu framkvæmd, Vatnsfellsvirkjun. Verkamenn kröfðust skjótari framgangs milli launaflokka, nýs launaflokks fyrir starfsmenn með starfstengt nám og að allir starfsmenn á tækjum yfir 20 tonn fengju 17% álag á kaup sitt. Meðal sameiginlegra krafna félaganna var að kveða á um lágmarkskaupauka ef ekki næðist samkomulag um afkastatengt launakerfi og að stytta leyfilega lengd úthalda úr fjórum vikum í tvær. Einnig kom fram krafa um aðild Matvæla- og veitingasambands Íslands og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna að samningnum.

Ljóst var að sumar kröfur snéru einungis að aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar, ítalska verktakafyrirtækinu Impregilo. Á vegum fyrirtækisins og undirverktaka þess voru þegar starfandi nærri 900 starfsmenn við gerð Kárahnjúkastíflu og 40 km löng aðrennslisgöng. Hjá Fosskraft JV, sem vann við gerð stöðvarhússins í Fljótsdal voru um 100 menn starfandi og Suðurverk hafði ekki hafið störf við gerð Sauðárdalsstíflu og Desjarárstíflu. Við gerð nýs virkjunarsamnings var því óhjákvæmilegt að líta mjög til aðstæðna hjá Impregilo en náð samráð var einnig haft við Fosskraft og Suðurverk.

Til að liðka fyrir gerð kjarasamnings hóf aðalverktakinn Impregilo viðræður við fulltrúa starfs-



manna um afkastatengt launakerfi, en fyrirtækið hafði um nokkurt skeið unnið að gerð slíks kerfis. Var óskað aðstoðar SA við kynningu kerfisins og samningsgerðina. Fulltrúar starfsmanna töldu kerfið ekki gefa nægilegan ábata en samkomulag náðist þó um kerfi sem báðir aðilar töldu ásættanlegt.

Eftir gerð aðalkjarasamnings milli SA og SGS 7. mars var kominn kostnaðarrámmi sem SA og SGS voru sammála um að einnig skyldi ná til virkjunarsamningsins.

Samningur var síðan undirritaður aðfararnótt 21. apríl. Samningurinn gildir frá 19. apríl 2004 og til ársloka 2007, líkt og samningarnir við SGS, Flóann og RSÍ. Breytingar á lífeyrisgreiðslum og almennar launahækkningar eru einnig þær sömu og í þeim samningum.

Inn koma nýir launaflokkar fyrir vinnuvéla-stjórnendur og iðnaðarmenn með allnokkra starfsreynslu. Launataxti þessara vinnuvélastjóra er kr. 129.857 og iðnaðarmanna kr. 176.856 við upphaf samningstíma. Heimilt er að haga samsetningu launa með öðrum hætti en samningurinn kveður á um að því tilskildu að slíkir samningar standist lágmarksákvæði virkjunarsamningsins.

Samningsaðilar eru sammála um að vegna breyttra aðstæðna á raforkumarkaði, það er aukinnar samkeppni í framleiðslu raforku, séu ekki forsendur fyrir framlengingu samningsins eftir að hann fellur úr gildi.

### 3.7 VERSLUNARMENN

Samningar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenskra verzlunarmanna féllu úr gildi 1. mars 2004 og vísuðu félögin sama dag viðræðum til ríkissáttasemjara. Verslunarmenn höfðu lagt fram kröfugerð sína í desember 2003 og var áhersla þeirra meðal annars á viðmiðum launa við markaðslaun, auknið frí um helgar, lengingu orlofs, aukin lífeyrisréttindi og aukin uppsagnarfrest starfsmanna með langan starfsaldur í fyrirtæki.

Verslunarmenn fóru fram á umtalsverðar taxtahækkningar og til að koma á móts við þeirra kröfur var sett fram tillaga af hálfu SA um vaktavinnuákvæði í almenna kjarasamning VR/LÍV. Þann 21. apríl var síðan undirritaður kjarasamningur aðila með gildistíma til ársloka 2007, líkt og samningar SA við SGS, Flóa og RSÍ. Breytingar á lífeyrisgreiðslum, almennar launahækkningar og forsendur samningsins eru einnig þær sömu og í samningum SA við SGS, Flóa og RSÍ.

Launataxtar hækka nokkuð og tekið er upp nýtt eftirvinnuálag, það er 40% álag á tímakaup í

dagvinnu, og má segja að álagsgreiðslur séu að hluta til færðar inn í dagvinnulaun. Þá eru í samningnum ýmsar nýjungar hvað varðar frítöku. Meðal annars er hægt að breyta orlofs- og desemberuppbót í frí og felldir hafa verið út tveir frídagar sem veittir voru vegna lengri vinnutíma í desember. Við þá breytingu fá fastráðnir starfsmenn, sem átt hafa rétt til þeirra frídaga, 0,5% hækkun á grunnlaun. Vinnuveitanda og starfsmanni er þó heimilt að gera samkomulag um að starfsmaður haldi rétti til tveggja frídaga vegna lengri vinnutíma í desember, án ofangreindrar launahækkunar. Loks var samið um að Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks verði starfræktur áfram með óbreyttu fyrirkomulagi (sjá nánar í kafla 10.7).

### 3.8 MATVÍS

Kjarasamningar SA og MATVÍS vegna bakara, framreiðslumanna, kjötiðnaðarmanna og matreiðslumanna urðu lausir þann 1. febrúar 2004. Viðræður hófust í desember síðastliðnum og hafa staðið yfir óslitið síðan. Innan MATVÍS eru fjögur sjálfstæð iðnaðarmannafélög. Félagsmenn tveggja þessara félaga, matreiðslumenn og framreiðslumenn, starfa á samskonar vinnustöðum og eiga ýmislegt sameiginlegt. Hins vegar eiga þeir frekar lítið sameiginlegt með bökurum og kjötiðnaðarmönnum sem starfa hjá iðnfyrirtækjum eins og kjarasamningar hópanna bera með sér. Kröfugerð MATVÍS felur meðal annars í sér samræmingu á launakjörum og öðrum ákvæðum kjarasamninga þessara ólíku hópa iðnaðarmanna. Skapar það erfiðleika við samningsgerð, því í umræðum um samræmingu er tilhneiging stéttarfélaganna að yfirfæra það sem best er á hina hópana. Af hálfu fulltrúa vinnuveitenda hefur verið lögð áhersla á það að kostnaðaráhrif nýrra samninga ættu að vera þau sömu fyrir vinnuveitendur allra fjögurra hópanna. Ef áhersla verður lögð á að færa taxta nær greiddu kaupum gæti það leitt til þess að ófært verði að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var með samningum árið 2000, að hafa sameiginlega launatöflu fyrir öll fjögur félögin.

### 3.9 FISKIMENN

Í maí 2001 var gerður kjarasamningur við Vélstjórafélag Íslands (VSFÍ), sem gildir til ársloka 2005. Ekki tókst á þeim tíma að semja við aðra hópa fiskimanna og voru samningar þeirra framlengdir með úrskurði gerðardóms samkvæmt lögum nr. 34/2001.

Kjarasamningar við Sjómannasamband Íslands (SSÍ) og Farmanna- og fiskimannasamband



Íslands (FFSÍ) skv. gerðardómi urðu lausir 31. desember 2003. Gerðar voru viðræðuáætlanir í lok september 2003 við SSÍ og FFSÍ. Kröfur aðila voru lagðar fram og kynntar í nóvember og hófust viðræður í framhaldi af því. SSÍ vísaði deilunni til sáttasemjara um miðjan janúar 2004 og FFSÍ í febrúar. Hafa fundir frá þeim tíma verið haldnir undir stjórn sáttasemjara. Mál hafa þokast áfram en ekki sér enn fyrir endann á þeirri vinnu þegar þetta er ritað.

### 3.10 KAUPSKIP

Samningar við Sjómannafélag Reykjavíkur vegna undirmanna á kaupskipum og sanddæluskipum urðu lausir 31. desember 2003. Í upphafi viðræðna í nóvember var skipst á skoðunum um veikindalaun, uppsagnarfrest og slystryggingu. Útgerðir kváðust reiðubúnar að bæta veikindalaunarétt þeirra sem yrðu fyrir alvarlegum áföllum eða ættu við langvarandi veikindi að stríða gegn því að dregið væri úr rétti til greiðslna í veikindum til skemmri tíma. Þá væru þær jafnframt tilbúnar til að ræða óskir um að lengja uppsagnarfrest gegn því að um ráðningu til útgerðar væri að ræða. Hvað varðar slystryggingu gera útgerðir kröfu um að gildissviði tryggingarinnar verði breytt. Fulltrúar SR kváðust ekki tilbúnir til að ræða málin frekar fyrir en eftir að niðurstaða væri fengin í samningum verkafólks.

Samningar við félög yfirmanna á kaupskipum og sanddæluskipum urðu lausir 1. mars 2004. Í upphafi viðræðna við Félag skipstjórnarmanna FSK kom í ljós að félögin þrjú innan FFSÍ myndu ekki hafa samflot eins og áður heldur semja hvert fyrir sig. Koma því félögin fram í fjórum hópum en samningar við FSK og Vélstjórafélag Íslands VSFÍ munu vera stefnumótandi fyrir hina. Viðræður við VSFÍ hafa legið niðri en hefjast á ný um miðjan apríl. Á fundum með FSK hefur komið fram að skipstjórar og stýrimenn eru í meginatriðum ánægðir með fastlaunakerfið sem komið var á í samningunum árið 2000 en telja að það þurfi að gera ýmsar beturbætur á því. FSK fer fram á það að kjarasamningar skipstjóra og stýrimanna verði sameinaðir í einn samning og verði þeir aðlagðir að breyttu starfsumhverfi og reynslu af fastlaunakerfi. Gerð er krafa um að árslaun samkvæmt fastlaunasamningi verði miðuð við 6 mánuði til sjós í stað allt að 7,5 mánaða eins og nú er. Þá er gerð krafa um að gerður verði sérstakur samningur um kaup og kjör skipstjóra og stýrimanna á ferjum, flóabátum og farþegaskipum í skoðunarferðum með ferðamenn.

### 3.11 FISKIMJÖL

Flestir samningar SA vegna fiskimjölsverksmiðja höfðu gildistíma til 31. mars 2004. Einungis tveir samningar höfðu annan gildistíma, 31. desember 2003, vegna fiskimjölsverksmiðja Faxamjöls hf. í Reykjavík og Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík. Með samkomulagi við Eflingu og VSK 25. febrúar voru samningar þessir framlengdir til samræmis við aðra mjölbræðslusamninga.

Í fyrstu viku apríl lagði Alþýðusamband Austurlands fram kröfugerð vegna endurnýjunar fiskimjölssamninga á Austurlandi. Krafið var 16,7% launahækkunar fyrir 17 mánaða samning auk fjölmargra annarra kostnaðarliða. Kom nokkuð á óvart að ASA skyldi ekki hafa hliðsjón af þeirri stefnu og þeim kostnaðarramma sem aðalkjarasamningurinn frá 7. mars markaði.

### 3.12 BÓKAGERÐARMENN

Bókagerðarmenn lögðu fram kröfugerð 4. mars 2004 en samningur þeirra rann út 28. febrúar. Var það aðallega vegna anna samningamanna SA að ekki gafst kostur á að taka fyrir á móti kröfugerðinni. Var þar aðallega lögð áhersla á mikla hækkun á kauptaxta og endurskoðun á kafla um vaktavinnu. Fulltrúar fyrirtækja í greininni voru sammála um að endurskoðun vaktakaflans væri forgangsmál og var settur niður starfshópur til að ræða þau mál sérstaklega. Þegar þetta er ritað er gert ráð fyrir að viðræður komist á skrið eftir páska.

### 3.13 LYFJAFRÆÐINGAR

Samningar við Lyfjafraeðingafélagið féllu úr gildi 31. desember 2003. Nokkur dráttur varð á framlagningu kröfugerðar og formlegar viðræður hófust ekki fyrir en eftir páska.

### 3.14 MÚRARAR OG PÍPULAGNINGAMENN

Múrarafélag Reykjavíkur, Múrarasamband Íslands, Sveinafélag pípulagningamanna og Veggfóðrarafélag Íslands lögðu fram sameiginlega kröfugerð, en félögin hafa verið í samstarfi í undanföllum kjaraviðræðum. Við samningsgerðina hefur almennt verið litið til niðurstöðu í kjaraviðræðum SA og Samiðnar enda um mjög áþekka kjarasamninga að ræða. Ekki er gert ráð fyrir að viðræður komist á skrið fyrir en samningur Samiðnar liggur fyrir.

### 3.15 MJÓLKURFRÆÐINGAR

Samningur SA og Mjólkurfræðingafélags Íslands varð laus þann 1. febrúar 2004. Viðræður hófust



í janúar og varð fljótlega ljóst að MFFÍ horfði mjög til niðurstöðu viðræðna við aðra hópa iðnaðarmanna um nýja og hærra kauptaxta, þrátt fyrir að yfirborganir séu litlar í mjólkuriðnaði og því lítið svigrúm til hækkunar kauptaxta. Þess er sérstaklega krafist að yfirvinnukaup verði hækkað með því að taka inn í yfirvinnugrunninn fastar greiðslur skv. kjarasamningi, þ.e. biðgjald og vinnuskyldugjald en í innanhússamningum stærstu mjólkurbúanna var yfirvinnukaupið lækkað í 0,89% af mánaðarlaunum gegn hækkingun grunnskaups.

### 3.16 FLUGLÍÐAR

Kjarasamningar flugmanna, flugvirkja og flugfreyja og -þjóna féllu úr gildi 15. september 2003. Viðræður hófust í lok sumars.

Harka var frá upphafi í kjaradeilu Flugvirkjafélags Íslands við SA vegna Tækniþjónustunnar í Keflavík (ITS) sem er eitt dótturfyrirtækja Flugleiða og sér um viðhald flugvéla Icelandair, en kröfur voru mun hærrí en ITS taldi sig geta mætt. Vinnubrögð voru sérstök þar sem Flugvirkjafélagið tilkynnti, um leið og kröfur höfðu verið lagðar fram, að deilunni yrði vísað til sáttasemjara. Í kjölfarið samþykkti félagið verkfallsboðun á ITS sem koma átti til framkvæmda þann 27. október og leitt hefði til stöðvunar á flugi Icelandair. Samningar tókust ekki milli aðila og lagði sáttasemjari fram miðlunartillögu aðfararnótt 27. október. Tillagan var samþykkt af báðum aðilum þótt SA og ITS teldu niðurstöðuna ekki ásættanlega. Samningur aðila var þannig framlengdur um eitt ár til 15. október 2004 og laun hækkuð um 3% auk greiðslu varanlegs kaupauka. Skömmu áður höfðu tekist samningar við Flugvirkjafélagið vegna Flugfélags Íslands til sama tíma.

Kjarasamningar Flugfreyjufélags Íslands voru einnig framlengdir til 15. október 2004. Samningurinn vegna Flugfélags Íslands sem gerður var 25. nóvember 2003 kveður á um 3% launahækkun auk eingreiðslu vegna tilgreindra hagræðingaratriða. Í samningnum vegna Icelandair sem gerður var 3. desember 2003 var hins vegar samið um 4% launahækkun gegn tiltekinni hagræðingu, svo sem flutningi á ofngrundum.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna óskaði á hinn bóginn eftir styttri samningi sem brúaði bilið til vors þegar almennir samningar yrðu gerðir og tóku samningar þeirra vegna Icelandair og Flugfélags Íslands sem gerðir voru þann 25. nóvember og 18. desember 2003 mið af því. Samningstíminn var til 15. mars og launahækkun 2,1%. Samningaviðræður við flugmenn standa því yfir þegar þetta er skrifað.

### 3.17 ERENT STARFSFÓLK

Miklar umræður voru um launakjör, aðbúnað og starfsréttindi erlends starfsfólks, einkánlega við virkjunarframkvæmdirnar þar sem fleiri hundruð erlendir starfsmenn eru við störf, meðal annars á vegum erlendra starfsmannaleiga. Verkalyðsfélögin hafa haft áhyggjur af því sem þau kalla undirboð og kallað eftir stórauknu eftirliti og hertri lagasetningu. Þá hefur stjórnvíslan ekki verið nægjanlega í stakk búin til að taka á öllum þeim málum sem upp hafa komið enda hefur ekki áður reynt á framkvæmd gildandi reglna og tülkanir á þeim í þeim mæli sem nú er.

Í upphafi kjarasamningaviðræðnanna setti ASÍ fram tillögur að samningi og löggjöf um eftirlit með ráðningarkjörum erlendra starfsmanna. Lögd var þung áhersla á að samkomulag um málefni útlendinga yrði gert í tengslum við kjarasamningana. SA tók því upp viðræður við ASÍ um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og lauk þeim viðræðum 7. mars 2003 með samkomulagi. Meginefni samkomulagsins lýtur að upplýsingum um laun og önnur starfskjör erlends launafólks. Trúnaðarmönnum á vinnustað er tryggður réttur til að kynna sér gögn þar að lútandi sé rökstuddur grunur um brot gegn viðkomandi kjarasamningi eða lögum sem varða starfskjör erlends launafólks. Ágreiningi má vísa til samráðsnefndar ASÍ og SA sem fjallar um málefni útlendinga samkvæmt samkomulaginu. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur frá ASÍ og tveimur frá SA. Nefndin skal leita leiða til að upplýsa mál og leiða ágreining til lykta með viðræðum sín á milli. Í því skyni getur hún krafist nauðsynlegra gagna frá viðkomandi vinnuveitanda um laun eða önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem málið varðar og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra sem eru í störfum þar sem slíkra réttinda er krafist. Heimildin tekur til þeirra erlendu starfsmanna sem kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ taka til, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980. Þrátt fyrir niðurstöðu nefndarinnar er heimilt að vísa máli til dómstóla.

Aðilar urðu jafnframt sammála um að beina því til félagsmálaráðherra að fyrrgreindu samkomulagi verði veitt almennt gildi á sama hátt og samningum aðildarsamtaka vinnumarkaðarins samkvæmt lögum um starfskjör launafólks, nr. 55/1980. Samkomulagið ákveði þannig lágmarksreglur um málsmeðferð í ágreiningsmálum um hvort laun og ráðningarkjör erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga á því starfssviði sem samkomulagið tekur til.



# STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI

## 4.1. ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Ný lög um ábyrgðarsjóðinn sem tóku gildi þann 10. apríl 2003 fólu í sér vissa rýmkun á reglum um greiðslur úr sjóðnum. Hámarksábyrgð á launakröfum er nú 260.000 krónur fyrir hvern mánuð. Á móti kemur að ábyrgð á orlofskröfum launamanns takmarkast við kr. 416.000 en ekkert hámark var áður á kröfum vegna vanskilaorlofs. Þá var ábyrgð á lífeyrisiðgjöldum aukin. Til viðbótar 10% lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóðs ábyrgist sjóðurinn nú allt að 4% af iðgjaldstofni samkvæmt samningi um viðbótartryggingarvernd, þ.e. samsvarandi þeim viðbótarlífeyrissparnaði sem samið hefur verið um í almennum kjarasamningum. Þessi breyting hefur einnig valdið nokkurri útgjaldaaukningu hjá sjóðnum, en útgjöld hans voru áfram í hámarki árið 2003.

Útgjöld sjóðsins eru enn langt umfram tekjur. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2003 voru um 757 milljónir kr. Þar af voru um 354 milljónir vegna launa og orlofs og um 228 milljónir vegna lífeyrissjóða. Heildartekjur voru um 256 milljónir, þar af um 36 milljónir vegna úthlutana úr þrotabúum, ábyrgðagjald um 195 milljónir og vaxta-tekjur um 25 milljónir. Þegar þetta er ritað er erfitt að sjá hver kostnaður vegna viðbótarparnaðar verður til lengri tíma lítið, en kröfur sem sjóðnum hafa borist frá árinu 2000 eru um 16 milljónir.

## 4.2 ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs í árslok 2003 er áætlað um 8.535 milljónir króna en var 9.122 milljónir í árslok 2002. Tekjustofn sjóðsins er atvinnuþryggingagjald sem reiknast af sama gjaldstofni og almennt tryggingagjald. Samkvæmt lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald skal atvinnuþryggingagjald hækka eða lækka eftir fjárförum Atvinnuleysistryggingasjóðs, samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins. Atvinnuþryggingagjald er nú 0,8%.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir riflega helming kostnaðar við rekstur Vinnuálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Var kostnaðarhlutdeild sjóðsins 173 milljónir króna á árinu 2003.


Árið 2003 námu heildarútgjöld sjóðsins um 4.640 milljónum króna, en 3.387 milljónum árið á undan. Greiddar atvinnuleysisbætur voru 3.944 milljónir og þar af 119 milljónir vegna fiskvinnslufólks, sem er lækkun um 39 milljónir frá árinu á undan. Styrkir vegna átaksverkefna sveitarfélaga námu 76 milljónum króna í stað 16 milljóna árið áður. Framlög til ýmissa úrræða fyrir atvinnuleitendur hækkuðu um 76 milljónir króna frá árinu

áður og námu 148 milljónum króna. Á árinu 2003 námu nefndarlaun vegna starfa í úthlutunarnefndum og þóknun til stéttarféлага samtals 71 milljón króna í stað 50 milljóna árið áður. Meginhluti greiðslanna rennur til tveggja stéttarféлага, Eflingar og VR, sem fengu samtals 64 milljónir króna fyrir að annast afgreiðslu atvinnuleysisbóta á höfuðborgarsvæðinu. Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs til starfsmenntunar í atvinnulífnum var 58 milljónir króna og framlag til starfsmenntasjóðs 65 milljónir. Meðalatvinnuleysi var 3,4% á árinu 2003 en var komið í 3,6% í febrúar 2004. Samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins verður meðalatvinnuleysi ársins 2004 um 3,1%. Gangi sú spá eftir má gera ráð fyrir því að höfuðstóll sjóðsins rýrni um 150 milljónir, miðað við óbreytt atvinnuþryggingagjald. Hækkun atvinnuleysisbóta 1. mars sl. um 11,3% hefur í för með sér um 330 milljón króna útgjaldaaukningu á árinu.

## Sjálfstæði Atvinnuleysistryggingasjóðs

Ágreiningur hefur verið við ríkisvaldið um sjálfstæði sjóðsins og ávöxtun á fjármunum hans. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs mótmælti því að sjóðurinn væri færður undir A-hluta ríkissjóðs og hefur lagt áherslu á sjálfstæði hans samkvæmt lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar. Samtök atvinnulífsins og ASÍ hafa lagt áherslu á að verja sjálfstæði sjóðsins og hafa mótmælt því að fasteignir og lausafé séu færð frá Atvinnuleysistryggingasjóði í ríkissjóð. Árið 2003 vann Ríkisendurskoðun stjórnýslyendurskoðun á sjóðnum og gerði ýmsar athugasemdir við eftirlit Vinnuálastofnunar með greiðslu bóta. Sérstaklega var bent á nauðsyn þess að gerður yrði þjónustusamningur milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnuálastofnunar. Vegna þessa var gerður

## Fjöldi starfandi fólks á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

samningur milli sjóðsins og Vinnumálastofnunar í ársbyrjun um að lokið yrði við gerð þjónustusamnings milli aðila í maí 2004.

### 4.3 VINNUMIÐLUN/VINNUMÁLA-STOFNUN

Yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu er í höndum Vinnumálastofnunar sem starfar samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir. Undir stofnunina heyra átta svæðisvinnumiðlanir sem fylgja nokkurn veginn fyrri kjördæmamörkum. Auk þess eru fjölmargir upplýsinga- og skráningarstaðir á hverju svæði fyrir atvinnulausa og þá sem eru í atvinnuleit.

Í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun eru starfandi níu manna svæðisráð sem skipuð eru þremur fulltrúum atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélaga og einum fulltrúa framhaldsskóla. Svæðisráði er ætlað að fylgjast með stöðu og horfum í atvinnumálum á svæðinu og gera tillögur um úrræði og úrbætur sem komið gætu í veg fyrir atvinnuleysi og orðið til að auka möguleika þeirra sem verða atvinnulausir til að fá vinnu aftur. Í árslok 2003 ákváðu félagsmálaráðherra og Vinnumálastofnun að setja af stað sérstakt átak varðandi langtíma atvinnuleysi og atvinnuleysis ungs fólks. Markmiðið er að greina orsakir atvinnuleysis á einstökum svæðum og setja af stað staðbundin verkefni og námsframboð við hæfi atvinnulausra.

Vinnumálastofnun annast afgreiðslu á atvinnuleyfum til útlendinga sem koma frá löndum utan EES í umboði félagsmálaráðuneytis. Á liðnu ári reyndi töluvert á tvenn nýleg lög sem snerta erlent starfsfólk, lög nr. 96/2002 um útlendinga og lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Fram komu ásakanir um að erlendir verktakar sem starfa við Kárahnjúka greiddu ekki laun samkvæmt gildandi kjarasamningu og kannaði stofnunin þær ásakanir en gerði engar athugasemdir við launagreiðslur. Þeim sem vilja nálgast frekari upplýsingar um Vinnumálastofnun og starfsemi hennar er bent á heimasíðu stofnunarinnar, [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is).

### 4.4 ERLENT STARFSFÓLK – STÆKKUN ESB


Erlendu starfsfólki hefur fjölgað verulega á Íslandi á undanfönum árum. Í árslok 2003 voru 10.324 erlendir ríkisborgarar hér á landi, en voru 5.148 árið 1996. Er bæði um að ræða starfsfólk frá löndum innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nú stendur fyrir dyrum stækkun ESB til austurs, en 1. maí 2004 bætast 10 ný ríki við EES og hinn sameiginlega markað. Fyrirvarar eru þó hvað varðar frjálsa för en gert er ráð fyrir aðlögunarfrestum til að draga úr áhrifum stækkunarinnar á vinnumarkaði „gömlu“ ríkjanna. Hér á landi hefur verið ákveðið að ríkisborgarar frá átta af tíu nýju ríkjanna þurfi að minnsta kosti næstu tvö árin, þ.e. til 1. maí 2006, atvinnuleyfi til að starfa hér á landi eins og verið hefur. Einungis borgarar frá Möltu og Kýpur njóta fulls frelsis frá upphafi inngöngu. SA töldu ekki þörf á aðlögunarfrestum og vart rök fyrir þröskuldum á sama tíma og mikil þörf yrði fyrir erlent starfsfólk vegna stórframkvæmda næstu missera, en ákváðu að setja sig ekki upp á móti tillögu stjórnvalda þegar hún kom fram. Var sú afstaða tekin í ljósi þess að nær öll núverandi aðildarríki EES hyggjast nýta heimild til að viðhafa aðlögunarfrest. Samtökin litu þó svo á að um yrði að ræða tímabundna aðgerð til tveggja ára og að við útfærslu þeirra reglna sem hér muni gilda næstu tvö árin yrði núverandi framkvæmd í það minnsta einfölduð að einhverju marki gagnvart borgurum þessara væntanlegu aðildarríkja EES.

Mörg hundruð erlendir starfsmenn starfa nú við Kárahnjúkavirkjun, langflestir frá aðildarríkjum ESB, svo sem Portúgal og Ítalíu. Er það nokkru hærra hlutfall en gengið var út frá við fyrstu mannaflaspár. Þótt atvinnuleysi hafi verið með mesta móti undanfarna mánuði þá verður ekki hjá því komist að líta til mikilvægis stöðugleika á vinnumarkaði. Erlent starfsfólk gegnir mikilvægu hlutveki við að hamla gegn ofþenslu á vinnumarkaði, með tilheyrandi verðbólgu, hækkun íbúðalána og verri samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Hafa ber í huga að mikil mannaflapörf við tímabundnar stórframkvæmdir getur orðið til



### Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands

Þess að ryðja burt annarri atvinnustarfsemi Hátt hlutfall erlends starfsfólks við slíkar tímabundnar framkvæmdir ver aðra atvinnustarfsemi og þar með önnur störf á íslenskum vinnumarkaði, sem tekið gæti langan tíma að endurheimta ef þeim yrði rutt burt vegna mikillar þenslu á vinnumarkaði.

Samtök atvinnulífsins hafa talið mikilvægt að löggjöf um útlendinga og atvinnuleyfi erlends starfsfólks sé sveigjanleg og kerfið skilvirkt. Ef ljóst sé að starfsmenn vanti í tiltekna atvinnugreinar þá eigi það að vera forgangsverkefni að greiða fyrir innflutningi starfsfólks. Engin ástæða sé til að tefja það ferli. Í því skyni að auka skilvirknina þá sé mikilvægt að endurskoða fyrirkomulag atvinnuleyfa. Á Íslandi gildir sú sérstæða regla að tvær stofnanir fjalla um málið í stað einnar eins og gerist í nágrannalöndum okkar. Útlendingastofnun veitir dvalarleyfi og Vinnumálastofnun atvinnuleyfi. Vinnumálastofnun má hins vegar ekki veita atvinnuleyfi fyrr en Útlendingastofnun hefur gefið vilyrði fyrir dvalarleyfi. Að fengnu dvalarleyfi er umsókn send Vinnumálastofnun, sem felur svæðisvinnumiðlun að ganga úr skugga um að ekki sé hægt að útvega starfskraft innlands. Þá er leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags, sem skal svara innan 14 daga. Allt þetta ferli getur tekið mánuði og ef íslenskt atvinnulíf á að standast samkeppni, þar á meðal samkeppni um þetta starfsfólk, þá er mikilvægt að hyggja að heildarendurskoðun kerfisins.

#### 4.5 KJARARANNSÓKNARNEFND

Kjararannsóknarnefnd er skipuð sex fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, þremur frá Samtökum atvinnulífsins og þremur frá ASÍ. Rekstur skrifstofu nefndarinnar er fjármagnaður af Atvinnuleysistryggingasjóði, samkvæmt bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuleysistryggingar nr. 12 frá 1997. Fjárframlag ársins 2003 til Kjararannsóknarnefndar var 34 milljónir króna. Meginmarkmið með starfsemi er að standa að gerð áreiðanlegra hagtalna sem lýsa greiddum launum og launakostnaði á íslenskum vinnumarkaði ásamt breytingum á þeim. Hefur nefndin staðið að gerð launakannana í ríflega þrjá áratugi. Hjá Kjararannsóknarnefnd eru sjö starfsmenn.

Enn sem komið er nær úrtak Kjararannsóknarnefndar aðeins til hluta vinnumarkaðarins. Upplýsingarnar eru margvíslegar og uppfylla alþjóðlega viðurkennda staðla. Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög eru valin af handahófi úr skrá ríkisskattstjóra yfir launagreiðendur en stærstu fyrirtækin í hverri atvinnugrein koma þó sjálfvalin inn.

Gagnasöfnun stendur nú yfir hjá fyrirtækjum sem starfa við útgerð og fjármálastarfsemi. Frekari stækkun úrtaks er áætluð þannig að launakannanir nái til fyrirtækja sem til dæmis starfa við hótél- og veitingarekstur eða þjónustu. Frumvinnsla á gögnum – þar með talið gæðaeftirlit og leiðréttingar – fer alfarið fram hjá Kjararannsóknarnefnd. Umfang launakannanna eykst sífellt, enda eru þær gerðar á vinnumarkaði sem tekur örum breytingum.

Kjararannsóknarnefnd gefur á ársfjórðungs fresti út niðurstöður launakannanna sinna. Þær eru birtar í rafrænu fréttabréfi nefndarinnar og á vefsíðu hennar, [www.kjara.is](http://www.kjara.is). Á vefsíðu er jafnframt hægt að sækja niðurstöður launakannana á tölvutæku formi og ítarlegar upplýsingar um framkvæmd.

Launakannanir Kjararannsóknarnefndar eru unnar í samstarfi við Hagstofu Íslands sem notar gögnin til útreiknings launavísitölu. Hagstofan vinnur nú að endurskoðun þeirra útreikninga og að undirbúningi nýrrar samevrópskrar launakostnaðarvísitölu. Af þessum sökum hefur Hagstofan sett á fót samráðshóp um launakannanir og tekur Kjararannsóknarnefnd þátt í því samstarfi.



# JAFNRÉTTISMÁL

## 5.1 JAFNRÉTTISRÁÐ

Meginverkefni Jafnréttisráðs er að vinna að jöfn-um rétti karla og kvenna á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni. Haustið 2003 tók nýtt ráð til starfa með nýjum formanni og markast starfsárið eðlilega nokkuð af því. Á starfstíma sínum hefur nýtt Jafnréttisráð einkum lagt áherslu á að fara yfir síðustu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, að taka saman álitserð um hvernig til hefði tekist með tillögum um áherslur nýrrar áætlunar, og loks að veita umsögn um drög að þeirri áætlun sem lögð var fyrir Alþingi í vor. Þegar þetta er ritað vinnur ráðið að gerð starfsáætlunar fyrir komandi ár.

Á árinu veitti Jafnréttisráð að vanda viðurkenningu fyrir störf að jafnréttismálum í samráði við félagsmálaráðherra. Kvenréttindafélag Íslands hlaut verðlaunin að þessu sinni.

## 5.2. KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kærunefnd jafnréttismála skilaði álit í ellefu málum á starfsárinu. Kæur voru af ýmsu tilefni. Þrjú málanna fjölluðu um mismunun við ráðningu í starf, þrjú um uppsögn úr starfi og þrjú voru vegna auglýsinga á þjónustu fyrirtækja. Í einu máli taldi kærandi sig hafa sætt almennri mismunun á grundvelli kynferðis og í öðru máli var um að ræða kynferðislega áreitni og meint óréttlæti í starfi í framhaldi af því.

Nefndin taldi að brotið hefði verið gegn ákvæðum jafnréttislaga í þremur þessara mála.

Í máli vegna skipunar í embætti dómara við Hæstarétt Íslands taldi nefndin kæranda hafa meiri lögfræðilega þekkingu en þann sem skipaður var í starfið. Sjónarmið um sérstaka kosti tiltekinnar umsækjenda gátu að mati nefndarinnar ekki komið til skoðunar nema til að velja á milli umsækjenda sem teljast jafnhæfir í ljósi starfsferils og lögfræðilegrar þekkingar. Sjónarmið dómsmálaráðherra, en þar vó þyngst sérþekking þess sem haut embættið á Evrópurétti, voru því ekki talin haldbær í skilningi jafnréttislaga. Þar sem tveir af níu dómurum við Hæstarétt eru konur hafi borið að velja konu enda teldist hún að minnsta kosti jafnhæf eða hæfari en sá karl sem embættið hlaut. Þótti dómsmálaráðherra ekki hafa tekist á málefnalegan hátt að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Í öðru máli taldi kærandi að gengið hefði verið fram hjá henni við ráðningu vegna fyrirhugaðrar tóku fæðingarorlofs. Það atriði var ekki talið hafa haft þýðingu við ákvörðunartöku vinnuveitandans. Kærandi var á hinn bóginn talinn hafa haft meiri menntun og starfsreynslu en karlmaður sem ráðinn

var til starfans. Vísaði nefndin til þess að samkvæmt jafnréttislögum skuli atvinnurekandi, ef leiddar eru líkur að því að mismunað hafi verið vegna kynferðis við ráðningu, sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans og var hann ekki talinn hafa gert það.

Í þriðja málinu var auglýsing talin hafa verið konum til lítilsvirðingar. Áleit kærunefndin að þótt ákvæði jafnréttislaga lúti ekki að verndun einstakra starfsstétta sérstaklega, geti auglýsing sem veit að kynbundinni starfsstétt undir vissum kringumstæðum verið því kyni til minnkunar og lítilsvirðingar í skilningi ákvæðis laganna. Kærandi var stéttarfélag og eru 99% félagsmanna þess konur. Félagið var talið eiga rétt á að bera málið undir kærunefnd jafnréttismála.

Í öðrum málum sem komu til umfjöllunar hjá nefndinni samkvæmt framansögðu var ekki um að ræða brot gegn jafnréttislögum að álit kærunefndar. Í einu málinu kemur fram hjá nefndinni að atvik kunni að vera með þeim hætti að sérstakar ástæður hafi einnig áhrif á mat atvinnurekanda, þannig að bæði sérstakir kostir séu teknir fram yfir heildstætt mat á menntun og reynslu og jafnframt ef talið er að sérstakir ókostir séu því samfara að ráða tiltekinn umsækjanda til starfs. Kemur það í hlut kærunefndarinnar að leggja mat á það hvort slíkar sérstakar ástæður hafi á málefnalegan hátt haft áhrif á ákvörðun atvinnurekanda.

## 5.3 VEFVÆÐIÐ HGJ.IS

Samtök atvinnulífsins eru meðal hollvina hins gullna jafnvægis, sem heldur úti vefsvæðinu hgj.is. Vefsvæðið er vettvangur áhugafólks um samhæfingu vinnu og einkalífs og er ætlað öllum þeim sem starfs síns vegna geta stuðlað að bættu starfsumhverfi, auknum sveigjanleika og samhæfingu vinnu og einkalífs á íslenskum vinnumarkaði, svo sem starfsmannastjórum, jafnréttisráðgjöfum og stjórnendum með mannaforráð. Markmið vefsvæðisins, auk þess að viðhalda þeirri athygli sem verkefnið *Hið gullna jafnvægi* veitti þessum málaflokki, er einkum að safna saman og gera aðgengilegt efni um sveigjanleika á vinnustöðum og samræmingu starfs og einkalífs í þeim tilgangi að auðvelda stjórnendum að þróa og innleiða aukinn sveigjanleika sem stefnu – fyrirtækjum til hagsbóta og starfsfólki til aukinna lífsgæða. Á svæðinu er meðal annars að finna áherslur SA í jafnréttismálum.

## 5.4 NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði jafnréttismála sem SA á aðild að.





# LÍFEYRISMÁL



Málefni lífeyrissjóðakerfisins hafa verið mjög í deiglu síðastliðið ár. Má nefna að á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða hafa starfað bæði örorkunefnd og nefnd um réttindakerfi, þar sem aðallega er fjallað um fyrirkomulag réttindaávinnslu. Í tengslum við niðurstöðu kjarasamninga um aukin framlög vinnuveitenda til samtryggingarsjóða hefur verið ákveðið að yta úr vör nefndarstarfi um kerfislæg vandamál í lífeyrskerfinu, sem verði lokið fyrir árslok 2004. Í málefnaþópi SA um lífeyrismál og stjórn og framkvæmdastjórn SA hefur til viðbótar meðal annars verið rætt um viðbrögð sjóða við ógjaldfærni og skilyrði skylduáðildar að sjóðum, svo og um tilnefningar í stjórnir sjóða og stöðu stjórnarmanna. Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa atvinnurekenda í stjórnir 14 lífeyrissjóða samkvæmt reglugerðum sjóðanna. Eru tilnefndir alls 37 aðalmenn og varamenn þeirra í stjórnirnar. Uppbygging lífeyrissjóða á samnings sviði Samtaka atvinnulífsins felur í sér mikilsverðan árangur af samstarfi atvinnulífs og launþegahreyfingar. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er talið hagkvæmt í alþjóðlegum samanburði og hefur leyst sín viðfangsefni á hagstæðan hátt fyrir þjóðfélagið.

## 6.1 STAÐA LÍFEYRISJÓÐANNA

Lífeyrissjóðakerfið hefur haldið áfram að eflast á undanförunum árum og eiga nær allir starfandi menn aðild að því. Fjárhagsstaða kerfisins er almennt traust og raunávöxtun á síðasta ári var með því besta frá upphafi, eða yfir 10% að meðaltali samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Heildareignir lífeyrissjóðanna námu um síðustu áramót um 804 milljörðum króna sem er 18,5% aukning frá fyrra ári. 25 stærstu sjóðirnir áttu yfir 94% af hreinni eign allra lífeyrissjóða. Eignir sjóðanna erlendis námu rúmum 156 mill-

örðum króna í lok ársins 2003, sem er 53 milljarða hækkun frá árslokum 2002. Erlend verðbréfaeign sjóðanna var um 19,4% af heildareignum um síðustu áramót, en var um 15,3% í árslok 2002 og um 20,9% í árslok 2001. Til framtíðar litið er sjóðunum almennt nauðsynlegt að fjárfesta stærri hluta eigna sinna erlendis. Aukin erlend eign lífeyrissjóða stuðlar að aukinni áhættudreifingu og sveiflujöfnun í íslensku hagkerfi. Heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum er 50% samkvæmt lögum.

## 6.2 AUKIN FRAMLÖG TIL SAMTRYGGINGARSJÓÐA

Samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins við Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið hækka framlög vinnuveitenda til samtryggingarsjóða um þriðjung á samningstímanum eða úr 6% í 8%. 1% kemur til framkvæmda 1. janúar 2005, en þá fellur jafnframt niður skylda vinnuveitenda til að greiða 1% í séreignarsjóð óháð framlagi starfsmanns, og 1% kemur til framkvæmda 1. janúar 2007. Stjórnvöld liðkuðu fyrir síðara skrefinu í þessari niðurstöðu með lækkingu almenns tryggingargjalds um 0,45% á sama tímamarki. Gengið er út frá því að þessi niðurstaða verði stefnumarkandi fyrir aðra samninga.


Frá og með árinu 2007 munu því renna 12% af heildarlaunum til flestra samtryggingarsjóða, en á síðasta samningstímabili var lagður grunnur að stöðu séreignarsjóða, sem þriðju stóðarinnar í framfærslu eftir starfslok, auk samtryggingar og almannatrygginga.

Þessi breyting mun væntanlega gefa einhverjum sjóðum færi á að auka réttindi, að minnsta kosti þegar fram í sækir. Þar kemur þó einnig til sú vinna sem minnst er á að framan við að fara yfir og leita lausna á ýmsum kerfislægum vandamálum sem steðja að lífeyrissjóðakerfinu. Þar þarf meðal annars að skoða aldurstengingu réttindaávinnslnar og jafnvel útgreiðslna. Einnig örorkumatsferlið og endurhæfingarúrræði, útreikning ævitekna, stærð sjóða, möguleika til að jafna eða dreifa áhættu og margt fleira. Skipulag almennu lífeyrissjóðanna á Íslandi á grundvelli sjóðsöfnunar þykir til mikillar fyrirmyndar í heiminum. Slík skoðun á kerfisvanda sem boðuð hefur verið á að geta gert gott kerfi ennþá betra.

## 6.3 ÖFLUGUR SÉREIGNASPARNAÐUR

Samkvæmt flestum samningum á almennum vinnumarkaði greiðir vinnuveitandi nú 2% framlag á móti 2% séreignarsparnaði starfsmanns. Skattafrestun vegna séreignarsparnaðar nemur

Eignir lífeyrissjóða – Hrein eign til greiðslu lífeyris



Heimild: Fjármálaeftirlitið, 51

allt að 4% af launastofni. Fólki gefst því orðið hagstæður möguleiki til viðbótarlífeyrissparnaðar í séreignarsjóði sem nemur samtals 6% af launum, þar af 4% eigið framlag sem nýtur skattfrestunar. Er ástæða til að fagna sérstaklega auknum heimildum til skattfrestunar vegna lífeyrissparnaðar. Þar sem þessi sparnaður rennur allur til að greiða lífeyri getur hann hækkað útgreiddan lífeyri til lífeyrisþegans verulega. Markmið kjarasamninga um að yta undir sparnað og efla séreignarsparnað sem þriðju stoð lífeyriskerfisins virðist ganga vel eftir. Þegar fram líða stundir á þetta hlutfall að fara langt með að tryggja lífeyrisþegum hliðstæð kjör við þau sem þeir nutu lengst af á starfsævi sinni. Í könnunum sem SA hafa gert á umfangi viðbótarlífeyrissparnaðar meðal launafólks á grundvelli gagna Kjararannsóknarnefndar hefur komið í ljós að þátttaka í viðbótarlífeyrissparnaði hefur bæði verið meiri en áætlað var við gerð kjarasamninga og einnig verið jafnari milli starfsstétta.

#### 6.4 SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

*Aðalmenn í stjórnun lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins eru (miðað við apríl 2004):*

##### Lífeyrissjóðurinn Framsýn

Ari Edwald  
Hjörleifur Kvaran  
Jón Guðmann Pétursson  
Sveinn S. Hannesson

##### Lífeyrisjóðurinn Lífiðn

Bjarni H. Matthíasson  
Sveinn Þ. Jónsson  
Tryggvi Guðmundsson

##### Lífeyrissjóður sjómanna

Ásgeir Valdimarsson  
Höskuldur Ólafsson

##### Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Friðrik Andrésson  
Þorgeir Jósefsson  
Örn Jóhannsson

##### Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Tryggvi Jónsson  
Vígundur Þorsteinsson

##### Lífeyrissjóður Vesturlands

Bergþór Guðmundsson  
Ellert Kristinsson  
Stefán Reynir Kristinsson

##### Lífeyrissjóður Bolungarvíkur

Eliás Jónatansson  
Flosi Jakobsson  
Jenný Hólmsteinsdóttir

##### Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Einar Valur Kristjánsson  
Kristján G. Jóhannsson

##### Lífeyrissjóður Norðurlands

Einar Einarsson  
Eiríkur S. Jóhannsson  
Kristján Björn Garðarsson  
Kristján Þór Júlíusson

##### Lífeyrissjóður Austurlands

Aðalsteinn Ingólfsson  
Elfar Aðalsteinsson

##### Lífeyrissjóður Rangæinga

Guðmundur Svavarsson  
Ragnar Pálsson

##### Lífeyrissjóður Suðurlands

Einar Sigurðsson  
Örn Grétarsson

##### Lífeyrissjóður Suðurnesja

Bergþór Baldvinsson  
Eðvard Júlíusson  
Stefán Friðfinnsson

##### Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Arnar Sigurmundsson  
Hörður Óskarsson  
Sigurgeir B. Kristgeirsson



# UMHVERFISMÁL



Samtök atvinnulífsins taka þátt í margs konar samstarfi á sviði umhverfismála, vinnuverndar, meðferðar á hættulegum efnum og auðlind-anýtingu, meðal annars með setu í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum stjórnvalda. Samtökin hafa mótað sér almenna stefnu í þessum málaflokkum og vinna að framgangi hennar í samstarfi með öðrum. Umhverfishópur SA er skipaður starfsfólki SA, aðildarfélagi og aðildarfyrirtækja, auk sérfræðinga utan samtakanna. Hópurinn allur fundaði einu sinni á starfsárinu auk þess sem smærri hlutar hans komu saman, meðal annars til að fjalla um lagabreytingar og reglugerðir í farvatninu. Formaður hópsins er Óskar Mariússon efnaverkfræðingur á skrifstofu SA.

## 7.1 VINNUVERND

### Áhættumat á vinnustöðum

Með breytingum á vinnuverndarlögunum, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, kom meðal annars inn nýr kafli, XI. kafli um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir í samræmi við ákvæði sama efnis í rammatilskipun ESB um öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Þar er kveðið á um að gera skuli sérstakt áhættumat á vinnustöðum þar sem áhætta í starfi er metin með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í starfsumhverfi þeirra. Á grundvelli áhættumats skal gera áætlun um heilsuvernd og forvarnir. Að

lokum skal gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem byggir á niðurstöðum áhættumatsins og áætlunarinnar. Í áætluninni verður fjallar um stjórnun á vinnuverndarstarfi innan fyrirtækis með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna. Öllum fyrirtækjum sem falla undir vinnuverndarlögin ber að fara að þessum ákvæðum og ber atvinnurekandi ábyrgð á að svo sé gert. Ráði atvinnurekandi og starfsmenn hans ekki yfir þeirri færni sem krafist er getur hann leitað aðstoðar þjónustuaðila sem hlotið hafa viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins. Ef starfsskilyrði eru slík að heilsutjón geti hlotist af skulu starfsmenn eiga kost á skoðun á þeim heilsufarsþáttum sem í hættu eru. Um þessar mundir er nefnd á vegum Vinnueftirlitsins að setja saman reglugerð sem kveður nánar á um útfærslu á ákvæðum laganna um öryggi og heilsu á vinnustöðum.

## 7.2 UMHVERFISMÁL

### Úrvinnslusjóður

Eins og kunnugt er voru lög um úrvinnslugjald samþykkt á Alþingi í árslok 2002. Tilgangur laganna er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs svo draga megi úr því magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Í ársbyrjun 2003 tók til starfa Úrvinnslusjóður sem sér um framkvæmd lag-



anna. Á árinu hófst söfnun og endurnýting eða förgun hjólbarða, drykkjarferna og ökutækja. Auk þess var ákvörðuð fjárhæð úrvinnslugjalds á veiðarfæri úr gerviefnum, en innheimta þess hefst 1. janúar 2005. Í undirbúningi er að safna heyrúlluplasti og leggja úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa, pappír og plasti og á raf- og raf-eindatæki.

### Grænt bókhald

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengun- arvarnir ber atvinnustarfsemi sem háð er starfs- leyfi að færa svo nefnt grænt bókhald, sem er efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, aðallega í formi tölulegra upplýsinga. Fyrsta bókhaldsárið er árið 2003 og fyrstu skýrslu- skil 1. júní 2004. Um 63 fyrirtæki eru bókhalds- skyld fyrsta árið. Umhverfisstofnun hefur gefið út almennar leiðbeiningar um grænt bókhald og vinnur að gerð sérhæfðra leiðbeininga fyrir ein- stakar atvinnugreinar.

### 7.3 MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

#### Ný Evrópulöggjöf um efni og efnavöru (REACH)

Unnið hefur verið að gerð nýrrar Evrópulöggjaf- ar hjá ESB um skráningu, mat og leyfisveitingu fyrir notkun efna og efnavöru undir heitinu REACH (Registration, Evaluation, Authorisation of Chemicals). Þessi nýja löggjöf á eftir að hafa mikil áhrif á efnamarkaðinn í Evrópu, en drög að henni verða til umfjöllunar og samþykktar í ráð- herraráðinu og á Evrópuþinginu 2004 – 2005. Í stuttu máli felst meginbreytingin í aukinni ábyrgð iðnaðarins við markaðssetningu á nýjum efnum eða efnavöru, þar sem framleiðendur, innflytjendur eða seljendur þurfa að meta áhættu af viðkomandi efnanotkun, útbúa öryggisskýrslu og gera tillögu að merkingu vör- unnar áður en hún er sett á markað. Sett hefur verið á fót Efnastofnun Evrópu sem miðstýrir framkvæmd laganna. Leyfi til að markaðssetja vöru í einu landi ESB gildir í öllum aðildarlöndum þess og einnig á Íslandi. Meðan Íslendingar halda sig við notkun á skráðum efnum og vörum á Evrópumarkaði þarf væntanlega aðeins að skrá þau hér á landi við innflutning, án frek- arí úttekta eða kostnaðar.



### 7.4 NÝTING NÁTTÚRUAUÐLINDA

#### Rammaáætlun

Fyrsta áfanga rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma lauk með samantekt á niðurstöðum í skýrslu, *Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar*, í nóvember 2003. Markmið áætlunarinnar var að meta og flokka þær leiðir sem færar eru til að framleiða raforku með virkjun vatnsafls eða háhita. Í matinu var horft til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóð- hagslegs gildis framleiðslunnar. Jafnframt voru skilgreind, metin og flokkuð áhrif af virkjununum á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Með þeim niðurstöðum sem kynntar eru í skýrslunni er lagður grundvöllur að forgangsröð- un virkjunarkosta í landinu.

### 7.5 ERLEND SAMSKIPTI

Í 9. kafla ársskýrslunnar er fjallað um reglubund- in erlend samskipti SA á sviði umhverfismála.

### 7.6 NEFNDIR

Í 1. kafla ársskýrslunnar er að finna skrá yfir nefndir og ráð á sviði umhverfismála sem SA eiga aðild að.

# ALÞINGI OG DÓMSTÓLAR

## 8.1 UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 130. löggjafarþingi, 2003 – 2004, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál (*miðað við 23. apríl*):

### Stjórnarfrumvörp um

- breytingu á samkeppnislögum, með síðari breytingum, beiting samkeppnisreglna EES samningsins
- breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum, ÍSL-veðbréf
- afnám laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum
- breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, hækkun bóta
- olíugjald og kílómetragjald o.fl.
- breytingu á lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum, íbúðabréf
- jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku
- stofnun Landsnets hf.
- breytingu á raforkulögum um flutning raforku, gjaldskrár o.fl.
- breytingu á lögum um útlendinga, með síðari breytingu, aðlögunarheimildir stækkunarsamings ESB og EES o.fl.
- breytingu á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum, EES-reglur
- breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum um atvinnuréttindi útlendinga
- siglingavernd
- breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, EES-reglur
- erfðafjárskatt
- breytingu á lögum um ársreikninga, EES-reglur
- aðild starfsmanna að Evrópufélögum, EES-reglur
- breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, ný aðildarríki
- tímabundna ráðningu starfsmanna
- uppfinningar starfsmanna
- breytingu á ýmsum lögum á orkusviði
- breytingu á skipulags- og byggingarlögum, úrskurðarnefnd, framkvæmdaleyfi
- breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, matsferli, málskotsréttur o.fl.
- breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, uppsögn
- breytingu á lögum um alþjóðleg viðskiptafélög, brottfall laga o.fl.

- breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Evrópufélög, EES-reglur
- váttryggingarsamninga
- verndun hafs og stranda, heildarlög
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.
- breytingu á lögum um tryggingagjald, viðbót-arlífeyrissparnaður
- breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar og lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

### Þingmannafrumvörp um

- breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, upplýsingaskylda, málshöfðunarheimild
- breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, stofnun hlutafélags, útvarpsgjald o.fl.
- meðlagsgreiðslur
- gjaldþrotaskipti, greiðsluaðlögun
- aukatekjur ríkissjóðs, skráning félaga
- innheimtulög
- breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, úrskurðir kærunefndar
- breytingu á lögum um stimpilgjald, heimildarbréf leiguhúsnæðis
- styrktarsjóð námsmanna
- breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, verðtrygð útlán
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, félagsgjöld til stéttarfélags
- bótarétt höfunda og heimildarmanna
- breytingu á samkeppnislögum, meðferð brota, verkaskipting o.fl.
- breytingu á lögum um fjármála fyrirtæki, kaup viðskiptabanka á hlutabréfum
- breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, bankastjórar
- breytingu á lögum um virðisaukaskatt, matvæli
- breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, orlofslaun

### Þingsályktunartillögur um

- vexti og þjónustugjöld bankastofnana
- sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins
- erlendar starfsmannaleigur
- stofnun vetnisráðs
- atvinnulýðræði
- aðgerðir gegn fátækt
- úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda
- formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum



- aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum
- úttekt vegna GATS-samningsins og breytinga á honum
- afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum
- raforkukostnað fyrirtækja, heildarlög
- breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar
- stofnun stjórnarsýsluskóla
- sérstakan skattafslátt vegna barna
- framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna

## 8.2 LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

### Tryggingagjald (viðbótarlífeyrissparnaður)

Heimild launagreiðanda til lækkunar á tryggingagjaldi, sem nýtt var sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaðar, var felld niður með lögum nr. 131/2003. Um rökstuðning er vísað til þess að heimildir einstaklinga til skattafrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda hafi verið rýmkaðar auk þess sem í kjarasamningum hafi verið samið um sérstakt framlag frá launagreiðanda á móti greiddu framlagi launþega í viðbótarlífeyrissparnað. Markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um viðbótarlífeyrissparnað hafi þannig náðst.

### Tímabundin ráðning starfsmanna

Með lögum nr. 139/2003 voru reglur tilskipunar ESB um tímabundna ráðningarsamninga, sem byggja á samningi aðila vinnumarkaðarins í Evrópu, lögfestar hér á landi. Markmið laganna er tvíþætt. Annars vegar að tryggja að starfsmönnum með tímabundna ráðningu sé ekki mismunandi miðað við þá sem ráðnir eru ótímabundið. Starfsmaður með tímabundna ráðningu skal hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu af þeirri ástæðu einni að hann er ráðinn tímabundið nema það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Hins vegar er lögum ætlað að koma í veg fyrir misnotkun er byggist á því að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum án hlutlægra ástæðna. Samkvæmt lögum er óheimilt að framlengja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfelld lengur en í tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum. Þó er heimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma, í jafnlangan tíma hverju sinni. Nýr ráðningarsamningur telst taka við af

öðrum samningi sé starfsmaður endurráðinn innan þriggja vikna. Þá er í lögum kveðið á um skyldu vinnuveitanda til að upplýsa tímabundið ráðna starfsmenn um störf sem losna innan fyrirtækis. Það má gera með almennum tilkynningum. Enn fremur skal vinnuveitandi leitast við að greiða fyrir aðgangi tímabundið ráðinna starfsmanna að starfsmenntun og starfsþjálfun.

### Stækkun Evrópska efnahagsvæðisins

Lögum um Evrópska efnahagsvæðið var breytt vegna samnings sem gerður var í Lúxemborg 14. október 2003 um þátttöku Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, sbr. lög nr. 8/2004.

### Hlutastörf

Tilskipun ESB frá 1997 um rammasamninginn um hlutastörf sem aðilar vinnumarkaðar í Evrópu hafa gert var lögfest með lögum nr. 10/2004. SA og ASÍ höfðu áður innleitt reglur tilskipunarinnar með kjarasamningi sem gerður var í nóvember 2002. Samkvæmt lögum eiga ákvæði þeirra því ekki við á samningssviði þessara aðila þar sem starfsmönnum hafa þegar verið tryggð þau réttindi sem tilskipunin kveður á um með kjarasamningi. Markmið þessara reglna er að hindra að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunun og greiða fyrir því að starfsmenn eigi vól á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna. Starfsmenn í hlutastörfum skulu ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru í hlutastarfi nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Þá segir í lögum að atvinnurekendur skuli svo sem kostur er leitast við að taka tillit til óska starfsmanns um breytingar á starfshlutfalli, auðvelda aðgang að hlutastörfum, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum og veita tímanlega upplýsingar um störf sem losna á vinnustaðnum. Þá telst það ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar samkvæmt lögum, og samningi ASÍ og SA, að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt. Uppsögn telst þó ekki andstæð lögum þessum ef hún er í samræmi við lög, kjarasamninga eða venju og stafar af öðrum ástæðum, svo sem rekstrarþörfum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.

## 8.3 DÓMSMÁL

### Aðilaskipti að fyrirtæki – afmarkaður þáttur í rekstri þess

Í dómi Hæstaréttar frá 8. maí 2003 var úrskurðað



í deilu um það hvort yfirtaka fyrirtækis A á far- miðasölu og pakkaafgreiðslu sem annar aðili, K ehf., hafði annast fyrir það, hefði falið í sér aðila- skipti í skilningi laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Tekið var fram að þjónusta sú sem fyrirtækið A tók til sín hefði verið afmarkaður þáttur í rekstri K. Þjónustan hefði ekki verið innt af hendi af starfsmönnum sem sinntu henni eingöngu, heldur hefði hún verið samofin veitingarekstri fyrirtækisins. Gat þessi þjónusta því ekki talist hafa verið efnahagsleg eining, sem haldið hefði sérkennum sínum þegar fyrirtækið A tók sjálf við henni vegna vanskila viðsejanda síns og sinnti henni á sama stað, en hún var óhjákvæmilegur þáttur í starfsemi þess sjálfs. Var því ekki talið að um aðilaskipti í skilningi laganna hefði verið að ræða.



#### **Heimildir gerðardóms skv. lögum um kjara- mál fiskimanna – staðfest að áhafnir fiski- skipa geti samið við útgerð um skiptingu hlutar sem sparast við að fækka í áhöfn**

Með lögum nr. 34/2001 var endir bundinn á verkfallsaðgerðir samtaka sjómanna annars vegar og verkbannsaðgerðir LÍÚ hins vegar. Eins og fram kemur í síðustu ársskýrslu höfðaði SSÍ mál gegn LÍÚ og krafðist þess að félagsmenn þess teldust ekki bundnir af tveimur nánar til- teknum málsgreinum í úrskurðarorði gerðar- dóms skv. lögnum. Annars vegar um hvernig skipta skyldi þeim hlut sem sparaðist ef fækkaði í áhöfn skips vegna tækninýjunga og hagræð- ingar og hins vegar um hvernig áhafnir skipa skyldu semja um slíkt við útgerðarmann viðkom- andi skips. Dómur gekk í Hæstarétti 9. október 2003. Um fyrra atriðið taldist gerðardómurinn hafa verið innan þeirra heimilda sem honum voru fengnar með 2. gr. laga nr. 34/2001. Um síðara atriðið var talið að samningar þeir sem um ræddi vörðuðu vinnuaðstæður hverju sinni um borð í tilteknu fiskiskipi og að samningsumboð stéttarfélaga samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur girti ekki fyrir að launþegar gætu eftir lögmætri skipan samið sjálfir um atriði sem snúa að einstaklings- bundnum hagsmunum á vinnustað þeirra. Var LÍÚ því sýknað af kröfum SSÍ í málinu.

#### **Skilningur á forgangsréttarákvæði kjara- samninga – dómar Félagsdóms eru endan- legir**

Eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu dæmði Félagsdómur uppsagnir fyrirtækisins K á tveimur félagsmönnum Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis, á

sama tíma og K hafði félagsmenn VR starfandi sem fólksflutningabifreiðastjóra, brot á ákvæði gildandi kjarasamnings um forgangsrétt félags- manna Bsf. Sleipnis til starfa. Taldi dómurinn lögmætt að beita forgangsréttarákvæðum við uppsagnir starfsmanna vegna samdráttar. Ekki skipti máli þótt félagsmenn VR hefðu verið lög- lega ráðnir áður en forgangsréttarákvæði kjara- samningsins tók gildi. Var því til stuðnings vísað til eldri dóms Félagsdóms og því hafnað að ákvæði stjórnarskrárinnar frá 1995 um féлага- frelsi hefðu áhrif. Í framhaldi af dómi Félags- dóms kröfðust bifreiðastjórnir skaða- og mis- kabóta vegna ólögmætrar uppsagnar. Hæsti- réttur tók ekki efnislega á málinu, í dómi sínum frá 12. febrúar 2004, með vísan til þess að dómar Félagsdóms væru endanlegir og þeim yrði ekki áfrýjað. Niðurstaða Félagsdóms var því lögð til grundvallar dómsúrlausn og var K dæmdur til greiðslu skaðabóta en sýknaður af kröfu um miskabætur.

#### **Ruðningsréttur stéttarfélags við fækkun starfsmanna.**

Niðurstaðan er því sú að stéttarfé- lag getur á grundvelli kjarasamnings gert kröfu um að félagsmönnum þess verði ekki sagt upp störf- um þegar fækka þarf fólki á meðan félagsmenn annarra stéttarfélaga sem ekki njóta forgangsrétt- ar eða ófélagsbundnir starfsmenn eru þar við störf. Engu virðist skipta þótt þeir síðarnefndu hafi verið ráðnir með heimild í kjarasamningnum, til dæmis vegna þess að félagsbundnir menn hafi ekki boðist. Staða þeirra ófélagsbundnu er ekki trygg nema þeir gangi í viðkomandi stéttarfélag, sem felur í raun í sér aðildarskyldu að félagi, sem til þessa hefur almennt verið talin óheimil skv. félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar sem kveður á um að engan megi skylda til aðildar að félagi. Ljóst er að verði utanfélagsmönnum gert að ganga í félagið til að komast hjá uppsögn er um að ræða þvingun til félagsaðildar sem brýtur gegn stjórnar- skrárákvæðinu og svokölluðu atvinnukúgunar- ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Sú réttarstaða sem upp er komin er því óásættanleg.

#### **Þörf á endurskoðun laga um Félagsdóm.**

SA lýstu því þeirri skoðun að mögulegt þurfi að vera að fá umfjöllun á tveimur dómstigum um mál eins og þetta, þar sem mikilsverðir hagsmunir eru í húfi án þess að þörf sé skjótrar úrlausnar, eða að önnur löggjöf en lög um stéttarfélög og vinnu- deilur kann að hafa afgerandi áhrif. Endurskoða þurfi því lög um Félagsdóm.

# ALPJÓÐAMÁL

Samtök atvinnulífsins taka þátt í ýmiss konar fjölþjóðlegu samstarfi, einkum á Evrópuvettvangi og með samtökum atvinnurekenda á hinum Norðurlöndunum. Samtökin starfrækja skrifstofu í Brussel og Evrópu- og alþjóðamálahópur SA er skipaður starfsfólki SA, aðildarfélaga og aðildarfyrirtækja, auk sérfræðinga utan samtakanna. Hópurinn fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu, meðal annars til að fjalla um málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO. Formaður Evrópu- og alþjóðahópsins er Gústaf Adolf Skúlason, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs SA.

## 9.1 EFTA, EES, ESB

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er tíu ára um þessar mundir. Allar kannanir benda til þess að um fáa alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa gert ríki meiri sátt. Samningurinn er almennt talinn hafa skapað forsendur til bættra lífskjara og aukið sóknarfæri í íslensku atvinnulífi. Evrópusambandið (ESB) tekst á við umfangsmikil viðfangsefni um þessar mundir. Annars vegar þingarsambandið um breytingar á sáttmálum samstarfsins og hins vegar um áhrif af fjölgun aðildarríkja úr fimmtán í tuttugu og fimm, og fleiri ríki biðja aðildar. Þrátt fyrir þessar annir sambandsins tókust samningar á milli EFTA og ESB um samhliða stækkun Evrópska efnahagssvæðisins á farsælan hátt. Innan ESB gengur hins vegar erfiðlega að efna fyrirheitin sem gefin voru í Lissabon um aukna samkeppnishæfni ESB.

## 9.2 RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Ráðgjafarnefnd EFTA samanstendur af fulltrúum samtaka úr atvinnulífi aðildarríkjanna allra. Nefndin heldur alla jafna fimm fundi á ári auk tveggja funda með ráðherrum EFTA ríkjanna og fundar með fastanefnd EFTA. Nýlega var tekið upp formlegt samráð við þingmannanefnd EFTA og voru tveir samráðsfundir nefndanna haldnir á starfsárinu. Nefndin hefur lagt áherslu á að forgangsraða verkefnum í sem nánustum tengslum við hagsmuni aðildarríkjanna og viðfangsefni ESB hverju sinni. Síðustu misseri hefur nefndin þess vegna beitt kröftum sínum að mestu að stækkun ESB, Lissabon ferlinu og umræðum um stjórnarskrá fyrir ESB. Nefndin skilaði álitserðum um öll þrjú viðfangsefnin til ríkisstjórna EFTA ríkjanna.

Þá hefur nefndin tekið upp óformlegt samráð við vinnuhópa og nefndir á vegum EFTA um efni sem snerta hagsmuni atvinnulífsins almennt. Meðal þeirra mála sem fjallað hefur verið um má

nefna aðild að ráðgjafarnefnd ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum og skipulag og starfsreglur byggðasjóða EFTA gagnvart ESB.

Ráðgjafarnefnd EES er samráðsvettvangur fulltrúa úr ráðgjafarnefnd EFTA annars vegar og Efnahags- og félagsmálanefnd ESB hins vegar. Nefndin hélt einn fund á starfsárinu og afgreiddi tvær sameiginlegar ályktanir. Önnur fjallaði um stækkun EES og hin um árangur Lissabon áætlunar ESB. Fulltrúum EFTA í nefndinni hefur verið gefinn kostur á að taka þátt í sameiginlegum fundum ESB nefndarinnar með aðilum vinnu- markaðarins í hinum nýju aðildarríkjum ESB

## 9.3 EVRÓPUSAMTÖK ATVINNULÍFSINS, UNICE

Þann 1. júlí 2003 tók Jürgen Strube við forsetaembætti UNICE af George Jacobs. Strube er stjórnarformaður þýska efnarísans BASF og hefur verið virkur félagi í samtökum þýskra vinnuveitenda um árabíl.

UNICE hefur lagt sérstaka áherslu á að vekja athygli á bágrri samkeppnisstöðu evrópskra fyrirtækja gagnvart japönskum og bandarískum keppinautum. Þann 14. nóvember var haldinn svokallaður evrópskur samkeppnisdagur í Brussel þar sem Silvio Berlusconi forsætisráðherra Ítalíu og þáverandi forseti ráðherraráðs ESB var meðal þátttakenda. Vinnuhópar á vegum samtakanna hafa einbeitt sér að því að koma hagsmunum fyrirtækja á framfæri bæði innan stjórnarskráráðstefnu ESB og í Lissabonferlinu.

Innan samtakanna er unnið að því að undirbúa samtök atvinnulífsins í nýju aðildarríkum ESB fyrir þátttöku í Evrópusamstarfinu. Samtök frá sex nýju ríkjanna hafa komið á nánú samstarfi við UNICE eða fengið aðild.

## 9.4 SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVRÓPSKUM KJARASAMNINGUM

Samningaviðræður UNICE og ETUC, Evrópusamtaka verkalýðsfélaga um vinnutengda streitu hófust á síðastliðnu hausti og er vonast til að samningar náist nú í vor. Viðfangsefnið er ólíkt því sem samtökin hafa fengist við áður að því leyti að það er ekki eins áþreifanlegt. Greina þarf á milli vinnutengdrar streitu sem er viðfangsefni þessara samninga og annarra streituvalda auk þess sem öll streita þarf ekki að vera skaðleg. Samninganefndin hefur komið saman mánaðarlega og unnið að því að setja fram markmið, skilgreiningar og hugsanlegar leiðir sem benda má á til úrbóta. Vonast er til að samningar geti tekist fyrir





sumarið en ekki er gert ráð fyrir að niðurstaðan verði lögfest í formi tilskipunar, frekar en gert var um samninginn um fjarvinnu sem gerður var á síðastliðnu ári.

Þá eru hafnar viðræður um jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði í samræmi við samstarfsáætlun UNICE og ETUC sem samþykkt var haustið 2002. Samkomulag er um aðferðir en byggt verður á dæmum um aðgerðir sem þykja hafa tekist vel. Haldnir verða fjórir fundir, hver um sitt viðfangsefnið, það er kynskiptan vinnumarkað, frumkvöðla, fjölskyldu og vinnustað og launamisrétti. Stefnt er að því að niðurstöðurnar bendi á vænlegar leiðir til árangurs en verði ekki í formi samnings með bindandi reglum.

#### **Innleiðing Evrópureglna í íslenskan rétt**

Efnisatriði tilskipana Evrópusambandsins sem eiga við á Evrópska efnahagssvæðinu skulu innleidd í íslenskan rétt með lögum eða kjarasamningum. Tilskipunin um tímabundnar ráðningar starfsmanna sem byggir á samningi UNICE og ETUC um sama efni var innleidd með lögum nr. 139/2003. Samtök atvinnulífsins gagnrýndu lagasetninguna og töldu að þar væri gengið lengra í því að setja reglur en tilskipunin gerir ráð fyrir, en úrræði hennar voru valkvæð og án tiltekinna hámarksviðmiðana, og eins að ekki væri samræmi milli lagatexta og skýringa í greinargerð. Samkvæmt lagatextanum er óheimilt að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfelld lengur en í tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum. Þó er heimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma, í jafnlangan tíma

hverju sinni. Orðalagið er skýrt að þessu leyti og verður að leggja það til grundvallar. Það þýðir að heimilt er að ákveða í ráðningarsamningi að maður sé ráðinn tímabundið til lengri tíma nema um endurnýjun sé að ræða eða framlengingu á fyrri ráðningu. Er það í samræmi við tilskipunina sem er ætlað að koma í veg fyrir misnotkun með endurteknum framlengingum slíkra samninga. Greinargerðin virðist á hinn bóginn miða við að hámarks lengd tímabundinna ráðningarsamninga sé í öllum tilvikum tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum eða um samið í kjarasamningum. Auk þess sem vinnuveitandi skal samkvæmt lögum ávallt leitast við að ráða starfsmann ótímabundið. Samsvarandi ákvæði er ekki í tilskipunartextanum og því gengið lengra en þar er gert ráð fyrir að þessu leyti, þótt ákvæðið sé einungis stefnumarkandi en ekki bindandi.

#### **9.5 EVRÓPUSKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS**

Evrópuskrifstofan er nánast jafngömul EES samningnum. Á sínum tíma var nauðsyn starfseminnar augljós, íslenskt atvinnulíf var að feta sig inn á nýjar slóðir bæði í samkeppni og tækifærum. Brýna nauðsyn lagði til að upplýsingar um samstarfið lægju fyrir þegar þörf krefði. Á þessum rúmlega tíu árum hefur mikið vatn runnið til sjávar og miklar breytingar orðið á aðstæðum og umhverfi Evrópusamstarfsins. Þar sem dreifing og öflun upplýsinga hefur að mestu fæst á Netið, þar sem aðgangur að þeim er greiður, hefur nærveran í Brussel ekki jafn afgerandi áhrif á þennan þátt starfseminnar. Persónuleg sambönd skipta þó áfram máli við öflun upplýsinga og öflun fylgis við sjónarmið. Innan Samtaka atvinnulífsins er nú unnið að endurmati á fyrirkomulagi Evrópusamskiptanna, að fenginni tíu ára reynslu af rekstri Evrópuskrifstofu atvinnulífsins.

Dæmin sanna að í framkvæmd EES samningsins skiptir tvennt mestu máli. Annars vegar að vita hver er tilgangur framlagðrar löggjafar og hins vegar að hún sé innleidd miðað við efni og aðstæður í hverju ríki. Forsenda þess að vita hver er tilgangur löggjafar og hugsunin á bak við hana er að taka eins mikinn þátt í mótun löggjafar og kostur er. Jafnframt er ljóst að ýmsar lausnir sem sniðnar eru að aðstæðum á meginlandi Evrópu geta þarfnast talsverðar aðlögunar að strjálbýlli svæðum, en oft skortir því miður á að svigrúm til aðlögunar að aðstæðum sé nýtt við innleiðingu tilskipana í íslensk lög og reglur. Yfirsýn, aðkoma og upplýsingaöflun um slík ferli hafa frá upphafi verið helsta verk-



efni Evrópuskrifstofu atvinnulífsins, einkum í krafti aðildar SA að UNICE.

## 9.6 ALPJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNIN, ILO

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um mál-efni ILO sem í eiga sæti fulltrúar SA og ASÍ fjallaði samkvæmt venju um skýrslur Íslands um framkvæmd alþjóðasamþykktar ILO og félagsmálasáttmála Evrópu. Nefndin hefur einnig unnið að því að fara yfir ákvæði félagsmálasáttmálans með tilliti til mögulegrar fullgildingar nýrra ákvæða hans en þar eru ýmis álitafæni. Ísland hefur fullgilt allar svokallaðar grundvallarsamþykktir ILO en valkvætt er hvort aðildarríkin fullgilda aðrar alþjóðasamþykktir stofnunarinnar. Fjöldi fullgildinga er því mjög misjafn eftir einstökum samþykktum sem margar hverjar hafa verið umdeildar. Sem dæmi má taka að samþykkt nr. 158 um uppsögn frá vinnu hefur aðeins verið fullgilt af 33 aðildarríkja ILO.

### Vinnumálalöpingið

Fulltrúar ríkisstjórnarinnar, SA og ASÍ sóttu 91. þing ILO sem haldið var í Genf 1.-20. júní 2003. Fastur liður á þinginu er umræða um skýrslu forstjóra sem að þessu sinni fjallaði um fátækt. Framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum ILO og meint brot einstakra ríkja er einnig fastur liður. Mál Myanmar var enn til umfjöllunar þar sem enn hefur ekki verið farið eftir ítrekuðum samþykktum ILO um að þarlend stjórnvöld láti af nauðungarvinnu. Þá var fjallað um persónuskilríki sjómanna og samþykkt ný alþjóðasamþykkt um það efni sem fékk númerið 185 sem sýnir þann fjölda samþykktar sem afgreiddur hefur verið frá upphafi. Tilgangur samþykktarinnar er meðal annars að tryggja ferðafrelsi sjómanna. Þá var einnig starfandi nefnd um aðbúnað og hollustuhætti og náðist samkomulag um áætlun til að draga úr slysum og sjúkdómum við vinnu annars vegar á grundvelli forvarna og hins vegar með því að þróa verkfæri sem nota megja til að hrinda áætluninni í framkvæmd. Launþegahugtakið, það er hver telst launþegi og nýtur verndar vinnuréttarreglna, þar með talið kjarasamninga, var enn til umræðu en tilraunir til setningar alþjóðasamþykktar um það efni strönduðu fyrir nokkrum árum. Efnið var það flókið og hugtakanotkun mismunandi eftir svæðum að ekki reyndist mögulegt að ná niðurstöðu í textasmíðinni. ILO er samt enn með áform um alþjóðleg viðmið í formi tilmæla sem beinast að dulbúnum ráðningarsamböndum. Niðurstaða umræðunnar var að tilmælin ættu að vera næg-

anlega sveigjanleg til að taka megja tillit til ólíkra efnahagslegra, félagslegra og lagalegra hefða auk þess að taka á jafnréttismálum kvenna og karla. Var því beint til stjórnarnefndarinnar að málið yrði tekið upp á dagskrá vinnumálalöpingins. Auk þessa fór fram á þinginu fyrsta umræða um nýjar ILO reglur um þróun og uppbyggingu mannauðs (human resources development) í stað eldri tilmæla sem orðin eru úrelt.

### Norrænn vinnuveitendafulltrúi í stjórnarnefnd ILO

Norrænu atvinnulífsamtökin hafa lengi átt samstarf um ILO málefni og sameinast um talsmann á því sviði. SA eru aðili að þessu samstarfi sem felst fyrst og fremst í upplýsingagjöf og samræmingu auk sameiginlegrar hagsmunagæslu ef því er að skipta. Núverandi talsmaður er Göran Trogren framkvæmdastjóri hjá sænsku atvinnulífsamtökunum og er hann jafnframt einn af fulltrúum vinnuveitenda í stjórnarnefnd ILO.



### Sérfræðinganefnd ILO um málefni fiskimanna

Í mars 2002 ákvað stjórn ILO að taka til endurskoðunar fimm alþjóðasamþykktir og tvönn tilmæli sem eru frá árunum 1920 til 1966 og varða fiskimenn. Ákveðið var að fela 24 manna sérfræðinganefnd með fulltrúum ríkisstjórna, launþega og vinnuveitenda að gera tillögur um endurskoðun reglnanna, sem verði lagðar fyrir vinnumálalöpingið sumarið 2004.

Einn Íslendingur, Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins var tilnefndur í nefndina. Var hann tilnefndur einn af átta fulltrúum IOE. Íslenska ríkið átti áheyrnarfulltrúa á ráðstefnunni en sjómannasamtökin áttu ekki fulltrúa.

Ráðstefna sérfræðinganefndarinnar var haldin í Genf 2. – 4. september 2003. Formaður var kjörinn Sidorov frá Rússlandi sem á sæti í stjórn ILO. Jón H. Magnússon var kosinn formaður vinnuveitendahóps IOE og tilnefndur einn af þremur varaformönnum ráðstefnunnar.

Töluverður ágreiningur var milli fulltrúa sjómanna og útgerða um það hvað skyldi leggja fyrir vinnumálalöpingið í júní 2004. Fulltrúar sjómanna vildu yfirfæra ýmis ákvæði úr samþykktum fyrir starfsmenn í landi og samþykktum fyrir skipverja á kaupskipum í fyrirhugaðar reglur um fiskimenn. Fulltrúar útgerða töldu hvorugt eiga við þar sem vinna um borð í fiskiskipum væri ólík vinnu í landi og á kaupskipum. Það yrði að fjalla um mál fiskimanna miðað við þeirra eigið umhverfi en ekki annarra. Þá væri eðlilegra að gera tillögur í formi

tilmæla en samþykkt vegna þess hve mikill munur væri á aðstæðum og viðmiðum eftir því hvar í heiminum væri og eftir stærð skipa.

Í framhaldi af fundinum í september vann skrifstofa ILO að tillögum sem lagðar verða fyrir vinnuálagningið í júní 2004. Ljóst er að ýmis ágreiningsmál verða á milli fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna á þinginu. Lokaumræða og atkvæðagreiðsla um tillögur að nýjum alþjóðasamþykktum verða svo á dagskrá vinnuálagingsins 2005.

### 9.7 IOE, ALPJÓÐASAMTÖK VINNUVEITENDA

Alþjóðasamtök vinnuveitenda, IOE, sem starfa á vettvangi ILO leggja megináherslu á að tryggja að sjónarmið vinnuveitenda endurspeglar í starfi ILO, sem er langt í frá gefið þrátt fyrir þríliða uppbyggingu stofnunarinnar með aðkomu launþega og vinnuveitenda. Það er gert með samræmingu og aðstoð við fulltrúa vinnuveitenda í stjórnarnefnd og á alþjóðavinnuálagningu. IOE hefur þrýst á um endurskoðun ILO samþykkt og eftirlitskerfis ILO með framkvæmd samþykktanna og lagt áherslu á atvinnuskapandi aðgerðir og frumkvöðlastarfsemi. IOE hefur einnig talið ástæðu til að fylgjast náið með því að stefnumörkun alþjóðastofnana skapi nauðsynleg skilyrði fyrir aukinni atvinnusköpun og fyrirtækjaanda en verði ekki til hindrunar. Einnig að tryggja athafnafrelsi fyrirtækja og að aðgerðir undir hatti hinnar svokölluðu félagslegu ábyrgðar fyrirtækja (CSR) verði áfram frjálssar. Samtökin eru einnig í nánú samstarfi við þá skrifstofu ILO sem fer með vinnuveitendamál.

### 9.8 NORRÆN SAMVINNA

Norræna ráðherraráðið hefur haldið árlega samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins. Fundirnir eru undirbúnir af embættismannanefnd sem kom saman hér í Reykjavík í byrjun apríl en Ísland fer nú með formennskuna í Norðurlandasamstarfi. Fram kom á fundinum að óvíst er með framhald samráðsfundanna þar sem sænsku atvinnulífssamtökin hafa hafnað þátttöku í samráðinu og ekki er áhugi fyrir hendi að halda því áfram nema öll norrænu vinnuveitendasamtökin komi að því.

### 9.9 FASTANEFND NORRÆNU VINNUVEITENDASAMTAKANNA

Fundur fastanefndar forystumanna norrænu atvinnurekendasmatakana var haldinn í lok ágúst 2003 á Íslandi. SA og SI stóðu í sameiningu

að fundinum sem fór fram í Húsi atvinnulífsins og tókst í alla staði mjög vel. Þessir fundir samtaka vinnuveitenda og iðnrekenda hafa verið haldnir sameiginlega síðustu ár, enda hafa samtökin í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð verið sameinuð.

Á fundinum var farið yfir efnahagsþróun á Norðurlöndum, en sérstaklega fjallað um samkeppnishæfni Norðurlanda, samskipti Evrópu og Ameríku og um framgang svokallaðs Lissabon ferlis, sem er stefnumörkun um bættu samkeppnishæfni Evrópu.

### 9.10 ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn var haldinn í Helsingfors dagana 27. – 29. ágúst 2003. Að vanda hafði hver þjóð framsögu um málefni sem ofarlega hafa verið á baugi á hverjum stað. Svíar greindu frá eigin rannsókn á því hversu mikil eða lítil samkeppni væri innan nokkurra atvinnugreina. Framlag SA var umfjöllun um sveigjanleika á vinnumarkaði og samanburð á gildandi reglum á opinberum og almennum vinnumarkaði. Danir fjölluðu annars vegar um nýja rannsókn á launamun kynjanna og hins vegar um þjónustu við félagsmenn á Netinu. Norðmenn og Finnar fjölluðu um ýmis vandamál við gerð og túlkun launakannana, þar á meðal um sambærileika niðurstaðna milli landa. Hluti dagskrár var heimsókn í höfuðstöðvar Nokia og í skóla finnsku atvinnurekendasmatakana fyrir verkstjóra og aðra stjórnendur.

### 9.11 LÖGFRÆÐINGAMÓT NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Lögfræðingamótið var haldið í Noregi dagana 20. – 23. ágúst 2003. Aðal-umfjöllunarefni fundarins var löggjöf gegn mismunun í atvinnulífinu (antidiskriminering í arbetslivet). Hvert land um sig kynnti skýrslu sína um réttarstöðuna í því efni í sínu landi. Skýrslurnar voru síðan ræddar á fund-



inum og skipst á skoðunum um lagalega stöðu og viðhorf samtakanna. Settar hafa verið Evróputilskipanir um þetta efni en þær eru ekki hluti EES samningsins og taka því ekki til Íslands. Þau lög-gjafar- og dómsmál sem hafa verið til umræðu í hverju landi á árinu voru einnig til umfjöllunar. Gerð var grein fyrir helstu nýjungum á vinnuréttarsviðinu í hverju landi fyrir sig, bæði hvað varðar lagabreytingar og dómsúrlausnir. Fundarmenn fengu þannig góða yfirsýn yfir þróun vinnuréttarins á Norðurlöndum á liðnu ári.

### 9.12 FUNDIR UMHVERFISMÁLDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDA-SAMTAKANNA.

Sameiginlegur fundur norræna iðnrekenda um umhverfismál – sem fulltrúi SA hefur sótt – var að þessu sinni haldinn í Reykjavík þann 13. júní 2003, í húsakynnum Samtakanna atvinnulífsins að Borgartúni 35. Gestum voru sýnd ný húsa-kynni samtakanna. Á dagsskrá var fjöldi mála sem rædd voru frá sjónarhóli hvers lands. Má þar nefna meðhöndlun úrgangs, seljendaábyrgð og loftslagsbreytingar af manna völdum. Fulltrúi Skeljungs hf. tók á móti gestum á vetnisstöð félagsins við Vesturlandsveg þar sem þeim var kynnt starfsemi stöðvarinnar. Daginn eftir var farið með þátttakendur að Kárahnjúkum þar sem fulltrúi Landsvirkjunar lýsti framkvæmdum á staðnum. Snætt var á staðnum í boði Landsvirkjunar áður en lagt var af stað heim á leið. Var ferðin hin ánægjulegasta í alla staði.

### 9.13 ÁRSFUNDUR VINNUVERNDAR-DEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundur norrænu atvinnurekendasamtakanna um vinnuvernd var haldinn í Henningsvær í Lofoten í Noregi, dagana 3. – 5. september 2003. Fundurinn hófst með gestafyrirlestri um fiskveiðar og fiskvinnslu á Lofoten. Á fundinum bar mest á umræðunni um veikindaforföll launafólks frá vinnu (sykefravær). Norðmenn og Svíar báru sig illa, enda veikindaforföll um 8% í Noregi og um 5,8% í Svíþjóð um þessar mundir, en hafa náð um 9% í Svíþjóð þegar verst lét. Í þessum löndum veldur fjárhagsskaðinn af völdum fjarvista frá vinnu mestum áhyggjum, enda mjög háar fjárhæðir í húfi. Í Danmörku hafa veikindaforföll verið um 4% og telja Danir málið vera í nokkuð góðu jafnvægi og hafa því ekki verulegar fjárhagsáhyggjur af málinu. Aftur á móti eru veikindaforföll þáttur í mati þeirra á framtíðarvinnuafli í Danmörku og að því leyti áhugaverð til frek-

ari skoðunar. Í Finnlandi eru veikindaforföll tiltölulega lág, um 4%, og hafa ekki verið framarlega í forgangs röðun verkefna þar í landi. Á Íslandi hafa veikindaforföll verið lægst á Norðurlöndum síðustu 10 árin og legið á bilinu 3,5 – 4%. Þó hefur verið áætlað, miðað við forsendur danskrar rannsóknar, að beinn kostnaður vegna veikindaforfalla hér á landi nemi um 20 – 25 milljörðum króna á ári (fréttabréf SA, 8. tbl. 2002). Á fundinum var ákveðið að stofna til rannsóknaverkefnis til að leita orsaka veikindaforfalla á Norðurlöndunum.

### 9.14 AF STARFI NEMIA

SA eiga aðild að gagnkvæmu váttryggingarfélagi norrænu vinnuveitendasambandanna, *Nordic Employers Mutual Insurance Association* sem VSÍ átti aðild að frá árinu 1988. Hlutverk félagsins er að endurtryggja tjónsáhættu vinnudeilusjóða samtakanna vegna bótageiðslna í tengslum við vinnustöðvanir. Félagið sem starfar í Lúxemborg er lokað og aðild að því eiga einungis hin fimm norrænu samtök vinnuveitenda. Vinnudeilusjóður SA (VDS) greiðir árgjald til NEMIA sem nam rúmlega 7 m.kr. í fyrra, en árið 2001 greiddi NEMIA um 30 m.kr. af þeim 211 m.kr. sem VDS greiddi vegna sjómannaverkfalls. Stjórn NEMIA hélt eiginlegan ársfund félagsins á Íslandi vorið 2003 og er það einungis í annað sinn frá upphafi að slíkur fundur er haldinn utan Lúxemborgar.

### 9.15 NORRÆNN SKATTA-FUNDUR

Norrænu atvinnurekendasamtökin halda árlega fundi um skattamál. SA hafa fram til þessa ekki tekið þátt í þessu samstarfi en þáðu boð gestgjafanna þegar það barst vorið 2003. Norrænu samtökin starfrækja sérstakar deildir um skattamál með nokkrum starfsmönnum sem hafa menntun og reynslu á sviði skattalöggjafar og skattaréttar. Sérhæfing er allnokkur þar sem starfsmenn eru sérhæfðir á mismunandi sviðum skattamála. Fundirnir standa yfirleitt í tvo daga og hefjast á greinargerðum um stöðu skattamála í hverju landi fyrir sig. Að þessu sinni var fjallað um orkuskatta, breytingar á VSK-reglum í ESB, alþjóðlega reikningskilastaðalinn (IAS) og áhrif á skattasviðið og loks um fyrirtækjaskatta. Fulltrúi SA komst að því á fundinum að norrænir samstarfsmenn hrífast mjög af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skattalögum hér á landi á undanföllum árum og þeim áformum sem stjórnvöld hafa um skattalækkanir.



# MENNTASTARF SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

## 10.1 HELSTU VIÐFANGSEFNI Á SVIÐI MENNTAMÁLA

Samtök atvinnulífsins taka mikinn þátt í fjölbreyttu samstarfi á sviði mennta- og fræðslumála. Helstu samstarfsaðilar samtakanna eru aðildarsamtök SA, samtök launafólks og opinberir aðilar. Samtök atvinnulífsins hafa mótað sér almenna stefnu á þessu sviði og vinna að framgangi hennar með öðrum. Menntahópur SA er skipaður fulltrúum aðildarsamtakanna og áhugafólki úr atvinnulífinu. Menntahópurinn hélt þrjá fundi á starfsárinu 2003-2004. Gústaf Adolf Skúlason forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs hjá SA tók við formennsku í hópnum á árinu af Jóni Sigurðssyni þegar sá síðarnefndi tók við stöðu Seðlabankastjóra.

Meðal helstu viðfangsefna sem unnið var að á starfsárinu voru Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mennt, Starfsmenntaráð, fræðslusjóðir aðila vinnumarkaðarins og ýmsar aðrar nefndir og ráð. Auk þess tóku fulltrúar SA á mótum og fundum með erlendum gestum á vegum CEDEFOP (miðstöðvar Evrópusambandsins um þróun í starfsmenntun) og áttu þátt í ráðstefnum og fundum, þar á meðal um þróun símenntunar á Íslandi og í Evrópu, aðgengi og fjármögnun (sjá nánar í kafla 11.4).

## 10.2 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð í desember 2002 af Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands og opnuð formlega í nóvember 2003. FA er samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Í þjónustusamningi við menntamála-



ráðuneytið er samkomulag um að FA sinni fyrst og fremst þeim hópi fólks sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendum og öðru fólki í sambærilegri stöðu. Á íslenskum vinnumarkaði er þessi hópur mjög stór eða hátt í 40%. Ljóst er að þetta fólk stendur höllum fæti að því er lýtur að símenntun og möguleikum til þróunar og sveigjanleika til jafns við framvindu atvinnulífs og nýsköpunar. Um leið liggur fyrir að takmörkuð grunnmenntun og starfsmenntun stendur samkeppnishæfni og nýsköpun fyrir þrifum.

Hlutverk FA verður fyrst og fremst að skilgreina menntunarfærir fyrirtækja, starfsstétta og einstaklinga og byggja upp framboð á lengra og styttra námi fyrir markhópinn. Mikilvægt hlutverk er einnig að aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og þeirri færni sem fólk hefur aflað sér utan skóla, meðal annars á vinnumarkaði. FA mun vinna að því að fjölga námstilboðum og bæta gæði þeirra. Starfið mun fara fram á landinu öllu, meðal annars í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar.

Byggð verður upp kennslufræðimiðstöð í fullorðins- og starfsfræðslu innan Fræðslumiðstöðvarinnar og verða fræðsluaðilum boðin námskeið fyrir kennara og annað starfsfólk, svo byggja megi upp og staðfesta gæði fræðslunnar. Lögð verður áhersla á mikilvæga þætti í kennslu fullorðinna, svo sem virðingu fyrir námsfólki sem vill hafa áhrif á framvindu námsins og markmið þess, ásamt því að byggja ofan á reynslu sína og þekkingu. Fræðslumiðstöðin mun einnig safna og miðla upplýsingum fyrir markhópana, ásamt því að byggja upp náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði. Fræðslumiðstöðin er til húsa að Grensásvegi 16a og framkvæmdastjóri er Ingibjörg E. Guðmundsdóttir. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu FA, [www.fraedslumidstod.is](http://www.fraedslumidstod.is).

## 10.3 MENNT

Sökum hallarekstrar þurfti að draga nokkuð saman í rekstri Menntar, samstarfs- og samráðs-



vettvangs atvinnulífs og skóla á sviði menntunar. Bág fjárhagsstaða var einkum rakin til stærsta verkefnis Menntar á undanförunum árum, sem verið hefur metnaðarfull uppbygging á sameiginlegri upplýsingaveitu um námsframboð á Íslandi, mennt.is. Verkefnið hefur reynst Mennt kostnaðarsamara en áætlanir gerðu ráð fyrir og hefur stjórn Menntar frestað allri frekari þróun þess um sinn og lýst áhuga á að framselja reksturinn. Það hefur síðan haft það í för með sér að stöðugildum var fækkað úr fimm í þrjú og hálf og unnið hefur verið að ítarlegri verkefnatengingu fjárhagsbókhalds. Þá hefur starfsemin verið flutt í ódýrara húsnæði, hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að Grensásvegi 16a, og svo virðist sem rekstrinum hafi verið komið í ágætt jafnvægi.

Af innlendum viðburðum sem hafa verið í umsjá Menntar ber hæst Viku símenntunar í september sem er átak á landsvísu og miðar að því að hvetja fólk til að auka þekkingu sína og færni (sjá umfjöllun í kafla 10.4). Af öðrum innlendum viðburðum má nefna UT ráðstefnu um upplýsingatækni í skólastarfi, sem Mennt hafði umsjón með og haldin var í Garðabæ í byrjun mars 2004. Einnig sér Mennt um árleg Starfsmenntaverðlaun í samstarfi við Starfsmenntaráð og voru þau afhent í Viku símenntunar. Fjallað er um Evrópuverkefni Menntar hér til hliðar.

#### 10.4 VÍKA SÍMENNTUNAR

Vika símenntunar var haldin í fjórða sinn dagana 7. – 13. september. Að þessu sinni var lögð áhersla á fjarnám og aðrar óhefðbundnar leiðir til náms. Einnig var lögð áhersla á almenna hvatningu og kynningu á mikilvægi símenntunar fyrir almenning. Átak þetta er á landsvísu og tók fjöldi fyrirtækja, stofnana, skóla og einstaklinga þátt. Mennt hafði umsjón með framkvæmd vikunnar eins og undanfarin ár og Samtök atvinnulífsins voru meðal stuðningsaðila.

#### 10.5 STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum frá 1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Tilgangur ráðsins er að efla starfsmenntun í landinu og úthlutar það meðal annars styrkjum til starfsmenntunar. Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í Starfsmenntaráð. Samtök atvinnurekenda tilnefna þrjá menn og samtök launafólks aðra þrjá. Ráðherra skipar síðan einn án tilnefningar. Undanfarin ár hefur starfsmenntasjóður Starfsmenntaráðs árlega fengið um 60 milljónir króna úr atvinnuleysistryggingasjóði til úthlutunar. Í ár lagði starfsmenntaráð áherslu á tvö þemu við



úthlutanir á styrkjum. Þau voru 1) ný tækifæri til náms, með sérstakri áherslu á nám í verk- og tæknigreinum, og 2) ferðapjónusta og útivist. Þá hafa tiltekna fjárhæðir verið eyrnamerktaðar rannsóknnum á sviði starfsmenntunar og til að markaðssetja og kynna verkefni sem tengjast starfsmenntun. Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð í samstarfi við Mennt þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og því sem vel er gert á þessu sviði. Verðlaunin eru veitt þeim sem þykja hafa unnið framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar á Íslandi og eru þau veitt í þremur flokkum: flokki fyrirtækja og félagasamtaka,

#### Evrópuverkefni Menntar

Stór þáttur í starfsemi Menntar lýtur að stuðningi við þá sem hafa áhuga á auknu Evrópusamstarfi í tengslum við starfsmenntun og þróun menntunar fyrir atvinnulífið. Mennt tengist þar meðal annars þremur áætlunum Evrópusambandsins, **Leonardó da Vinci**, **CEDEFOP** og **Europass**. Allar upplýsingar um mögulegt Evrópusamstarf innan Menntar gefur framkvæmdastjóri Menntar, Aðalheiður Jónsdóttir (alla@mennt.is).

##### Leonardó da Vinci

MENNT er þjónustuskrifstofa Landsskrifstofu Leonardós á Íslandi og hefur umsjón með ýmsum þáttum innan áætlunarinnar. Þar á meðal eru kynningar, ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur. Bein aðstoð við umsækjendur í umsóknarferlinu hefur verið fyrirferðarmest og er sú þjónusta umsækjendum að kostnaðarlausu. Miklir möguleikar felast í þátttöku í Leonardó áætluninni og hefur Mennt í samvinnu við Landsskrifstofu Leonardós hvatt fyrirtæki til að taka þátt í verkefnum áætlunarinnar. Þar er um góða styrki að ræða og oft árangursríkt samstarf.

##### CEDEFOP

MENNT er íslenskur tengiliður CEDEFOP, miðstöðvar Evrópusambandsins um þróun í starfsmenntun. Hlutverk Menntar er tvíþætt. Annars vegar er umsjón með upplýsinganeti og gagnabanka CEDEFOP á sviði upplýsinga og rannsókna. Þar fer fram gagnkvæm miðlun upplýsinga til og frá Íslandi um það sem gerist í starfsmenntamállum. Mennt ber ábyrgð á að halda CEDEFOP upplýstri um það sem er að gerast á Íslandi og auðveldar aðgengi Íslendinga að þeim evrópsku upplýsingum sem CEDEFOP býr yfir. Hins vegar hefur Mennt umsjón með námsferðum sem CEDEFOP skipuleggur og styrkir. Námsferðirnar eru þriggja til fimm daga heimsóknir ætlaðar leiðbeinendum, stefnumótendum og stjórnendum í starfsmenntun þar sem þátttakendum gefst færi á að kynna sér tiltekna þætti í starfsmenntakerfi annarra landa. Íslendingar hafa aðgang að átta slíkum styrkjum árlega og á móti kemur að Mennt tekur á móti einum hópi sérfræðinga hingað til lands á hverju ári.

##### Europass

Mennt hefur með höndum umsýslu vegna EUROPASS á Íslandi sem er starfsmenntavegabréf Evrópusambandsins. Með Europassanum er ætlunin að hvetja til aukins hreyfanleika fólks í starfsmenntun með því að stuðla að því að þjálfun sé viðurkennd á milli landa. Passinn er ætlaður nemum í starfsnámi sem kjósa að sækja starfsþjálfun í öðru Evrópulandi. Passinn staðfestir að eigandinn hafi hlotið starfsþjálfun í tengslum við nám sitt sem metin verður sem hluti af, eða viðbót við, nám á Íslandi.

flokki skóla og fræðsluaðila og í opnum flokki. Verðlaunin hlutu að þessu sinni Eimskip í flokki fyrirtækja, Eftirmenntun vélstjóra í flokki skóla og fræðsluaðila og Verkmenntaskólinn á Akureyri í opnum flokki. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson afhenti verðlaunin í tengslum við viku símenntunar.

### 10.6 FRÆÐSLUSJÓÐIR

Á árinu 2000 gerðu Samtök atvinnulífsins samninga við helstu viðsemjendur sína um stofnun sérstakra fræðslusjóða á almennum vinnumarkaði, einkum til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks á vinnumarkaði. Þessir sameiginlegu fræðslusjóðir eru: Starfsafl, með félögum í Flóabandalaginu; Landsmennt, með Starfsgreinasambandinu; og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, með Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Landssambandi íslenskra verzlunarmanna. Árið 2002 bættist við Sjómennt, með Sjómannasambandi Íslands.

Nú liggur fyrir að Landsmennt og Starfsafl verða starfræktir áfram á nýju samningstímabili (skv. nýgerðum kjarasamningum SA við Starfsgreinasamband og Flóabandalag). Það er samdóma álit samningsaðila og annarra sem til þekkja að mjög vel hafi tekist til í þessari starfsemi og að grettistaki hafi verið lyft í starfsfræðslumálum verkafólks. Sjóðirnir voru að mestu fjármagnaðir af Atvinnuleysistryggingasjóði og þar með af tryggingargjaldi á fyrra samningstímabili, ásamt með framlagi stéttarféлага. Sjóðirnir munu áfram fá fjárveitingu úr Atvinnuleysistryggingasjóði út árið 2007 til að treysta sjóðina í sessi og munu 190 m.kr. renna til hvors þeirra á árunum 2004 – 2007, auk 30 m.kr. byggðaalags til Landsmenntar. Atvinnurekendur munu síðan í áföngum taka yfir beina fjármögnun sjóðanna á seinni hluta samningstímans og greiða af launum sem hér segir:

frá 1. janúar 2006	0,05%.
frá 1. janúar 2007 samtals	0,15%.

Þegar þetta er ritað liggur hins vegar ekkert fyrir um framtíð Sjómenntar þar sem ekki hefur verið samið við Sjómannasamband Íslands. Sjóðnum voru á sínum tíma tryggðar 45 m.kr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði til vors 2004. Með samningi SA og LÍV/VR var hins vegar samþykkt að starfsemi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks héldi áfram á nýju samningstímabili með sama sniði og verið hefur. Sjóðurinn hefur haft 0,15% af heildarlaunum starfsmanna frá fyrirtækjum og þriðjung af greiddu framlagi fyrirtækja frá stéttarfélögum. Fyrirtæki hafa getað sótt um undanþágu – að uppfylltum tilteknum skilyrðum, svo sem að þau starfræki virka endurmenntunartefnu og að kostnaður vegna menntastefnu fyrirtækisins sé meiri en 0,15% af heildarlaunum starfsmanna sbr. 12. gr. samþykktu sjóðsins – og fengið gjaldið lækkað í 0,05% af heildarlaunum starfsmanna.

Í reglugerðum fræðslusjóðanna eru meðal annars ákvæði um tilgang, starfsvettvang og verkefni. Þar er kveðið á um störf að þróunarverkefnum, kynningarstarfi og hvatningu. Sjóðirnir skulu meðal annars stuðla að aukinni hæfni starfsfólks og efla samkeppnisstöðu fyrirtækjanna, styrkja gerð námsefnis og fræðsluframboð og vinna að átaki á sviði starfsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði.

Á árinu 2003 námu styrkveitingar Landsmenntar til einstaklinga 29 m.kr. en greiðslur til fyrirtækja og féлага 24,2 m.kr. Styrkveitingar Starfsafls til einstaklinga námu 20,8 m.kr. og greiðslur til fyrirtækja 11,8 m.kr. (um 7,2 m.kr. bættust þar við í ársbyrjun 2004). Þá námu styrkveitingar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks um 69 milljónum króna, sem voru nær alfarið einstaklingsstyrkir. Loks námu styrkveitingar Sjómenntar til einstaklinga 1,7 m.kr. og greiðslur til fyrirtækja og féлага 3,4 m.kr., auk þess sem 1,5 m.kr. var veitt til þróunarverkefna.

### 10.7 MENNTAREIKNINGAR

Flóabandalagið fór í kröfugerð sinni fram á að launafólki yrði gefinn kostur á að leggja ákveðið hlutfall af launum sínum inn á menntunareikninga sem nyttu skattfríðinda og að atvinnurekendur greiddu mótframlag. Upphæðin átti að fara í séreignasparnað væri hún ekki nýtt til menntunar. Sömu hugmyndir voru settar fram í kröfugerð Starfsgreinasambands utan Flóa. VR og LÍV settu hins vegar fram hugmynd um sparnaðarfyrir-



komulag starfsmanna, þar sem gert var ráð fyrir að atvinnurekendur greiddu mótframlag. Innvegin yrði séreign hvers starfsmanns sem hann gæti nýtt lenti hann í langvarandi atvinnuleysi, eða færi í nám, en bættist ella við séreignalífeyrissparnað hans.

Í *Áherslum atvinnulífsins*, sem gefnar voru út í maí 2001, hvöttu SA til upptöku svokallaðra námssparnaðarreikninga. Hugmyndin að baki þeim var einmitt sú að launafólki yrði umbunað í formi skattfríðinda fyrir að leggja fyrir fé til að kosta menntun sína eða þjálfun, og taka þannig að vissu marki ábyrgð á eigin menntun. Í janúar síðastliðnum kynnti Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu um menntareikninga, sem unnin var fyrir Eflingu, VR og Starfsmenntaráð. Í skýrslunni snýr grunnhugmyndin að sparnaði einstaklingsins, með umbun frá ríkinu í formi skattaívilnunar. Til viðbótar er gert ráð fyrir að mótframlag gæti komið frá atvinnurekanda, en ekki er um slíkt mótframlag að ræða í þeim erlendu dæmum sem rakin eru í skýrslunni (Bretland, Bandaríkin og Svíþjóð), utan frumkvæðis tiltekinnar fyrirtækja í Svíþjóð þar sem menntareikningakerfi er til skoðunar.

Í tengslum við gerð kjarasamnings SA og Flóabandalagsins var gert samkomulag um menntareikninga. Í því lýsa samningsaðilar því yfir að þeir séu fylgjandi hugmyndum um að starfsmenn fyrirtækja geti stofnað sérstaka menntareikninga sem ætlað er að standa undir hluta af kostnaði við lengra nám og menntun sem launafólk ákveður að sækja sér. Samningsaðilar lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir að vinna að því gagnvart stjórnvöldum að slíkir reikningar hljóti sömu skattalegu meðferð og séreignasjóðir lífeyrissjóðanna. Þá hvetja samningsaðilar fyrirtæki og stéttarfélag sem sinna menntamálum launafólks að kynna menntareikninga sérstaklega meðal starfsmanna sinna. Sérstök nefnd á vegum samningsaðila, skipuð tveimur frá hvorum aðila, mun hafa það hlutverk að undirbúa tillögur um hvernig vinna megi áfram að málinu. Sams konar samkomulag var gert í tengslum við kjarasamning SA við LÍV/VR.

### 10.8 STARFSGREINARÁÐ

Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í ellefu starfsgreinaráð. Starfsgreinaráðum er samkvæmt lögum ætlað að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og að setja fram markmið með starfsnámi. Þau gera einnig tillögur um skiptingu náms milli skóla og vinnustaða og semja reglur um nám á vinnustöðum. Ráðin

eiga að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytingar á námi og námsskipan og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðin heyra.

Menntamálaráðuneytið veitir nokkru fé til starfsemi starfsgreinaráða og hafa nokkur þeirra starfsmenn í hlutastarfi eða hafa samið við fræðslustofnanir um þjónustu. Aðstæður og einstök verkefni starfsgreinaráða eru misjöfn eftir starfsgreinum og hefur ráðunum miðað misjafnlega.

Með starfi starfsgreinaráða er leitast við að efla tengsl starfsmennta og atvinnulífs og til að auðvelda aðilum á vinnumarkaði að taka formlega þátt í ákvörðunum um þróun og fræðsluskipan. Í lögum um framhaldsskóla frá 1996 eru mikilvæg skref stigin í þessa átt og er sammæli um að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið.

## 10.9 TILNEFNINGAR SA Í NEFNDIR OG RÁÐ Á SVIÐI MENNTAMÁLA

### Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis

Aðalm. Gústaf A. Skúlason, SA  
Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI  
Aðalm. Halldór Frímansson, VÍS hf.  
Varam. Jón H. Magnússon, SA  
Varam. Guðbergur Rúnarsson, SF  
Varam. Ingvar Stefánsson, Olúfélagið hf.

### Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Aðalm. Emil B. Karlsson, SVP  
Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI  
Aðalm. Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Varam. Jónína Gissurardóttir, SA

### Mennt, samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla

Aðalm. Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Aðalm. Emil B. Karlsson, SVP  
Varam. Ingi Bogi Bogason, SI  
Varam. Guðbergur Rúnarsson, SF

### Vika símenntunar 2003

Jónína Gissurardóttir, SA

### Dómnefnd starfsmenntaverðlauna

Jónína Gissurardóttir, SA

### Verkefnisstjórn vegna fimm ára átaks um símenntun

Jónína Gissurardóttir, SA





**Samstarfsnefnd um starfsnám á framhalds-skólastigi**

Aðalm. Ágúst H. Elíasson, SF  
 Aðalm. Guðlaug Ólafsdóttir  
 Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI  
 Aðalm. Róbert Trausti Árnason  
 Aðalm. Steinar Davíðsson, Viðeyjarstofa  
 Varam. Erna Hauksdóttir, SAF  
 Varam. Guttormur Pálsson, Meistarafél. iðnaðarm.  
 í Hafnarfirði  
 Varam. Ingólfur Sverrisson, SI  
 Varam. Ólafur Steingrímsson, Oddi hf. prentsm.  
 Varam. Svavar Svavarsson, Grandi hf.  
 Varam. Þorlákur Björnsson, Orkuveitan

**Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytis**

SA skipar 23 aðalmenn og varamenn þeirra í eftirtalin 11 starfsmenntaráð

Björgun, öryggisvarsla og löggæsla  
 Byggingar- og mannvirkjagerð  
 Farartækja- og flutningsgreinar  
 Fjármála- og verslunargreinar  
 Hönnunar- og handverksgreinar  
 Matvæla- og veitingagreinar  
 Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar  
 Náttúrunýting  
 Sjávarútvegs- og siglingagreinar  
 Snyrtigreinar  
 Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

**Viðskiptaháskólinn á Bifröst – skólanefnd**

Aðalm. Guðjón Rúnarsson, SBV  
 Aðalm. Ingimar Jónsson, Kaupás hf.  
 Varam. Atli Atlason, Landsbanki hf.  
 Varam. Ólafur Ólafsson, Samskip hf.

**Starfshópur vegna starfsnáms á vinnustað**

Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI  
 Aðalm. Emil B. Karlsson, SVP

**Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála verslunarmanna (Starfsmennt)**

Aðalm. Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.  
 Aðalm. Sigurður Jónsson, SVP  
 Aðalm. Gunnar Ingi Sigurðsson, Hagkaup  
 Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA  
 Varam. Ingi Bogi Bogason, SI

**Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála SGS (Landsmennt)**

Aðalm. Arnar Sigurmundsson, SF  
 Aðalm. Halldór Frímansson, VÍS hf.  
 Varam. Ingi Bogi Bogason, SI  
 Varam. Ragnar Árnason, SA

**Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála Flóabandalagsins (Starfsafl)**

Aðalm. Einar Marinósson, OLÍS  
 Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI  
 Varam. Ragnar Árnason, SA  
 Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA

**Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar**

Ágúst H. Elíasson, SF  
 Svavar Svavarsson, Grandi hf.

**Stjórn verkstjórnarnámskeiða**

Aðalm. Ingólfur Sverrisson, SI  
 Varam. Ragnar Árnason, SA

**Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins um starfsþjálfun**

Kristófer M. Kristinsson, SA

**Stjórn landsskrifstofu Leonardó II – áætlunar Evrópusambandsins um verknám, starfsþjálfun og símenntun**

Gústaf Adolf Skúlason, SA



# ÚTGÁFA OG KYNNING

## 11.1 VEFUR SA

Vefur SA, [www.sa.is](http://www.sa.is), gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun samtakanna og í samskiptum við félagsmenn. Á vefnum er mikið safn upplýsinga og eru síðurnar alls hátt á fjórða þúsund talsins. Auk hefðbundinna upplýsinga um samtökin, svo sem um samþykktir, skipulag og starfsemi, er þar að finna margvíslegar upplýsingar fyrir atvinnulífið. Má þar nefna efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, samkeppnismál og ýmsar fréttir sem tengjast atvinnulífinu.



## Vinnumarkaðsvefur SA

Á sérstökum vinnumarkaðsvef Samtaka atvinnulífsins er að finna ítarlegar en aðgengilegar upplýsingar um ráðningar á starfsfólki og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnumarkaðsvefurinn er opinn öllum félagsmönnum SA. Leiðin inn á hann er í gegnum kjaramálasíðu á vef SA (bein leið er [www.sa.is/vinnumarkadsvefur/](http://www.sa.is/vinnumarkadsvefur/)). Þegar farið er inn á vefinn í fyrsta sinn úr tiltekinni vinnustöð þarf að slá inn notandanafn og lykilorð sem voru send aðildarfyrirtækjum og aðildarfélögum við opnun vefsins í nóvember 2001 og hafa jafnframt verið send til allra nýrra félagsmanna frá þeim tíma.




## 11.2 AF VETTvangi

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en hægt er að nálgast ítarlegri umfjöllun um hvert mál á vef samtakanna með einum músarsmelli. Þannig þjónar fréttabréfið öðrum þræði því hlutverki að minna á vefinn og það mikilvæga hlutverk sem hann gegnir í upplýsingamiðlun samtakanna og samskiptum við félagsmenn. Jafnframt



er fréttabréfið nýtt til að koma sjónarmiðum og skoðunum SA á framfæri. Fréttabréfið er sent út fyrsta fimmtudag hvers mánaðar (nema í ágúst, vegna sumarleyfa). Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en einnig er hægt að nálgast það á vef SA.

## Fyrirtækið hyggst... starfsfólki næstu 3-4 mánuði (lausráðnir ekki meðtaldir)



## Kannanir SA meðal aðildarfyrirtækja

Nokkrum sinnum á ári gera Samtök atvinnulífsins rafrænar kannanir meðal aðildarfyrirtækja sinna og eru niðurstöður flestra þeirra birtar í fréttabréfinu *Af vettvangi*. Undanfarin misseri hafa væntingar fyrirtækja um afkomu og áform þeirra um fjárfestingar verið könnuð árlega og áform um ráðningar á starfsfólki tvisvar á ári. Samhliða þessu eða þess á milli hafa önnur tilfallandi mál verið könnuð. Kannanirnar eru unnar með netforriti sem tryggir að svör verða ekki rakin til ein-



stakra fyrirtækja. Kannanir sem fjallað var um í *Af vettvangi* á starfsárinu voru:

- Viðsnúningur á vinnumarkaði, 7. tbl. 2003
- Hagræði af tilfærslu fimmtudagsfridaga, 7. tbl. 2003
- Sérstök hækkun lægstu launa færi upp allan launastigann, 10. tbl. 2003
- Afkomuvæntingar fyrirtækja óbreyttar milli ára, 10. tbl. 2003
- Lítil hreyfing á vinnumarkaði, 1. tbl. 2004
- Fyrirtæki hyggjast draga úr fjárfestingum, 2. tbl. 2004

### 11.3 PRENTÚTGÁFA

#### Eftirlit með atvinnustarfsemi – tillögur til úrbóta

Í tengslum við aðalfund SA í maí kom út skýrsla þar sem fjallað er um eftirlit með atvinnustarfsemi og tillögur settar fram til úrbóta. Fjallað er almennt um málaflokkinn og viðmið sett fram sem hafa beri að leiðarljósi við ákvörðun um og framkvæmd eftirlits. Jafnframt er eftirlitsumhverfi nokkurra atvinnugreina skoðað og tillögur settar fram um úrbætur á einstökum sviðum. Fjallað er sérstaklega um eftirlit með starfsemi rafverktaka, veitingahúsa, bensínstöðva og fjármálafyrirtækja, eftirlit í byggingariðnaði og fiskeldi og um skipaskoðun og matvælaeftirlit, auk dæma úr fleiri áttum.

#### Stjórnarhættir fyrirtækja – leiðbeiningar

Verslunarráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands kynntu í mars nýjar leiðbeiningar um starfshætti fyrirtækja sem hafa að markmiði að skýra hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda fyrirtækja á Íslandi. Með leiðbeiningunum er þessum aðilum auðveldað að rækja skyldur sínar um leið og hagur allra hluthafa í hlutafélögum er eflur.



### 11.4 FUNDIR OG NÁMSKEIÐ

#### Vernd skipa, farms og farþega

Mikið fjölmenni var á morgunfundi Samtaka atvinnulífsins um vernd skipa, farms og farþega, sem haldinn var 10. febrúar í Borgartúni 35. Á fundinum var fjallað um væntanlega löggjöf um siglingavernd og áhrif hennar, kostnað, eftirlit, umsýslu og fleira. Löggjöfinni er ætlað að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar á sviði siglingaverndar, sem aftur er ætlað að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögumætum aðgerðum. Kveðið er á um gerð áhættumats og verndaráætlunar og skipun verndarfulltrúa fyrir skip og útgerðarfélög í alþjóðsiglingum og fyrir hafnir sem kjósa að þjóna slíkum skipum. Þá er kveðið á um öryggisleit, bakgrunnsskoðun, heimildir til gjaldheimtu og fleira.

Ari Edwald framkvæmdastjóri SA, setti fundinn og stýrði honum en erindi fluttu Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneyti, Sigurður Skúli Bergsson, forstöðumaður hjá tollstjóranum í Reykjavík, Hörður Blöndal, framkvæmdastjóri Hafnarsamlags Norðurlands og Ólafur J. Briem framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða.

Almennt má segja að á fundinum hafi komið fram áhyggjur af þeim kostnaði sem nýju lögin



munu hafa í för með sér. Kostnaðurinn mun í upphafi einkum lenda á höfnum, skipafélögum og útflytjendum, en neytendur munu síðan á endanum bera hann. Almenn samstaða var um að nauðsynlegt væri að uppfylla alþjóðlegar lágmarkskröfur á trúverðugan hátt en jafnframt að nauðsynlegt væri að framkvæmdin yrði sem hagkvæmust og hefði sem minnstan kostnað og umstang í för með sér. Erindi framsögumanna og nánari umfjöllun um fundinn má nálgast á vef SA, sem og umsögn samtakanna um frumvarpið.

Þá stóðu SA að fjölda funda og ráðstefna í samstarfi við aðra aðila. Má þar nefna:

- *Máttarstólpar og menningin*, opinn fundur Listahátiðar í Reykjavík og Höfuðborgarstofu um samstarf menningar- og atvinnulífs, í samvinnu við SA. Listasafn Reykjavíkur, 5. september.
- *Ríki mennskunnar – eitt samfélag fyrir alla*, málþing rektors Háskóla Íslands, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið, SA, ASÍ og BSRB, í til efni af Evrópuári fatlaðra 2003. Aðalbygging HÍ, 2. desember.
- *Alþjóðleg reikningsskil*, hádegisverðarfundur Deloitte í samvinnu við SA og Samtök banka og verðbréfafyrirtækja. Grand Hótel Reykjavík, 9. desember.
- *Skattadagur* Deloitte, Viðskiptablaðs Morgunblaðsins og SA. Grand Hótel Reykjavík, 13. janúar.
- *Mannauður innflytjenda*, málþing Alþjóðahúss í samvinnu við SA, ASÍ og félagsmálaráðuneytið. Iðnó, 20. febrúar.
- *Evrópufélög – nýtt hlutafélagaform*, hádegisfundur Háskólans í Reykjavík og SA. HR, 2. mars.
- *Þróun símenntunar á Íslandi og í Evrópu – aðgengi og fjármögnun*, ráðstefna sem Rannsóknþjónusta HÍ, menntamálaráðuneytið, SA, ASÍ og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stóðu fyrir, með styrk frá Leonardó, starfsmenntaáætlun ESB. Aðalbygging HÍ, 26. mars.

- *Tvískipting íslensks vinnumarkaðar*, ráðstefna sem lögfræðideild Viðskiptaháskólans á Bifröst stóð fyrir í samstarfi við ASÍ, BSRB, SA og Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Bifröst, 16. apríl.

Auk framangreindra funda og námskeiða tóku Samtök atvinnulífsins þátt í fjölda funda og ráðstefna, meðal annars til að sinna fundarstjórn, flytja erindi og taka þátt í pallborðsumræðum. Þá styrktu samtökin ýmiss konar fundahald á starfsárinu, þar á meðal þriggja daga ráðstefnu norrænu vinnuvistfræðisamtakanna, sem bar yfirskriftina *Hugur og hönd í heimi tækninnar* og var haldin á Grand Hótel Reykjavík dagana 11. – 13. ágúst. Þá má geta þess að SA og ASÍ stóðu sameiginlega að kveðjuhófi fyrir Þóri Einarsson, fyrrverandi ríkissáttasemjara, 25. nóvember í Borgartúni 35.



## 11.5 RANNSÓKNIR OG FLEIRA MEÐ STUÐNINGI SA

Samtök atvinnulífsins styðja við fjölda rannsókna og verkefna af ýmsu tagi. Má þar nefna:

- *Hagnýt viðmið – stjórnæki í fyrirtækjum*. Iðntæknistofnun hefur innleitt aðferðafræði sem auðveldar íslenskum fyrirtækjum að bera rekstur sinn saman við önnur fyrirtæki og taka upp það besta sem þekktist í stjórnun.
- *Global Entrepreneurship Monitor*. Fjölþjóðlegt rannsóknarsamstarf sem gerir okkur kleift að bera saman frumkvöðlastarf hér og erlendis. Háskólinn í Reykjavík fer með framkvæmd fyrir Íslands hönd.
- *Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands*. Vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smárikjarannsókna sem meðal annars er ætlað að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila.
- *Íslensku gæðaverðlaunin*.



# REKSTUR SAMTAKANNA, INNRA STARF OG SKIPULAG



valda á næstu misserum væri að vinna svo úr góðum efnivið, að hann yrði sem flestum til hagsældar til lengri tíma. Hann sagði mikla kaupmáttaraukningu undanfarinna ára að öllum líkindum hafa gengið lengra en æskilegt gæti talist, því hlutur launa og launatengdra gjalda í verðmætasköpuninni væri nú orðinn 70%, en hann væri um 60% í samanburðarlöndum (*nánar er fjallað um þennan hluta ræðu Ingimundar í kafla 3.1*). Þá fjallaði Ingimundur meðal annars um stóriðjuframkvæmdir þær sem framundan eru og sagði stjórnvöld verða að vinna að því að þensluáhrif þeirra, sem að óbreyttu myndu leiða til vaxandi verðbólgu og hækkunar á vöxtum og gengi, yrðu sem allra minnst. Verkefnið í opinberri fjármálastjórn næstu misserin hlyti því að felast í því að koma í veg fyrir hækkun vaxta og gengis krónunnar. Óhjákvæmilegt væri að hægja á útgjaldaaukningunni hjá hinu opinbera.

Þá ávarpaði fundinn Davíð Oddsson forsætisráðherra. Hann sagði hagstjórn á Íslandi verða viðkvæma og flókna á næstu misserum og árum, og að stefnufestu og öryggis verði þörf jafnt á vettvangi ríkisvaldsins sem og hjá forráðamönnum atvinnulífs og launþegasamtaka á landsvísi. Ef vel tækist til myndum við sjá áður óþekktar kjarabætur ganga til fólksins í landinu og trausta afkomu fyrirtækja. Ef illa yrði úr spilað gæti þróunin orðið önnur og lakari. Davíð ræddi um stöðugleikann sem hér hefur ríkt og þakkaði aðilum vinnumarkaðar fyrir þeirra þátt í honum. Sagði hann atbeina aðila vinnumarkaðarins jafnframt oft hafa haft mikil og góð áhrif á lagasetningu og þakkaði það, en að þeir mættu þó ekki ofmetnast og minnti á að hinir lýðræðislega kjörnu fulltrúar hlytu að eiga síðasta orðið. Hann sagði menn nú sem betur fer horfa til framsækinnar kjarasamninga, þar sem samspil launa og skatta og framganga ríkis og löggjafarvalds gæti haft mikla þýðingu. Öllum væri orðið ljóst að 30 – 40 prósent kauphækkun á ári myndi aldrei gera nokkrum manni gagn heldur þvert á móti.

Að loknu ávarpi forsætisráðherra kynnti Ari



## 12.1 STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Nordica hóteli þriðjudaginn 29. apríl 2003. Finnur Geirsson fráfarandi formaður samtakanna setti fundinn kl. 11:30 og var Tryggvi Jónsson kjörinn fundarstjóri. Hann tilnefndi Álfheiði M. Sívertsen sem fundarritara.



## Venjuleg aðalfundarstörf

Finnur Geirsson formaður flutti fundinum skýrslu stjórnar fyrir næstliðið starfsár og þakkaði fyrir samstarfið sem formaður SA frá stofnun samtakanna, en Finnur hafði ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Ari Edwald framkvæmdastjóri SA kynnti reikninga samtakanna og voru þeir samþykktir samhljóða. Þá kynnti Páll Sigurjónsson fundinum niðurstöðu úr beinni póstkosningu formanns SA. Ingimundur Sigurpálsson hafði einn gefið kost á sér til formanns og af 119.037 greiddum atkvæðum voru 96,54% greidd honum. Kosningabáttaka var 54%. Hann var því réttkjörinn formaður starfsárið 2003 til 2004. Umsjón með kosningu og talningu atkvæða hafði kjörstjórn sem skipuð var þeim Geir Magnússyni, Helga Magnússyni og Páli Sigurjónssyni. Þá var samþykkt tillaga kjörstjórnar um 20 menn til setu í stjórn SA starfsárið 2003 til 2004. Loks var samþykkt tillaga fundarstjóra um Stefán Bergsson hjá PricewaterhouseCoopers sem endurskoðanda SA starfsárið 2003 til 2004.



## Opin dagskrá

Opin dagskrá aðalfundar hófst kl. 13:00 með ræðu nýkjörins formanns SA, Ingimundar Sigurpálssonar. Í ræðu sinni sagði Ingimundur Íslendinga standa frammi fyrir spennandi og ögrandi tímum mikilla fjárfestinga og kraftmikils hagvaxtar. Höfudviðfangsefni fulltrúa vinnumarkaðar og stjórn-

## Bættum lífskjörin!

Í tengslum við aðalfund SA 2003 var gefin út skýrslan *Bættum lífskjörin!*, þar sem fjallað er um leiðir til bættra lífskjara með kerfisumbótum. Efni skýrslunnar var í samantekt sett fram sem hér segir:

### Minni reglubyrði, einfaldara eftirlit

Fyrirtæki kvarta undan íþyngjandi reglubyrði af svokölluðum „eftirlitsiðnaði,“ öflun starfsleyfa, innheimtubjónustu fyrir ríkisvaldið og fleira. Beinar greiðslur fyrirtækja vegna „eftirlitsiðnaðarinnar“ eru um 1,6 milljarðar króna á ári og hafa hækkað um 30% á tíu árum á núvirði. Heildarkostnaður þjóðfélagsins er þó mun hærrí fjárhæð, 15 – 40 milljarðar króna ef viðmið ESB um hlutfall af landsframléiðslu eru yfirfærð yfir á Ísland. Draga þarf úr umfangi opinbers eftirlits og einfalda það, til dæmis með aukinni áherslu á innra eftirlit og á samræmingu rekstrarleyfisveitinga á færri hendur. Umbuna ber fyrirtækjum fyrir að taka upp viðurkennd gæðakerfi, til dæmis með þeim hætti að fella niður eftirlitið og tengd gjöld að hluta eða að öllu leyti.

### Lögum um opinberar eftirlitsreglur ekki framfylgt

Við setningu laga og reglna sem varða starfsumhverfi atvinnulífs ber ávallt að hafa lágmarkkostnaðar fyrirtækjanna að leiðarljósi. Við innleiðingu EES-reglna ber þannig að nýta það svigrúm sem reglurnar gefa til aðlögunar að þörfum og hefðum á hverjum stað. Öflugt samráð við atvinnulífð gegnir hér lykilhutverki. Í lagafrumvörpum er oft lagt mat á fjárútlát ríkissjóðs, verði frumvörpin að lögum. Með sama hætti þarf að meta kostnað fyrir atvinnulífð og samfélagið í heild af reglum um eftirlit, líkt og þegar er kveðið á um í lögum um opinberar eftirlitsreglur. Lögum um opinberar eftirlitsreglur eru að mörgu leyti til fyrirmyndar, en að sama skapi er óviðunandi að í reynd er þeim ekki framfylgt. Minni reglubyrði fyrirtækja og hagkvæmari framkvæmd eftirlits stuðlar að hagræðingu í rekstri og þar með samkeppnishæfara atvinnulífi, sem er grunnur að bættum lífskjörum á landinu.

### Skilvirkari vinnumarkaður

Sveigjanlegur vinnumarkaður er lykilforsenda öflugs hagvaxtar og þar með góðra lífskjara. Takmarkanir á sveigjanleikanum draga úr verðmætasköpun þjóðfélagsins. Sveigjanlegur vinnumarkaður á Íslandi hefur skilað mikilli fjölgun starfa og háu atvinnustigi. Þrátt fyrir það á sveigjanleikinn undir högg að sækja.

Almennur vinnumarkaður er sveigjanlegri hér en víðast hvar í Evrópu, en undanfarin ár hefur þó dregið úr sveigjanleikanum, einkum vegna Evrópureglna.

### Sambýlsvandi almenns og opinbers vinnumarkaðar

Íslenskur vinnumarkaður er hins vegar að miklu leyti tvískiptur. Opinberir starfsmenn hafa ýmis réttindi umfram fólk á almennum vinnumarkaði, til dæmis á sviðum lífeyris-, orlofs- og veikindaréttar, auk uppsagnarverndar. Lengi vel var vísað til hærri launa á almennum markaði í þessu sambandi, en þau rök eiga ekki lengur við þar sem laun opinberra starfsmanna hafa nú árum saman hækkað meira en laun á almennum vinnumarkaði. Alvarlegur sambýlsvandi ríkir á hinum tvískipta vinnumarkaði, með ólíka launastefnu og ójöfn réttindi. Ljóst er að þessi þróun getur ekki haldið áfram. Svigrúm til launakostnaðarbreytinga verður að skilgreina í samkeppnisgreinum atvinnulífsins og aðrir að taka mið af þeirri þróun. Opinberi vinnumarkaðurinn er greindur frá hinum almenna vinnumarkaði með lögum frá Alþingi. Eðlilegt er að sérreglur fyrir opinbera starfsmenn verði felldar niður og vinnumarkaðurinn þannig gerður einsleitari.

Stjórnendur opinberra fyrirtækja og stofnana kvarta undan hamlandi starfsumhverfi og telja það meiriháttar mál að segja upp fólki. Þessi takmörkun á stjórnunarréttinum dregur úr hvata starfsfólks til að leggja sig fram og kemur í veg fyrir að stjórnandinn hafi ávallt hæfu fólki á að skipa. Sambýlsvandinn stýður áhersluna á minnkandi vægi opinbers rekstrar og aukid vægi útboða, þjónustusamninga og einkarekstrar.

### Lægra matvælavæð

Viðurkennt er að matvöruverð er allt of hátt á Íslandi. Stuðningur ríkisins við landbúnað stefnir ekki að hámarksnýtingu framleiðsluþátta eða arðsemi í greininni, þar sem erfiðleikar eru miklir og dökkar horfur. Veruleg umskipti eru hins vegar framundan í landbúnaði, ekki síst vegna breytinga sem væntanlegar eru á alþjóðavettvangi.

Kröfur almennra neytenda verða ekki hunsaðar. Lækka þarf matvælavæð og auka fjölbreytni í vöruframboði. Nauðsynlegt er að skilgreina aðlaðandi markmið fyrir matvælaframléiðslu og landbúnað, en meginhagsmunir allra atvinnuvega eru sameiginlegir. Hagkvæmara landbúnaðarkerfi, lægra matvælavæð og fjölbreytilegra framboð á matvælum munu sam-

eiginlega stuðla að stórbættum lífskjörum á landinu. Skipulagsbreytingar í landbúnaði eru ein skilvirkasta leiðin sem þjóðinni er nú fær að því marki.

### Kostir einkarekstrar nýttir í heilbrigðisþjónustu

Opinber útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið mikið á undanföllum árum á Íslandi og er hlutfall þeirra af landsframléiðslu það annað hæsta innan OECD, þótt meðalaldur þjóðarinnar sé með þeim lægsta í þessum löndum. Undanfarin ár hefur hlutur heilbrigðisútgjalda jafnframt vaxið mun hraðar en að jafnaði gerist innan OECD. Umfang og vöxtur heilbrigðiskerfisins er því líkur að leiðir til sparnaðar og hagræðingar í kerfinu hljóta að vera í brennidepli.

Stefnumörkun stjórnvalda er hins vegar ábótavant. Hægt er að nýta kosti samkeppni og einkarekstrar til lækkunar á kostnaði, án þess að hlutur hins opinbera í kostnaði við hvern sjúkling minnki, né heldur gæði þjónustunnar. Aukið vægi þjónustusamninga og greiðsla á grundvelli kostnaðargreiningar sjúkdómstílvika hefur skilað góðum árangri víða í nágrannalöndunum. Stjórnvöld þurfa að láta fara fram gagngera endurskoðun á fjármögnunarleiðum heilbrigðisþjónustunnar, með jákvæða reynslu nágrannalanda að leiðarljósi. Griðarlegir hagsmunir eru í húfi, hvað varðar hagkvæmni í rekstri, skattbyrði og þar með lífskjör þjóðarinnar.

### Áframhald samkeppnis- og þjónustuvæðingar í menntakerfinu

Stefna ber að því að nemendur ljúki grunnskóla ári fyrir en nú er og framhaldsskóla tveimur árum fyrr en nú. Þjóðhagslegur ávinningur af slíkrum breytingu hefur verið metinn á niunda milljarð króna fyrst í stað, sem síðan færi vaxandi. Hagsmunir atvinnulífsins af sum-arvinnu skólafélks standa ekki í vegi fyrir lengingu skólaársins í þessu skyni, sé hún gerð fyrri hluta sumars.

Áfram ber að halda þeirri þróun til samkeppnis- og þjónustuvæðingar í menntakerfinu sem þegar hefur skilað miklum árangri á háskólastigi. Skipting í skólahverfi á að heyra sögunni til á öllum skólastigum. Opinber fjárframlög á að sérmerkja nemendum og þau þannig að renna til þeirra skóla sem nemendur og eftir atvikum foreldrar þeirra velja. Aukin samkeppni í menntakerfinu leiðir til aukinnar fjölbreytni, þjónustu og gæða og þannig til aukinnar framleiðni og bættra lífskjara.

Edwald framkvæmdastjóri SA nýja skýrslu sam-takanna, *Bættum lífskjörin!*, þar sem fjallað er um leiðir til að bæta lífskjörin í landinu með kerfisumbótum. Í henni er fjallað um reglubyrði og opinbert eftirlit, vinnumarkað, matvælavæð og landbúnaðarkerfið, heilbrigðiskerfið, menntakerfið og tengsl þessara sviða við efnahagsstefnu, einkavæðingu og atvinnufrelsi. Ari sagði bætt lífskjör í landinu í raun vera höfuðmarkmið Samtaka atvinnulífsins. Tilefni skýrslunnar tengdist hins vegar því að hlutfall launa af landsframléiðslu þyrfti að lækka og því væri nauðsynlegt að auka

verðmætasköpun og framleiðni, lækka kostnað og minnka sóun. Samantekt skýrslunnar er að finna í ramma hér að ofan.

Að lokum fjallaði Ottheinrich von Weitershausen yfirhagfræðingur BDA, þýsku samtaka atvinnulífsins um orsakir þýska efnahagsvandans. Hverfandi hagvöxtur, mikið atvinnuleysi og lítil atvinnuþátttaka eru sjúkdómseinkenni sem hann rakti fyrst og fremst til sívaxandi útgjalda til félagsmála og til lítills sveigjanleika á þýskum vinnumarkaði. Þar vísaði hann ekki síst til ríkrar uppsagnarverndar, en auk hennar er til dæmis



óbeinn launakostnaður mjög hár, allt að 66%, og atvinnuleysisbætur mjög rausnarlegar.

Erindi úr opinni dagskrá fundarins má nálgast á vef SA, [www.sa.is](http://www.sa.is).

## 12.2 STÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Framkvæmdastjórn stýrir starfsemi SA í samræmi við stefnumörkun stjórnar og hefur undanfarin ár fundað mánaðarlega. Í ljósi þess að yfirstandandi samningstímabil var að renna sitt skeið tóku verkefni tengd endurnýjun kjarasamninga að verða fyrirferðameiri á fundum framkvæmdastjórnarinnar. Í byrjun ársins 2004 var tekin ákvörðun um að funda oftari og var fundað reglulega í hverri viku frá janúarbyrjun fram til þess að fyrsti kjarasamningurinn var undirritaður þann 7. mars 2004. Þannig voru haldnir 12 formlegir fundir í framkvæmdastjórninni á tveggja mánaða tímabili, frá janúar til marsbyrjunar. Auk umfjöllunar um kjaramál var á fundum jafnan fjallað um efnahagsmál og starfsskilyrði atvinnulífsins. Meðal þeirra málefna sem fjallað var um á starfsárinu voru skipulagsmál skrifstofu samtakanna í Brussel, skipulagsmál atvinnurekendasamtaka, samkeppnismál, lífeyrismál, málefni erlends starfsfólks, stækkun EES, stjórnarhættir fyrirtækja.

## 12.3 STÖRF STJÓRNAR

Stjórn SA kom fjórum sinnum saman á starfsárinu. Á fundum hennar var fjallað um áherslur í starfi SA, stefnumörkun samtakanna í kjaramálum og um efnahags- og skattamál.

## 12.4 FULLTRÚARÁÐ SA

Fulltrúaráð SA hefur æðsta vald í málefnum samtakanna milli aðalfunda. Hlutverk þess er að kjósa samtökunum stjórn og vera henni til ráðuneytis

um stefnumörkun eftir því sem stjórnin ákveður hverju sinni. Fulltrúaráð SA fundaði í mars um nýgerða kjarasamninga við Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið, auk þess sem fjallað var um stöðuna í öðrum samningaviðræðum.

## 12.5 FUNDIR MEÐ FRAMKVÆMDASTJÓRUM AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjórn SA og aðildarfélaganna sjö hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum. Á fundunum á síðasta starfsári var jafnan fjallað um efnahags-, skatta- og kjaramál auk fjölda mála sem tengjast starfi samtakanna, rekstri og stefnu. Meðal umfjöllunarefna var lokauppgjör vegna byggingar Borgartúns 35, verkskipting SA og aðildarféлага, samstarf SA og aðildarféлага á sviði umhverfismála, Evrópuskrifstofa SA, stefnumótun samtakanna í rannsókn- og þróunarstarfi og starfsemi Vísinda- og tækniráðs, verkefni sem felur í sér að Ísland verði eitt af fimm löndum sem gerast tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti, verkefnið European Business Test Panel, samráðsnefnd atvinnulífs, ríkis- og sveitarfélaga um viðskiptamál, málefni útlendinga í tengslum við Kárahnjúkavirkjun, breytingar á rafrænlögum, afstöðu samtakanna til samkeppnismála, öryggisgjald flutningsaðila og siglingavernd.

## 12.6 MÁLEFNASTARF SA

Málefnaþópar SA eru níu talsins og fjalla um efnahagsmál, vinnumarkað, skatta, menntun, jafnrétti, umhverfismál, lífeyrismál, samkeppnislög og Evrópu- og alþjóðamál. Hóparnir fundu flestir nokkrum sinnum á starfsárinu, auk þess sem sérstakur hópur var myndaður vegna vinnu við gerð skýrslunnar *Eftirlit með atvinnustarfsemi – tillögur til úrbóta* sem gefin var út í tengslum við aðalfund SA 4. maí 2004 Greint er frá skýrslunni í 11. kafla.

## 12.7 STARFSFÓLK SA

Nokkrar breytingar urðu á skrifstofu samtakanna á starfsárinu. Auður Guðmundsdóttir hóf störf sem móttökuritari og Vilborg H. Júlíusdóttir hóf störf á hagdeild. Ásta Steinsdóttir og Christoph Kuhn létu af störfum hjá samtökunum, sem og Jón Sigurðsson sem tók við embætti Seðlabankastjóra. Sömu leiðis þekktist Guðrún Johnsen boð RAND Corporation um rannsóknarstöðu hjá höfuðstöðvum fyrirtækisins í Santa Monica, Kaliforníu. Eru þeim öllum þökkúð vel unnin störf í þágu samtakanna.

Þá öðlaðist Jón Rúnar Pálsson lögmaður hjá SA réttindi til málflyttings fyrir Hæstarétti og óska samtökin honum til hamingju með áfangann.



## Skipurit Samtaka atvinnulífsins

Helstu hlutverk skrifstofu Samtaka atvinnulífsins eru að hafa fyrir hönd samtakanna umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga, gæta hagsmuna félagsmanna í málaflokkum sem varða atvinnulífið í heild og veita félagsmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir þörfum. Þá hefur hún umsjón með sameiginlegri stefnumótunar- og málefnavinnu innan SA og sér um að fylgja stefnunni eftir með upplýsingamiðlun og öðrum hætti.

Helstu ábyrgðarsvið vinnumarkaðssviðs eru að stuðla að framgangi hagkvæmra lausna á vinnumarkaði sem varðveita sveigjanleika og viðhalda stjórnunarrétti fyrirtækja, stuðla að bættum samskiptum fyrirtækja og starfsmanna, koma í veg fyrir ágreining á vinnustöðum og að leysa úr ágreiningi og stuðla að vinnufriði.




Helstu ábyrgðarsvið stefnumótunar- og samskiptasviðs eru að samtökin sýni frumkvæði og hafi ævinlega skýra stefnu, að tryggja miðlun rétttra upplýsinga um stefnu og starfsemi, byggja upp og viðhalda góðri ímynd SA, og að koma SA í fremstu röð við að nýta upplýsingatækni.

Helstu ábyrgðarsvið hagdeildar eru að bregðast við óskum og kröfum um verkefni af hálfu stjórnar eða annarra eininga innan SA og að færa umræðu um efnahagsmál inn á nýjar brautir þar sem þörf krefur.

Helstu ábyrgðarsvið skrifstofusviðs eru að tryggja skilvirgni í rekstri SA og að veita öðrum sviðum á skrifstofu SA almenna skrifstofuþjónustu.

## Skipurit skrifstofu Samtaka atvinnulífsins





## ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun framkvæmdastjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning 31. desember 2003, sjóðstreymi, yfirlit yfir reikningsskilaaðferðir, skýringar og sundurliðanir. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Samtaka atvinnulífsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fást um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Samtaka atvinnulífsins á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög, samþykktir Samtaka atvinnulífsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 28. mars 2004.

### **PricewaterhouseCoopers hf**


Stefán Bergsson  
lögiltur endurskoðandi



**REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2003**

	2003	2002
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld aðildarféлага	183.744.920	166.385.519
Þjónustusamningar	3.922.550	2.378.419
Styrkur til hag- og tæknideildar	2.400.000	2.300.000
Félagsheimilaskjöldur	3.861.328	3.808.006
Söluhagnaður Garðastræti	0	24.672.667
Þóknun frá Vinnudeilusjóði v. fjárvörslu	2.500.000	2.500.000
Aðrar tekjur	2.494.627	1.151.884
	<u>198.923.425</u>	<u>203.196.495</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	127.947.431	115.359.447
Kostnaður v. funda og móta	15.906.595	13.772.029
Útbreiðslu- og félagsmál	12.558.102	12.768.960
Rekstur húsnæðis og annarra eigna	9.518.169	8.989.562
Fyrningar	9.386.575	10.220.660
	<u>175.316.873</u>	<u>161.110.658</u>
<b>Rekstrarafgangur fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)</b>	23.606.552	42.085.837
<b>Fjármunatekjur og (-gjöld)</b>		
Vaxtatekjur	561.671	754.349
Vextir og verðbætur	(151.328)	(96.527)
	<u>410.344</u>	<u>657.823</u>
<b>Rekstrarafgangur ársins</b>	<u><u>24.016.896</u></u>	<u><u>42.743.660</u></u>

**Greidd árgjöld 2003  
Flokkun eftir atvinnugreinum**



**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2003**

**EIGNIR**

**Fastafjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteign, Borgartún 35 .....	164.742.030	165.362.614
Sumarhús .....	5.373.124	5.485.064
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld ...	14.032.198	17.167.166
	<u>184.147.352</u>	<u>188.014.843</u>

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutur í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins .....	250.000	0
--	---------	---

**Fastafjármunir samtals** ..... 184.397.352 188.014.843

**Veltufjármunir**

Viðskiptamenn .....	2.551.716	14.492.740
Sjóður og bankainnstæður .....	81.309.548	58.883.813
	<u>83.861.264</u>	<u>73.376.553</u>

**Eignir samtals** ..... 268.258.616 261.391.396

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2003**

**EIGIÐ FÉ OG SKULDIR**

**Eigið fé**

Óráðstafað eigið fé .....	258.661.121	234.644.225
Söguritonarsjóður .....	0	288.750
	<u>258.661.121</u>	<u>234.932.975</u>

**Skammtímaskuldir**

Ýmsar skammtímaskuldir .....	9.597.495	9.243.780
Ógreitt vegna Borgartúns 35 .....	0	17.214.641
	<u>9.597.495</u>	<u>26.458.421</u>

**Eigið fé og skuldir samtals** ..... 268.258.616 261.391.396

**ÁRITUN FRAMKVÆMDASTJÓRNAR**

Meðfylgjandi ársreikningar, Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundum þann 29. mars 2004.

F.h. framkvæmdastjórnar,


Ingimundur Sigurpálsson, formaður sign. Ari Edwald, framkvæmdastjóri sign.

# VINNUDEILUSJÓÐUR SA

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2003

	2003	2002
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld aðildarféлага	39.806.280	32.343.538
Húsaleiga	17.253.529	10.657.079
Fjármunatekjur	121.345.179	15.114.652
	<u>178.404.988</u>	<u>58.115.269</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Greiðslur bóta v. vinnudeilna	0	1.405.291
Greiðslur til NEMIA	7.359.561	13.136.033
Stjórnarfundur NEMIA á Íslandi	535.760	0
Rekstrarkostnaður húsnæðis	12.738.064	3.360.145
Þóknun til SA vegna fjárvörslu	2.500.000	2.500.000
Vaxtagjöld, Innh.kostnaður og endurskoðun	2.059.568	49.425
	<u>25.192.954</u>	<u>20.450.893</u>
<b>Rekstrarafgangur</b>	153.212.034	37.664.376
<b>Fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtagjöld langtímaskulda	(3.870.230)	(6.615.825)
<b>Rekstrarafgangur tímabilsins</b>	<u>149.341.804</u>	<u>31.048.551</u>

Skipting verðbréfaeignar  
Vinnudeilusjóðs 31.12. 2003



**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2003**

**EIGNIR**

	2003	2002
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Fasteign	343.543.759	347.798.799
Áhöld, tæki og innréttingar	5.962.544	5.014.480
	<u>349.506.303</u>	<u>352.813.279</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Hlutabréf	656.928.522	414.866.121
Skuldabréf	564.366.574	812.053.346
Næsta árs afborgun skuldabréfa	(42.133.147)	(52.146.190)
	<u>1.179.161.950</u>	<u>1.174.773.277</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	1.528.668.253	1.527.586.556
<b>Veltufjármunir</b>		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	937.575	400.000
Gjaldf. afborganir og vextir skuldabréfa	1.134.546	31.005.533
Næsta árs afborgun skuldabréfa	42.133.147	52.146.190
Bankainnstæður	55.368.620	75.144.038
	<u>99.573.888</u>	<u>158.695.761</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>1.628.242.141</u>	<u>1.686.282.318</u>

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2003**

**EIGIÐ FÉ OG SKULDIR**

	2003	2002
<b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé	1.544.365.169	1.395.023.365
<b>Langtímaskuldir</b>		
Langtímalán í erlendri mynt	0	199.642.021
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Skammtímalán í erlendri mynt	79.575.580	69.037.486
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	2.184.696	14.831.360
Ýmsar skammtímaskuldir	2.116.696	7.748.085
	<u>83.876.972</u>	<u>91.616.931</u>
<b>Skuldir samtals</b>	83.876.972	291.258.952
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>1.628.242.141</u>	<u>1.686.282.318</u>

Samþykkt í stjórn sjóðsins, þann 15. apríl 2004.

# Starfsfólk Samtaka atvinnulífsins



Ari Edwald,  
framkvæmdastjóri



Arndís Arnardóttir,  
ritari



Auður Arnardóttir,  
móttökuritari



Álfheiður M. Sívertsen,  
lögmaður



Erlen Jónsdóttir,  
móttökuritari



Gústaf Adolf Skúlason,  
forstjóri stefnumót-  
unar- og samskiptasviðs



Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri



Helga Jóhannesdóttir,  
bókari



Hrafnhildur Stefánsdóttir,  
yfirlögfræðingur



Jón H. Magnússon,  
lögmaður



Jón Rúnar Pálsson,  
lögmaður



Jónína Gissuraradóttir,  
félagsfræðingur



Kristín Jónsdóttir,  
fjármálastjóri



Kristófer M. Kristinsson,  
forstjóri  
Brusselskrifstofu



Óskar Maríusson,  
efnaverkfræðingur



Ragnar Árnason,  
forstjóri  
vinnumarkaðssviðs



Vilborg H. Júlíusdóttir,  
hagfræðingur

## Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins voru stofnuð í september 1999 sem heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Meginmarkmið SA er að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

## Tvíþætt aðild

Fyrirtæki verður aðili að SA með því að ganga í eitthvert aðildarfélaganna og öðlast þar með tvíþætta aðild. Alls eiga um 2600 fyrirtæki aðild að samtökunum.

Aðildarfélög SA eru sjö og starfa á grundvelli atvinnugreina.

Þau eru:

- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök iðnaðarins
- SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu

### Samtök atvinnulífsins

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími 591 0000  
Myndsendir: 591 0050  
Veffang: [www.sa.is](http://www.sa.is)  
Netfang: [sa@sa.is](mailto:sa@sa.is)

### Evrópuskrifstofa atvinnulífsins

Avenue de Cortenbergh 168  
B-1000 Brussel  
Belgium  
Sími: 322 280 0852  
Myndsendir: 591 0050  
Netfang: [kristofer@sa.is](mailto:kristofer@sa.is)



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Borgartún 35, 105 Reykjavík  
[www.sa.is](http://www.sa.is)